

JAFNINGJAFRÆÐSLAN



2008 - 2009

Efnisyfirlit

1. UPPHAFSORÐ	2
2. JAFNINGJAFRÆDSLAN	3
2.1. Markmið	3
2.2. Hugmyndafræði og saga	4
2.3. Starfsemi	6
2.4. Skipurit	7
2.4.1. Hitt Húsið	7
2.4.2. Íprótta- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar	8
3. VETRARSTARF	9
3.1. Inngangur	9
3.2. Innsetning í starfið	9
3.3. Fræðsla	9
3.4. Heimasíða	10
3.5. Mat á vetrarstarfi	13
3.6. Bókhald	14
3.7. Gögn úr vetrarstarfi	15
4. SUMARSTARF	19
4.1. Inngangur	19
4.2. Ráðningaferli	19
4.3. Jafningjafræðarar	21
4.4. Námskeið	23
4.4.1. Mat á námskeiði	26
4.5. Teymi	35
4.6. Mat á sumarstarfi	36
4.6.1. Mat frá þiggjendum fræðslu	37
4.6.2. Eftirminnilegar umsagnir	43
4.6.3. Mat frá Vinnuskóla Reykjavíkur	44
4.6.4. Mat frá jafningjafræðurum	45
4.7. Svót greining	63
4.7.1. Teymi 1: HAH-hópur	64
4.7.2. Teymi 2: PÁD-hópur	65
4.7.3. Teymi 3: RUT-hópur	66
4.7.4. Edda Sigfúsdóttir	68
4.8. Götuhátíð	69
4.9. Fjölmíðlaumfjöllun sumarstarfs	73
4.10. Fésbók	76
4.11. Lag Jafningjafræðslunnar	76
4.12. Samstarfsaðilar	77
4.13. Bókhald sumarstarfs	81
4.14. Gögn frá sumarstarfi	83
5. LOKAORÐ	116

1. UPPHAFSORÐ



Ég rann blint í sjóinn þegar ég tók við starfi verkefnastjóra í Hinu Húsinu í september árið 2009 því samkvæmt starfslýsingu átti ég að sjá um framkvæmdastjórn í Jafningjafræðslunni. Þetta verkefni kom mér frekar spánskt fyrir sjónir þar sem ég þekkti ekki til starfsemi Jafningjafræðslunnar frá fyrstu hendi. Ég hafði eingöngu óljósa hugmynd um hennar hugmyndafræði og starfsemi þar sem ég ólst upp í Kópavogi og fékk aldrei slíka fræðslu sjálfur. Þessi staðreynd varð síðar kjarninn í þeim breytingum sem ég vil ná fram í starfsemi Jafningjafræðslunnar. Ég vil nefnilega gera hana að afli sem sérhvert íslenskt mannsbarn þekkir til og getur gengið að sem vísu.

Ég hef lært mikið á mínu fyrsta starfsári og ég setti mér fljótlega það markmið að reyna að koma inn með nýjar og ferskar breytingar á starfi Jafningjafræðslunnar. Ég held í vonina um að málshátturinn sem kveður á um að glögg sé gests augað reynist vera réttur í þessu samhengi.

Fyrsta grundvallarbreytingin er sú að ég hef ákveðið að breyta út af vananum og gera ítarlega árskýrslu um starf Jafningjafræðslunnar en ekki skrifa eingöngu skýrslu um sumarstarfið líkt og tíðkast hefur hingað til. Ástæðan fyrir þessu er sú að ég vil auka starf Jafningjafræðslunnar yfir vetrartímann og gera hana að öflugara heils árs verkefni heldur en hún hefur verið síðastliðin ár. Einnig tel ég að það vanti upplýsingar um vetrarstarf Jafningjafræðslunnar frá fyrri árum. Ég tel það ekki vera vænlegt til árangurs að nýtt fólk sé í sífellu að finna upp sama hjólið þá vil ég með þessu nýja skipulagi koma í veg fyrir að dýrmæt reynsla hverfi út í loftið.

Skýrsla þessi er unnin við lok sumarstarfs Jafningjafræðslunnar sumarið 2009. Allir helstu þættir varðandi starf Jafningjafræðslunnar á tímabilinu sept.-ágúst árið 2009 koma fram í þessari skýrslu. Skýrslan skiptist upp í fimm hluta: Upphafsorð, almenn umfjöllun um Jafningjafræðsluna, vetrarstarf, sumarstarf og lokaorð. Þar sem skýrslan er mjög ítarleg og þar af leiðandi frekar löng þá hvet ég alla til að nýta sér efnisyfirlitið óspart.

Ég vona að þessi skýrsla verði þeim sem lesa hana bæði til gagns og gamans.

Takk fyrir mig

Jón Heiðar Gunnarsson

Framkvæmdastjóri Jafningjafræðslu

2. JAFNINGJAFRÆÐSLAN

2.1. Markmið

- A)** Að styrkja einstaklinginn sem persónu og hvetja hann til þess að takast á við erfiðar aðstæður á jákvæðan hátt, án þess að nota áfengi eða önnur vímuefni sem lausn á vandamálum.
- B)** Að vinna að forvörnum gegn áhættuhegðun ungs fólks eins og t.d. drykkju og vímuefnanotkun. Fjöllum einnig um sjálfsmynd, kynfræðslu, ofbeldi, kynferðisofbeldi, átraskanir, tölvufíkn og hvað það sem við teljum vera áríðandi að taka fyrir hverju sinni.
- C)** Að efla vitund ungs fólks með fræðslu, forvarnarstarfi og uppákomum.
- D)** Að efla fólk gegn hópþrýstingi og sjálfsþrýstingi.
- E)** Að hvetja ungt fólk til þess að bera ábyrgð og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- F)** Að hvetja ungt fólk til að virða mörk annarra og hugsa út í hvar þeirra eigin mörk liggja.
- G)** Að efla hópinn sem ekki notar vímuefni, annars vegar með starfi inni í framhaldsskólum og hins vegar með vímulausum uppákomum.
- H)** Að bjóða ungu fólki upp á jákvæðar og uppbyggjandi fyrirmyndir.
- I)** Að þjálfar upp hæfa leiðbeinendur sem eru færir um að sinna ofangreindum atriðum.
- J)** Að meta starfið og vera í sífelldri þróun svo að við náum að aðlagast okkur að unglingamenningu og tíðaranda hverju sinni.



2.2. Hugmyndafræði og saga



Jafningjafræðsla framhaldskólanna var stofnuð á Íslandi árið 1996 af menntaskólanemum sem studdu sig við danska fyrirmynd. Upphaflega var Jafningjafræðslan stofnuð til að sporna við og draga úr neyslu vímuefna en á þessum tíma hafði fíkniefnanotkun skyndilega aukist hér heima. Stuttu áður en Jafningjafræðslan var stofnuð á Íslandi svipti 17 ára drengur sig lífi eftir að hafa neytt e-pillu kvöldið áður.

Hugmyndafræði okkar er í stuttu máli sú að "ungur fræðir unga". Það sem felst í þessu er að forvarnir eru unnar af ungu fólki fyrir ungt fólk. Þessi hugmyndafræði hefur verið notuð lengi og það er t.d. talið að jafningjafræðsla hafi verið notuð sem kennsluaðferð á 18. öld. Út um allan heim eru til verkefni sem byggja á þessari hugmyndafræði og má þar t.d. nefna verkefni í Saudi Arabíu og Senegal. Fjölbreytileiki starfandi verkefna sem byggja á þessari hugmyndafræði er mjög mikill. Þó er í flestum

tilfellum unnið að kennslu eða forvörnum gegn ýmskonar heilsufarslegum vandamálum s.s. HIV smiti, óábyrgri kynlífshegðun, vímuefnaneyslu o.fl.

Starfsemi Jafningjafræðslunnar á Íslandi hefur breyst mikið í takt við tíðarandann og í dag er Jafningjafræðslan rekin af Hinu Húsinu í Reykjavík. Fyrstu árin eftir að Jafningjafræðslan var stofnuð var aðallega einblínt á fíkniefnaforvarnir en í seinni tíð hefur einnig verið lögð áhersla á sjálfsmynd ungs fólks og leitast við að styrkja hana og efla. Helsta ástæðan er sú að ýmsir fræðimenn telja að ýmis áhættuhegðun tengist sterklega slakri sjálfsmynd. Sterk sjálfsmynd er besta veganestið sem unglingar fá út í lífið þar sem hún eykur velgengni og vellíðan. Með því að styrkja sjálfsmyndina þá náum við m.a. að forvörnum gegn óábyrgri áfengisneyslu, gegn vímuefnaneyslu, ótímabæru brottfalli úr skóla, ofbeldi, óábyrgu kynlífi og geðheilsubrestum o.s.frv.

Fræðsla Jafningjafræðslunnar er gagnvirk og unnin á jafnréttisgrundvelli þar sem allir íslenskir fræðarar eru sjálfir á aldrinum 17-21 árs. Jafningjafræðarar klæða sig á svipaðan hátt, hegða sér á svipaðan hátt og hafa svipaðan reynsluheim og ungmennin sem þau eru að fræða. Rannsóknir sýna nefnilega að ungt fólk er móttækilegra fyrir boðskap frá fólki sem er á svipuðu aldursbili og þau sjálf heldur en frá eldra fólki. Ungmennin samsama sig með fræðurunum, hlusta frekar og eru óhræddari við að tjá sig við slíkar aðstæður heldur en þegar eldra fólk predikar yfir þeim. Jafningjafræðarar eru einstaklingar sem eiga auðvelt með að ná til fólks, eru sjálfsöruggir og jákvæðar fyrirmyndir. Valdir eru einstaklingar sem að önnur ungmenni vilja líkjast. Þar sem Ísland er lítið samfélag þá er gríðarlega mikilvægt að jafningjafræðarar séu einnig góðar fyrirmyndir í sínu einkalífi og stundi sjálf það lífni sem þau boða. Þetta er það sem oft er kallað tvöföld virkni Jafningjafræðslunnar, samræðurnar annars vegar og virkni fyrirmynnda hins vegar.

Störf jafningjafræðara eru mjög eftirsóknarverð hjá ungu fólki og allir fræðarar þurfa að gangast í gegnum strangt ráðningarferli og inntökupróf. Árlega þurfa margir hæfir einstaklingar frá að hverfa í ráðningarferlinu og í ár sóttu til að mynda 500 ungmenni um 9 lausar stöður hjá Jafningjafræðslunni .



Starfið er mjög krefjandi og fræðarar verða að vera vel í stakk búnir til að taka á móti fyrirspurnum af ýmsu tagi og þess vegna hljóta þeir tveggja vikna þjálfun áður en lagt er upp í fræðslu. Á undirbúningsnámskeiðinu eru kennd ýmis hagnýt fræði frá fagaðilum ásamt því að fræðarar eru þjálfaðir í raddbeitingu og framkomu.

Við bjóðum ungmennum upp góða og hnitmiðaða fræðslu í félagsmiðstöðvum, grunnskólum, framhaldsskólum og í vinnuskólum ásamt því að skipuleggja vímulausar upptökur af ýmsu tagi. Við fræðum ungmenninginn um margvísleg málefni, svörum spurningum og brjótum daginn upp með skemmtilegum og fræðandi hópeflisleikjum. Við bjóðum ungmennum upp á fræðslu þar sem fram koma rök sem mæla með heilbrigðum lífstíl og gegn skaðlegri hegðun. Í fræðslu er bent á gildi góðrar sjálfsmyndar og heilbrigðs lífsstíls, ókosti vímuefnaneyslu auk þess sem fólk er styrkt til að standast hópþrýsting (að betra sé að sleppa heldur en að prófa). Fræðslunnar okkar eru mjög gefandi fyrir ungt fólk þar sem þau fá sjálf að láta ljós sitt skína í umræðunum og í hópeflinu. Þátttakendur taka með sér í veganesti jákvæðan, uppbyggilegan og þroskandi lærdóm sem þau geta svo vonandi nýtt sér í sínu eigin lífi.

Starf Jafningjafræðslunnar hefur tvímælaust skilað góðum árangri í gegnum árin. Unglingar hafa margir hverjir mótað skoðanir sínar um mikilvæg málefni í framhaldi af fræðslu frá okkur og við höfum fengið að heyra fjölmargar reynslusögur þar sem fram kemur að fólk hafi snúið lífi sínu til betra horfs eftir að hafa fengið Jafningjafræðsluna í heimsókn. Þá segjast margir hafa fundið styrkinn til að segja nei við hópþrýstingi í framhaldi af fræðslu frá okkur. Að okkar mati þá er gríðarlega mikil þörf fyrir jafningjafræðslu hjá ungmennum í nútímasamfélagi og við teljum að allir eigi rétt á a.m.k. einni slíkri fræðslu á sínum unglingsárum. Reynsla okkar sýnir að það eru gríðarlega miklar ranghugmyndir í gangi hjá ungu fólki varðandi t.d. kannabis og áfengi en við leiðréttum slíkar ranghugmyndir í hverri einustu fræðslu.

2.3. Starfsemi

Sumarstarf

Undanfarin sumur hefur Jafningjafræðslan verið með um eða yfir 10 starfsmenn í vinnu yfir sumartímann, og frætt og spjallað við fjöldann allan af ungmennum um allt land, við góðan orðstír. Aðal markhópurinn okkar yfir sumartíminn eru ungmenni í Vinnuskóla Reykjavíkur en við höfum átt í farsælu samstarfi við hann síðustu sumur ásamt tilfallandi verkefnum hverju sinni.

Vetrarstarf

Vetrarstarf Jafningjafræðslunnar hefur jafnt og þétt verið að færast í aukana síðastliðin ár. Við höldum fjölmargar fræðslu í framhaldsskólum og grunnskólum þar sem við höldum fræðslu um sjálfsmynd og vímuefni fyrir ungmenni í fyrsta bekk í samráði við forvarnafulltrúa og lífsleiknikennara. Ásamt því höfum við haldið fræðslu við góðan orðstír í félagsmiðstöðvum um allt land.

Sveitaferðir

Árlega hafa verið farnar hringferðir/sveitaferðir um landið en þar hittum við fyrir ungmenni á ýmsum stöðum á landinu. Þessar ferðir hafa gefist einkar vel og móttökurnar hafa verið frábærar. Á sumum viðkomustöðum í hringferðinni er Jafningjafræðslan eina fræðslan sem er í boði sem vinnur gegn áfengis- og vímuefnaneyslu ungs fólks. Markmið næstu ára er að koma á formlegu samstarfi til framtíðar við önnur sveitafélög.


Vímulausar uppákomur

Forvarnir snúast ekki eingöngu um fræðslu. Vímulausar skemmtanir teljast einnig til forvarna og eru í raun mjög mikilvægur þáttur forvarnastarfs. Uppákomur sem hvetja ungt fólk til þess að hittast og skemmta sér án vímugjafa gegna þar mikilvægu hlutverki. Í gegn um tíðina hefur Jafningjafræðslan staðið fyrir uppákomum af ýmsum toga. Má þar nefna götuhátíð í miðbæ Reykjavíkur sem er orðin að árlegum viðburði, tónleika, sundlaugapartý, hjólabrettamót o.fl.

Útgefið efni

Jákvæð umfjöllun er af hinu góða og við leggjum okkar metnað í það að vera sýnileg út á við. Barmmerkjum með spurningunum; hugsar þú? og hver ert þú? var dreift á meðal ungs fólks síðasta sumar. Póstkort hafa verið notuð til hins sama, enda frekar ódýr leið miðað við margt annað. Höfum við gefið út slík kort barmerki í gegnum tíðina, og lukkast vel til. Draumurinn er að geta gefið út fræðsluefni, auglýsingar og kynningu á Jafningjafræðslunni og hugmyndafræði hennar.

2.4. Skipurit



2.4.1. Hitt Húsið



Jafningjafræðslan er rekin af Hinu Húsinu. Þetta fyrirkomulag hefur gefið mjög góða raun síðustu ár. Öll aðstaða er til fyrirmyndar í Hinu Húsinu og það ríkir sérstaklega góður andi í húsinu sem skapar gott starfsumhverfi. Innan Hins Hússins sér ráðgjafadeildin alfarið um rekstur Jafningjafræðslunnar.

Hitt Húsið tilheyrir Íþróttta- og tómstundasviði Reykjavíkur. Hitt Húsið var stofnað af Íþróttta- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar árið 1991 fyrir ungt fólk á aldrinum 16- 25 ára. Í fyrstu var Hitt Húsið staðsett í gamla skemmtistaðnum Þórskaffi í Brautarholti og var að mestu leyti rekið sem dansstaður fyrir ungt fólk. Fljótlega kom í ljós að ungt fólk vildi aðstöðu fyrir innihaldsríkari og uppbyggilegri starfsemi á sviði lista, menningar og fræðslu. Frá þeim tíma hefur Hitt Húsið þróast í menningar- og upplýsingamiðstöð ungs fólks. Haustið 2008 var nafninu breytt í Hitt Húsið, miðstöð ungs fólks.

Markús H. Guðmundsson er forstöðumaður Hins Hússins og Ragnheiður Árnadóttir er rekstrarstjóri. Rósa Björk Sigurðardóttir er deildarstjóri ráðgjafadeildar Hins Hússins og Jón Heiðar Gunnarsson er

verkefnastjóri ráðgjafadeildar ásamt því að sinna stöðu framkvæmdarstjóra Jafningjafræðslunnar. Edda Sigfúsdóttir er ráðinn inn sem millistjórnandi Jafningjafræðslunnar yfir sumartímann en hún sinnir almennum fræðara störfum yfir vetrartímann meðfram skólagöngu sinni. Fyrir utan Eddu þá réðum við inn tvö fræðara frá fyrri árum til að sinna vetrarstarfinu en nánar er fjallað um þá í kaflanum um vetrarstarfið. Þá réðum við inn níu ungmenni til að sinna stöðu jafningjafræðara yfir sumartímann en nánar verður fjallað um þau í kaflanum um sumarstarfið.

2.4.2. Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar

Eins og áður kom fram þá heyrir Hitt Húsið undir Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar (ÍTR). ÍTR stendur fyrir umfangsmikilli þjónustu fyrir borgarbúa á vettvangi frítímans. Reykjavík er skipt upp í 6 þjónustusvæði og í hverju þeirra rekur ÍTR frístundamiðstöð sem starfrækir frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, frístundaklúbba og tómstundastarf fyrir 10 - 12 ára börn. Fyrir utan Hitt Húsið þá rekur ÍTR ennfremur sundlaugar, sumargrín, smíðavelli, íþróttahús og íþróttamiðstöðvar, sparkvelli og skíðabrekkur í hverjum borgarinnar. Þá er Siglingaklúbbur í Nauthólsvík og Ylströnd rekin af ÍTR og að auki taka starfsmenn taka starfsmenn ÍTR þátt í skipulagningu og framkvæmd fjölbreyttra verkefna sem varða frístunda-, íþrótt-, menningar- og forvarnastarf í Reykjavík.

Eftirfarandi aðilar skipa Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur : Kjartan Magnússon, formaður, Björn Gíslason, Valgerður Sveinsdóttir, Sigfús Ægir Árnason, Stefán J. Stefánsson, Oddný Sturludóttir og Sóley Tómasdóttir. Varafulltrúar ráðsins eru : Bolli Thoroddsen, Kristinn Jónsson, Snorri Þorvaldsson, Þórunn Benný Birgisdóttir, Felix Bergsson, Eva Bjarnadóttir og Hermann Valsson.

Eftirfarandi aðilar starfa á skrifstofu ÍTR : Anna Garðarsdóttir, bókhaldsfulltrúi, Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir, verkefnisstjóri, Ásdís Ásbjörnsdóttir, mannauðsráðgjafi, Bragi Þór Bjarnason, fjármálastjóri, Eygló Rúnarsdóttir, verkefnisstjóri, Gísli Árni Eggertsson, skrifstofustjóri, Helga Björnsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu framkvæmdastjóra, Jóhanna Garðarsdóttir, forstöðumaður tæknimála, Ólafur Gunnarsson, tæknistjóri sundlauga, Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri, Ragnheiður Stefánsdóttir, aðstoðarstarfsmannastjóri, Ragnhildur Helgadóttir, mannréttindafulltrúi, Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri barnastarfs, Snorri Jóelsson, starfsmannastjóri, Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tómstundamála, Sólveig Valgeirsdóttir, verkefnisstjóri frístundakorta, Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri íþróttamála, Svala Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri og Sverrir Friðþjófsson, rekstrarstjóri.

3. VETRARSTARF

3.1. Inngangur

Vetrarstarfið hefur ávallt verið mun minna í sniðum heldur en sumarstarfið og í ár varð engin breyting á þeirri reglu. Í raun og veru má segja að vetrarstarf Jafningjafræðslunnar hafi verið þrískipt. Í fyrsta lagi fór hluti af vetrinum í það að lesa mig til og kynna mér málefni Jafningjafræðslunnar. Í öðru lagi fórum við af stað með fræðslupakka fyrir fyrsta árs nema í framhaldsskólum og ungmenni í félagsmiðstöðvum þar sem aðal áhersla var lögð á fræðslu sem lögðu aðal áherslu á sjálfsmynd og fíkniefni. Í þriðja lagi tók ég mig til og endurskipulagði heimasíðu Jafningjafræðslunnar sem var því miður ekki í nægjanlega góðu ástandi. Ég kem til með að fjalla lítillega um hvern og einn ofangreindan lið.

3.2. Innsetning í starfið

Þar sem ég hafði lítil sem engin fyrri kynni af störfum Jafningjafræðslunnar þá var fyrsta mál á dagskrá hjá mér að sökkva mér ofan í málefnið og kynna mér það í þaula. Sem betur fer er til mikið magn af lokaskýrslum Jafningjafræðslunnar frá fyrri árum ásamt ýmsum tölvutækum gögnum um starfsemi hennar sem ég gat nýtt mér. Ég tel þessi gögn hafa mikið sögulegt gildi og þess vegna er mikilvægt að tryggja að þau séu geymd til frambúðar svo öll þessi kunnátta og reynsla sem skapast hefur í áranna rás hverfi ekki út í buskann ef eitthvað skyldi koma upp á. Þess vegna verður næsta mál á dagskrá eftir að þessari skýrslugerð er lokið af að skanna inn allar eldri lokaskýrslur inn á tölvutækt form og geyma þær á sameiginlegu tölvudrifi hjá Reykjavíkurborg.

Ég varð fljótlega mjög heillaður af hugmyndafræði Jafningjafræðslunnar og tel hana hafa upp á margt að bjóða eins og sést betur í úttekt á starfi hennar hér á eftir.

3.3. Fræðsla

Ég hóf ekki störf fyrr en í seinni hluta september og þá vorum við orðin of sein til að sækja um laus pláss í lífsleiknitímum framhaldsskólanna en þessir tímar eru oft ansi þétt skipulagðir. Fljótlega eftir að ég byrjaði setti ég mig í samband við Eddu Sigfúsdóttir, reynslumesta starfsmann Jafningjafræðslunnar frá upphafi, og við ákváðum að búa til fræðslupakka um sjálfsmynd og vímuefni fyrir fyrstaársnema í framhaldsskólum. Ástæðan fyrir því að við völdum þennan aldur er sú að við teljum þennan hóp vera mikinn áhættuhóp þar sem hann er ómótaður og er að taka sín fyrstu skref í framhaldsskóla.

Það fór mikil vinna í að hringja í forvarnarfulltrúa og lífsleiknikennara í framhaldsskólum. Það gekk misjafnlega vel að ná í þessa aðila. Eftir mikla vinnu þá tókst okkur að troða okkur inn í lífleiknitíma í nokkrum skólum og einnig hjá nokkrum félagsmiðstöðvum. Edda Sigfúsdóttir sá um að fræða og tók með sér annaðhvort þá Ívar Sveinbjörn Schram eða Rúnar Stein Benediktsson með sér í fræðslu en þeir hafa báðir starfað sem Jafningjafræðarar. Við teljum líklegra til árangurs að vera með fræðara af báðum kynjum til að ná að höfða til sem flestra á jafningjagrundvelli.

Eftirfarandi skólar fengu jafningjafræðslu í betur: Fjölbrautarskólinn við Ármúla, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Sund, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Verslunarskóli Íslands. Eftirfarandi félagsmiðstöðvar fengu jafningjafræðslu: Frostaskjól, Holtið, Tían, Hólmasel, Miðberg og Nagyn (hægt er að skoða dagskrá nánar í kafla 3.7). Í heildina náðum við að fræða um 1.100 ungmenni í vetrarstarfinu. Fræðsla í skólum tekur 40-80 mínútur en fræðsla í félagsmiðstöðvum stendur yfir í 2-3 klukkutíma.

3.4. Heimasíða

Heimasíða Jafningjafræðslunnar var því miður langt frá því að vera nægilega góð er ég tók við í starfinu í september. Síðan var ruglingsleg, illa skipulögð og óaðgengileg. Þar fyrir utan þá virtist vera stofnuð ný heimasíða á hverju einasta ári síðastliðin 3 ár og þessar síður voru nánast eingöngu uppfærðar yfir sumartímann.


Þetta tel ég vera langt frá því að vera ásættanlegt fyrir jafn hugmyndaríka starfsemi og Jafningjafræðslan býður upp. Heimasíða er helsta andlit samtakanna út á við og þess vegna tel ég útlit hennar skipta gríðarlega miklu máli varðandi trúverðugleika og ytra kynningarstarf. Ég lagði mikla áherslu og vinnu í að taka hana í gegn. Eftir töluverða hugmyndavinnu, setti ég mig í sambandi við AP Media og í sameiningu tókst okkur að gera nauðsynlegar endurbætur á síðunni með mjög litlum tilkostnaði. Þessar endurbætur verða reifaðar hér fyrir neðan í stuttu máli.

Ég ákvað að hörfa frá þeirri reynslu síðustu ára þar sem ávallt var opnuð ný síða fyrir hvert sumar. Ég vil frekar hafa eina öfluga síðu sem stendur ein og sér sem andlit Jafningjafræðslunnar út á við óháð árstíðum. Við tókum öll helstu gögn sem voru inn á fyrri heimasíðum (upplýsingar um fræðara, greinar o.fl.) og flutti yfir í eina heildræna mynd á nýju heimasíðuna en áður voru þessar upplýsingar á þremur mismunandi síðum. Við lokuðum þessum fyrri síðum þar sem allur þessi fjöldi heimasíða virkaði mjög ruglingslega.

Við tókum út bloggið sem var á gömlu síðunni og ætlum einbeita okkur að því að nota síðuna sem öfluga og lifandi fréttasíðu sem uppfæriskokkrum sinnum í viku, allt árið um kring. Ég gerði síðuna einnig sjónrænni heldur en hún var því nútíma ungmenni nenna oft ekki að skoða síður ef þær eru ekki sjónrænar. Í þessari viðleitni minni keypti ég ódýrar ljósmyndir sem ég vil gera sem ég vil gera að einkennismyndum fyrir Jafningjafræðsluna á næstu árum (hægt er að skoða myndirnar í kafla 3.7.). Myndirnar fann ég inn á ungverskri heimasíðu sem selur myndir til grafískra hönnuða. Á meðal annarra nýjunga má nefna að ég bætti við lið þar sem fram koma hverjir eru velunnarar Jafningjafræðslunnar og tilgreindi þar einnig hvað þarf að gera til að verða velunnari okkar. Ég bætti einnig við fræðslu, tölfræðiupplýsingum úr ESPAD rannsókninni um vímuefnaneyslu ungmenna, verðskrá og umsögnum frá þiggjendum fræðslunnar. Þá setti ég einnig inn „myndbanda-lið“ á heimasíðuna þar sem ég setti inn hin ýmsu „you tube“ - myndbönd er tengjast forvörnum til að gera síðuna sjónrænni og skemmtilegri. Vert er að taka fram að þessi myndbönd verða að vera vönduð, ábyrg og samþykkt af starfsfólki Jafningjafræðslunnar.

Ég fékk svo starfsmenn AP Media með mér í lið til að breyta heildarútliti síðunnar. Við hönnuðum nýjan haus á síðuna, breytum útliti og gerðum síðuna alla aðgengilegri og beinskeyttari. Við tókum út flokka og einfölduðum valmynd á síðu ásamt því að breyta grundvallarskipulagi á síðunni þar sem allar upplýsingar voru gerðar aðgengilegri. Þá endurskrifaði ég og bætti allan texta þar sem fram komu upplýsingar um Jafningjafræðsluna.

Í heildina má segja að ég hafi gert grundvallarbreytingar á heildar-skipulagi síðunnar, bætt við efni og gert hana skýrari og aðgengilegri. Breytingarnar tókust mjög vel og AP Media á heiður skilinn fyrir gott samstarf, velvilja og hagstætt verðtilboð. Ég tel breytingarnar hafa skilað tilætluðum árangri og heimsóknir á heimasíðuna jukust mikið í kjölfarið. Á næstu blaðsíðum gefur að líta tölfræði og upplýsingar er verða heimasíðuna. Þar sést glögglega mikil aukning á heimsóknarfjölda í kjölfar breytinganna í apríl en vert er þó að taka fram að mesta umferðin á síðuna er ávallt yfir sumartímann.



Summary by Month										
Month	Daily Avg				Monthly Totals					
	Hits	Files	Pages	Visits	Sites	KBytes	Visits	Pages	Files	Hits
Sep 2009	2401	1839	859	181	789	185863	1452	6874	14718	19213
Aug 2009	3198	2351	1106	239	2702	1502166	7426	34292	72882	99150
Jul 2009	4656	3073	1279	184	2480	2506469	5721	39676	95287	144363
Jun 2009	5401	3444	1486	167	2437	2378013	5024	44600	103340	162044
May 2009	4568	2556	1370	155	2088	1241745	4822	42471	79254	141635
Apr 2009	1189	925	519	118	1219	315599	3566	15570	27754	35686
Mar 2009	1563	1306	457	129	1200	479665	4012	14195	40486	48479
Feb 2009	999	848	441	158	1216	307709	4432	12373	23759	27996
Jan 2009	928	820	408	148	1217	321573	4612	12652	25450	28768
Dec 2008	851	744	408	151	1253	288797	4692	12676	23094	26398
Nov 2008	1201	1024	535	159	1423	407890	4774	16069	30726	36045
Oct 2008	1045	857	473	164	1199	432666	5096	14683	26584	32422
Totals						10368155	55629	266131	563334	802199

3.5. Mat á vetrarstarfi



Mikil almenn ánægja ríkti í félagsmiðstöðvum og í þeim skólum sem við sóttum heim yfir vetrartímann. Oftast nær fjölluðu umræður mikið um skaðsemi kannabis og áfengis. Það virðast vera í gangi miklar ranghugmyndir hjá mörgu ungu fólki um þessi málefni. Okkur tókst í hverri einustu fræðslu í vetur að leiðrétta slíkar ranghugmyndir.

Þrátt fyrir þennan árangur þá er engu að síður margt sem má betur fara í vetrarstarfinu. Hingað til virðist hafa vantað meira skipulag og sýn á verkefnið sem heilsárs verkefni til að ná fram bættu vetrarstarfi. Hingað til hefur Jafningjafræðslan verið allt of mikið hugsuð sem eingöngu sumarverkefni að mínu mati og þessu vil ég breyta. Ég vil koma Jafningjafræðslunni meira inn í starf framhaldskólanna yfir vetrartímann þar sem gæti t.d. verið virkt jafningjafræðsluráð í hverjum skóla eða eitthvað slíkt. Þetta yrði dálítið skref aftur til grundvallarhugsjóna Jafningjafræðslunnar þar sem að hún var í fyrstu rekin af framhaldsskólanemendum sjálfum. Ég tel þó miðlæga stjórnun frá Hinu Húsinu vera nauðsynlega til að halda skipulagi og yfirsýn yfir verkefnið.

Það þarf að sækja fyrr um að fá að halda fræðslu í lífsleiknitímum í skólum þar sem mikil aðsókn virðist vera í þessa tíma. Það þarf að sækja um þetta strax í ágúst. Það þarf einnig að leggja meira þúður í heimasíðuna til að gera hana sjónrænni og skemmtilegri fyrir ungt fólk. Ef okkur tekst að tryggja okkur fjármagn til slíkra verka þá væri virkilega skemmtilegt að geta sett upp „flash“ – teiknimyndir um vímuefni og „flash“ – teiknimyndir um áhrif vímuefna á heilann. Ég tel vera mikla þörf á íslenskum netmarkaði fyrir slíka síðu þar sem að nóg er til af síðum sem hygla áfengis- og vímuefnaneyslu.

Þá vantar okkur fjármagn til að geta haldið úti öflugum fræðslustarfi. Allur launakostnaður fræðara er greiddur af Hinu Húsinu því við ákváðum að rukka ekki framhaldsskólana fyrir fræðsluna og félagsmiðstöðvar borguðu lágmarkskostnað fyrir fræðslu. Þar erum við komnir á grundvallarvanda vetrarstarfsins sem að einkennir allan veturinn en það er fjármagnsskortur. Aðal verkefni Jafningjafræðslunnar yfir vetrartímann er því tryggja sér fjárhagslegan bakgrunn til að geta haldið úti öflugum vetrarstarfi en slíkt fjármagn hefur verið að skorum skammti hingað til. Fyrir næsta vetur er því nauðsynlegt að sækja um styrki en í ljósi ástandsins í samfélaginu er óhætt að lofa því að fjármagn Jafningjafræðslunnar verður að skorum skammti á næsta ári.

3.6. Bókhald

Þar sem forveri minn tjáði sig um að skólar drægju að sér hendur ef rukkað væri fyrir fræðslu þá ákváðum við að rukka ekki skólanna fyrir fræðsluna að þessu sinni. Ráðgjafadeild Hins Hússins borgaði kostnaðinn sem fylgdi vetrarstarfinu. Við rukkuðum félagsmiðstöðvar hinsvegar um 5000 kr. á fræðara fyrir fræðsluna. Þessi borgun fór upp í kostnað fyrir fræðaranna við að koma sér á staðinn og annað slíkt. Verkmenntaskólinn á Akureyri var eini skólinn sem borgaði fyrir fræðsluna. Ástæðan fyrir því er sú að Edda þurfti að leggja á sig ferðalag norður og gisti í höfuðstað norðurlands í eina nótt til að geta flutt fræðslu í Verkmenntaskólanum. Hér fyrir neðan má sjá heildaryfirlit fyrir bókhald vetrarstarfsins. Allar launagreiðslur fyrir vetrarstarf voru í formi verktakagreiðslna.

Kostnaður vegna vetrarstarfs	
Edda - launakostnaður (eftir áramót)	56.100
Edda - launakostnaður (fyrir áramót)	64.750
Ívar – launakostnaður	12.400
Rúnar – launakostnaður	10.000
AP Media - endurbætur f. Heimasíðu	50.000
AP Media - hýsing á heimasíðu (janúar - maí)	10.000
Samtals	203.250

Innkoma fyrir vetrarstarf	
Frostaskjól félagsmiðstöð	10.000
Holtið félagsmiðstöð	5.000
Tían/Ársel félagsmiðstöð	5000
Miðberg félagsmiðstöð	5.000
Hólmasel félagsmiðstöð	5.000
Nagyn félagsmiðstöð	5.000
Verkmenntaskólinn á Akureyri	15.000
Samtals	50.000

Heildarkostnaður vetrarstarfs :203.250 kr.

Heildarinnkoma vetrarstarfs: 50.000 kr.

Heildaruppgjör/lokatala : - 153.250 kr.

Vert er að taka fram að inn í þessa tölu vantar launakostnað hjá undirrituðum. Ég ákvað að taka hana ekki með í reikninginn að þessu sinni þar sem Jafningjafræðslan er eingöngu eitt verkefni af mörgum sem ég vinn við yfir vetrartímann samhliða skyldum mínum sem verkefnastjóri hjá Hinu Húsinu. Yfir sumartímann er ég hinsvegar eingöngu við störf sem framkvæmdarstjóri Jafningjafræðslunnar og því er minn launakostnaður tekinn með í sumarstarfið.

Eins og sést á ofangreindum tölum þá er nauðsynlegt að fá inn meira fjármagn fyrir vetrarstarfið til að halda því öflugu.

3.7 Gögn úr vetrarstarfi

Birtist í eftirfarandi röð: Frétt um Jafningjafræðsluna tekin af heimasíðu Frosta og grafískar myndir fyrir heimasíðu.

Frétt af heimasíðu Frosta

FÉLAGSMÍÐSTÖÐ

Frosti

Um Frosta

Opnunartími

Fréttir

Myndir

Starfsfólk

Skoðanir

Vídeókrókurinn

FROSTROKK

Jafningjafræðsla fyrir stelpur í kvöld
Í kvöld mun jafningjafræðslan koma í heimsókn í Frostaskjól. Við ætlum að hittast klukkan 19:00 og elda saman og svo mun Edda frá jafningjafræðslunni koma og ræða málin og fara í hressa leiki. Rætt verður um vímuefni og kynlíf og fleira sem viðkemur unglingarárunum. Allar stelpur velkomnar.



Myndir fyrir heimasíðu







JF VETRARSTARF 2008 - 2009

4.11.2008	FÁ fræðsla 8:10 - 9:00 (Hópur BV, Ármúla 10 "), 10:15-11:05 (Hópur HJ, Stofa A21), 13:30-14:20 (Hópur SÓ, Stofa N8), 14:25-15:15 (Hópur RE, Stofa N8)
5.11.2008	
6.11.2008	FÁ Fræðsla Nýbúar 12:35 - 13:25 (Hópur 1, Stofa n6) og 14:25-15:15 (Hópur 2, Stofa N2)
7.11.2008	Versló 10:35-11:15 (Bekkur 3-D, Stofa 6)
8.11.2008	Lau
9.11.2008	Sun
10.11.2008	Versló 10:35 - 11:15 (Bekkur 3-V, Stofa 404) 11:20-12:00 (Bekkur 3-U, Stofa 12)
11.11.2008	Versló 9:50-10:30 (Bekkur 3-E, Stofa 406) 11:20-12:00 (Bekkur 3-T, Stofa 13)
12.11.2008	Versló 12:45-13:25 (Bekkur 3-I, Stofa 5) 13:30-14:10 (Bekkur 3-S, Stofa 10) 15:00-15:40 (Bekkur 3-J, Stofa 1)
13.11.2008	Versló 14:15-14:55 (Bekkur 3-B, Stofa 405)
14.11.2008	Versló 09:50-10:30 (Bekkur 3-R, Stofa 9) 11:20-12:00 (Bekkur 3-K, Stofa 3)
15.11.2008	Lau
16.11.2008	Sun
17.11.2008	MS 11:15 -11:55 (Bekkur 1.F, Kennari BE, Stofa 20)
18.11.2008	MS 9:45-10:25 (Bekkur 1.L, Kennari SG, Stofa 27)
19.11.2008	MS 8:55-9:35 (Bekkur 1.N, Kennari SG, Stofa 27)
20.11.2008	MS 13:15 - 13:55 (Bekkur 1.J, Kennari SG, stofa 27) 14:00-14:40 (Bekkur 1.K, Kennari SG, Stofa 27)
	14:50 - 15:30 (Bekkur 1.H, Kennari SG, Stofa 26)
21.11.2008	MS 11:15 - 11:55 (Bekkur 1.E, Kennari BE, Stofa 27)
22.11.2008	Lau
23.11.2008	Sun
24.11.2008	
25.11.2008	Versló 10:35-11:15 (Bekkur 3F, Stofa 2)
26.11.2008	
27.11.2008	MS 13:15 - 13:55 (Bekkur 1.A, Kennari BÓ, Stofa 22)
28.11.2008	MS 11:15-11:55 (Bekkur 1.C, Kennari BÓ, Stofa 20) 12:30-13:10 (Bekkur 1.D, Kennari BÓ, Stofa 27)
	13:15-13:55 Bekkur 1.B, Kennari BÓ, Stofa 27)
19.12.2008	Félagsmiðstöðin Frostaskjóli kl. 19-22
Jól og áramót	
16.2.2009	MR 13:25-14:15 (Bekkur 3E og 3J í stórhátíðarsal)
3.3.2009	MR 13:25-14:15 (Bekkur 3B og 3F í stórhátíðarsal)
4.3.2009	MR 13:25-14:15 (Bekkur 3A og 3G í stórhátíðarsal)
5.3.2009	MR 13:25-14:15 (Bekkur 3C og 3H í stórhátíðarsal)
6.3.2009	MR 13:25-14:15 (Bekkur 3D og 3I í stórhátíðarsal)
11.3.2009	Félagsmiðstöðin Frostaskjól kl. 20:00-22:00
16.3.2009	Félagsmiðstöðin Holtið Norðlingaholti kl. 20:00
24.3.2009	Verkmenntaskólinn á Akureyri, kl. 20:00-22:00
25.3.2009	Félagsmiðstöðin Tían/Ársel, kl. 20:00-22:00
6.4.2009	Félagsmiðstöðin Gerðubergi í Breiðholti, kl. 20:00
8.4.2009	Félagsmiðstöðin Hólmasel í Breiðholti kl. 20:00
14.5.2009	Félagsmiðstöðin Nagyn, Húsaskóli, Grafavogi

4. SUMARSTARF

4.1. Inngangur

Örfáum dögum eftir að skýrsluhöfundur tók við starfi sínu sem verkefnastjóri Hins Hússins og framkvæmdarstjóri Jafningjafræðslu hrundi allt íslenskt efnahagslíf til grunna. Ein stærsta fjármálakreppa allra tíma reið yfir landið og enn er ófyrirséð hvernig henni lýkur.

Í kjölfar þessara atburða var allt starf endurskoðað innan Reykjavíkurborgar sem og hjá öðrum íslenskum stofnunum. Af þessum sökum sá Vinnuskóli Reykjavíkur sér ekki fært að kaupa af okkur fræðslu fyrir sumarið vegna niðurskurðar en Vinnuskólinn neyddist til að snúa frá öllu því fræðslustarfi sem hefur verið í gangi hjá þeim síðastliðin ár. Vinnuskólinn tók í staðinn upp þá nýbreytni að ráða svokallaða græna fræðsluleiðbeinendur sem fara á milli vinnuskólahópa og kenna ungmennunum um umhverfið og rétt verklag. Lengi vel stóð ég því frammi fyrir þeim möguleika að hugsanlega yrði allt sumarstarf Jafningjafræðslunnar lagt niður.

Sem betur fer varð það ekki raunin því seint um síðar tókst ÍTR að tryggja fjárhagslegan grundvöll fyrir sumarstarf Jafningjafræðslunnar. Ómar Einarsson framkvæmdarstjóri ÍTR sá til þess að ÍTR myndi brúa það fjárhagslega bil sem að niðurskurður Vinnuskólans skildi eftir sig. Í kjölfarið var farið á fullt við að koma sumarstarfi Jafningjafræðslunnar á koppinn.

4.2. Ráðningaferli

Ég auglýsti laus störf í Jafningjafræðslunni til umsóknar með því að búa til veggspjald sem ég dreifði í alla framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Starfið var einnig vel auglýst inn á heimasíðu Hins Hússins og inn á vef Reykjavíkurborgar. Umsóknarfrestur var frá 2. mars til 19. apríl. og eingöngu var hægt að sækja um störfin rafrænt í gegnum heimasíðu Reykjavíkurborgar/Vinnumiðlun ungs fólks. Óskað var eftir ungmennum á aldrinum 17-21 árs.

Við fengum fjármagn til að ráða inn 10 einstaklinga. Viðbrögðin létu ekki á sér standa enda er mikið atvinnuleysi í samfélaginu eftir að kreppan skall á. Edda Sigfúsdóttir, reynslumesti starfsmaður Jafningjafræðslunnar frá upphafi, var ráðin inn sem millistjórnandi enda er enginn betri í það starf heldur en hún þar sem hún þekkir starfsemina út og inn. Þar fyrir utan þá sóttu tæplega 500 manns um 9 laus fræðarastörf hjá okkur, sem er að sjálfsögðu nýtt met. Fólkið var á öllum aldri og sumir hverjir voru klárlega allt of reynslumiklir fyrir þetta starf og sumir of gamlir þrátt fyrir að skýrt hafi verið kveðið á um æskilegan aldur á umsækjendum í auglýsingu. Á meðal umsækjenda má nefna fólk með allskonar háskólagráður og aðra víðtæka reynslu.

Undirritaður ásamt Rósa Björk Sigurðardóttir, deildarstjóri ráðgjafadeildar, lögðu á sig mikla vinnu við að fara yfir tæplega 500 umsóknir. Okkur tókst þó að lokum, með vægðarlausri dómshörku, að minnka þennan hóp niður í 100 einstaklinga. Við skiptum þessum hóp í tvennt og boðuðum hann í óhefðbundið atvinnuviðtal sem fram fór í Hinu Húsinu eina kvöldstund þriðjudaginn 22. apríl. Starfsviðtalið var langt frá því að vera venjulegt atvinnuviðtal í hefðbundnum skilningi því við vildum koma umsækjendum á óvart og kasta þeim beint út í djúpu laugina. Þetta tókst einstaklega vel og allir „neyddust“ til að fara út úr sínum þægindaramma. Agnar Jón Agnarsson leikstjóri hafði

yfirumsjón með þessu fyrsta „starfsviðtali“ og leysti það með miklum sóma. Agnar lét umsækjendurna leysa margvíslegar þrautir bæði í hóp og sem einstaklingar. Allir þurftu m.a. að spinna upp heilu leikþættina og tala fyrir framan allan hópinn.

Fljótlega sást hverjir áttu auðvelt með þetta og hverjir ekki. Þar með er ekki sagt að það hafi verið auðvelt að velja þá sem kæmust áfram. Efniviðurinn var gríðarlega góður og hefði dugað okkur í nokkra frambærilega Jafningjafræðsluhópa. Við boðuðum tæplega 30 aðila aftur í hefðbundið atvinnuviðtal þar sem við studdum okkur við neðangreindar spurningar:

- Bjóstu við því að komast áfram í viðtal?
- Hvernig myndirðu lýsa sjálfri þér? Helstu kostir og gallar.
- Hver eru helstu áhugamál þín?
- Fjölskylduaðstæður, skóli, hvar ertu stödd í lífinu?
- Af hverju hafðir þú áhuga á að sækja um?
- Hvaða eiginleikar þínir heldurðu að nýtist í þessu starfi?
- Ertu vel inn í unglingamenningu? Nefndu einn jákvæðan og einn neikvæðan hlut úr unglingamenningu samtímans?
- Hvaða hlutverk tekurðu þér í hóp?
- Hvernig leysir þú ágreining?
- Áttu auðvelt með að standa fyrir framan hóp og tala fyrir framan aðra?
- Hefurðu áhuga á einhverju sérstöku málefni sem tengist ungu fólki?
- Telurðu sjálfa þig góða fyrirmynd? Hvernig þá?
- Ferðu mikið út að skemmta þér? (Áhugavert að sjá hvaða skilning fólk leggur í þessa setningu)
- Reykirðu?
- Drekkurðu?
- Hvað finnst þér vera eðlilegur aldur til að byrja að stunda kynlíf?
- Hver er afstaða þín til lögleiðingar kannabiseftna?
- Finnst þér að leyfa eigi áfengi í matvöruverslunum?
- Hvað finnst þér um áfengisaldurinn?
- Af hverju heldurðu að fólk leiðist út í eiturfjaneyslu?
- Hvernig má bæta Jafningjafræðsluna?
- Hvaða málefni á brýnt erindi við ungmenntu í dag?

Mikil áhersla var lögð á að fræðarar leggðu stund á heilbriggt líf og væru því góðar fyrirmyndir. Við gerðum umsækjendunum einnig grein fyrir þeirri ábyrgð sem felst í því að vera Jafningjafræðari og spurðum hvort þau væri tilbúin til að gangast við henni.

Eftir viðtölin tók við annað ferli þar sem undirritaður ásamt Rósu Björk Sigurðardóttur skeggræddu þessi mál fram og aftur. Að endingu tókst okkur að detta niður á 9 manna hóp sem við vorum sammála um að væri rétti hópurinn fyrir verkið. Engu að síður þá þurftu margir mjög hæfir einstaklingar frá að hverfa en það er aldrei skemmtilegt að þurfa að neita mörgum hæfum umsækjendum.

4.3. Jafningjafræðarar



Hópurinn í ár var valinn með tilliti til aldursskiptingar, fjölbreytileika, ferilsskrár, frammistöðu í inntökuprófi og atvinnuviðtali og einnig út frá kyni. Reynt var að setja saman fjölbreyttan hóp þar sem allir væru góðar fyrirmyndir og hæfir leiðtogar. Þá er vert að taka fram að allir fræðararnir leggja stund á heilbrigt lífni og þau eru öll virkir leiðtogar í sínum umhverfi. Þá þarf varla að taka það fram að af sjálfsögðu er þessi hópur algjörlega reyklaus.

Það er sérstaklega skemmtilegt að greina frá því að hópurinn í ár var fyrsti hópurinn frá því að Jafningjafræðslan hóf göngu sína (samkvæmt þeim skjölum sem að ég bý yfir) þar sem að strákar voru í meirihluta í fræðarahópnum. Eins og gefur að skilja þá varð niðurstaðan af þessu langa ráðningarferli virkilega góð enda ótrúlega mikið af hæfu fólki sem að sótti um að þessu sinni.

Við gerðum okkur fljótt ljóst að hópurinn í ár var gríðarlega sterkur og að mikilvægt væri að halda vel utan einstaklinga innan hópsins til að koma í veg fyrir að andrúmsloftið snerist upp í baráttu á milli sterkra einstaklinga. Sem betur fer þá tókst það fullkomlega og hópurinn small ótrúlega vel saman þar sem samkennd og virðing ríkti strax frá fyrsta degi. Hópurinn eyddi frítíma sínum mikið saman og vinsemd þeirra og gleði náði tvímælalaust að skila sér inn í fræðslu sumarsins. Okkur tókst án efa að búa til sterk vináttubönd hjá þessum hóp sem koma án efa til með að vera til staðar um ókomin ár.

Eftirfarandi aðilar urðu fyrir valinu sem Jafningjafræðarar fyrir árið 2009:

Anton Birkir Sigfússon er öflugur fótboltastrákur sem er fæddur árið 1990 og er varaforseti skólafélagsins í MS. Anton er mjög jákvæður og hugmyndaríkur og er á meðal annars varamaður í Gettu Betur liði skólans.

Árni Kristjánsson er félagsmálatröll sem fæddist árið 1989. Hann er forseti nemendafélagsins í Versló ásamt því að hafa margvíslega reynslu á bakinu s.s. skiptinemasvöl í Þýskalandi, ritstjórnastörf og alþjóðleg ræðunámskeið.

Davíð Már Stefánsson er efnilegur fótboltakappi úr MH sem er fæddur árið 1991. Hann býr að fjölbreyttri reynslu þar sem hann m.a. fæddist í Svíþjóð, hefur sjálfur gengið í gegnum erfið veikindi, á vinahóp sem hefur verið að fikta við vímuefni, missti góðan vin sinn í slysi og hefur talsvert umgengist seinfæran frænda sinn.

Hallfríður Þóra Tryggvadóttir er orkubolti sem fæddist árið 1990. Hún hefur víðtæka reynslu úr listastarfi og er formaður Listafélagsins í Versló. Hún hefur verið virk í leiklistar- og félagsstarfi allt sitt líf og flutti til Danmerkur í hálf ár meðfram námi sínu í Versló og sótti þar m.a. námskeið í jazzsöng og fatahönnun. Hallfríður gat því miður aðeins unnið hálf tímabilið í sumar þar sem að hún fékk aðalhlutverk í kvikmynd sem var verið að taka upp á sama tíma. Edda Sigfúsdóttir millistjórnandi hljóp í skarðið fyrir hana í fræðslu seinni hluta sumars.

Hildur Hjörvar er toppnemandi úr MH sem fæddist árið 1991 og er algjörlega vímuefnalaus, hefur t.d. aldrei smakkað áfengi. Hún er gríðarlega metnaðarfull og hefur æft listdans í fjöldamörg ár ásamt því að spila á fiðlu og keppa í ræðukeppnum.

Perla Magnúsdóttir leggur stund á félagsfræði í HÍ en hún fæddist árið 1988. Perla hefur alla tíð verið mjög virk í æskulýðs- og félagsstörfum ásamt því að vera leika, syngja og dansa. Hún hefur einnig lokið 4. stigsprófi á píanó.

Reynir Hans Reynisson fæddist árið 1990 og er formaður nemendamótsnefndar Versló en þar sér hann um að setja upp hina frægu Versló-söngleiki. Reynir hefur víðtæka reynslu úr félagsstörfum ásamt því að vera aðstoðarþjálfari hjá Dale Carnegie á Íslandi.

Torfi Bryngeirsson er fótboltastrákur sem fæddist árið 1989. Hann hefur verið mjög virkur í félagsstörfum og hefur setið í bæði nýnema- og skemmtinefnd í Borgarholtsskóla ásamt því að vera formaður í bæði íþróttanefnd og í málfundafélaginu.

Unnur Eggertsdóttir fæddist árið 1992 og býr að ótrúlega fjölbreyttri reynslu þrátt fyrir ungan aldur. Hún hefur búið á Spáni, Belgíu og í Kaliforníu og hefur sungið í kór, æft dans og leikið í fjölmörgum söngleikjum hvar sem hún kemur. Ásamt því að læra að syngja og dansa þá leggur hún stund á píanónám.

4.4. Námskeið



Sumarstarf Jafningjafræðslunnar hófst formlega 2. júní þegar níu fræðarar mættu á undirbúningsnámskeið í Hinu Húsinu. Námskeiðið tók tvær vikur og þar var fræðurum á meðal annars kennd framkoma, raddbeiting og sjálfstyrking ásamt því að fræðast um hin ýmsu forvarnartengdu málefni frá fagaðilum. Segja má að námskeiðið hafi verið með svipuðu sniði og síðustu ár enda hefur verið virkilega vel staðið að því hingað til. Við

undirbúning námskeiðsins studdist ég mikið við eldri gögn frá forvera mínum, Ösp Árnadóttir, sem skildi eftir sig hafsjó af handhægum upplýsingum um námskeiðahald, hugmyndafræði og verklag jafningjafræðara (hægt er að nálgast hluta af þessum gögnum í kafla 4.14.) .

Við unnum starfið að erlendri fyrirmynd þar sem stuðst er við kenningu sem hefur gefið góða raun. Kenningin er í stuttu máli svona : „það er ákveðin færni sem sumir hafa sem kemur í veg fyrir að fólk stundi áhættuhegðun. Færnin er sambland af vitneskju um slæmar afleiðingar, trúin á það að þú getir sleppt því að prófa eða ástunda hegðunina, auk vitneskju um góðar afleiðingar þess að sleppa því að prófa. Þetta kallast Heilsulíkanið (health belief model) og var fundið upp af Rockenstock árið 1990. Ef talað er um fíkniefnanotkun þá miðar prógrammið að því að kenna fólki hvaða slæmu afleiðingar geta hlotist af fíkniefnanotkun, hvaða góðu afleiðingar fylgja því að prófa ekki auk þess sem reynt er að byggja fólk upp til að segja nei.

Mikið af góðu fólki lagði okkur lið á námskeiðinu og hélt þar áhugaverða fyrirlestra. Þar sem jafningjafræðarahópurinn er fámennur þá fengu allir að láta ljós sitt skína og oftast spunnust af stað öflugar umræður um málefnið. Ég lagði mikla áherslu á að fræðararnir reyndu að nýta sér námskeiðið sem best og brýndi fyrir þeim að spyrja mikið. Mikil áhersla var lögð á að hafa námskeiðið fræðilegt ásamt því að fræðarar næðu að kynnast innbyrðis þar sem þeirra beið náið samstarf yfir sumartímann. Af reynslu síðustu ára má sjá að góður andi á vinnustað kemur ekki af sjálfu sér og að vel samstilltur hópur er nauðsynlegur fyrir gott og skilvirkt starf. Þess vegna brutum við upp námskeiðið með hópefli inn á milli.

Helsta breytingin á námskeiðinu frá því í fyrra er sú að okkur tókst að fá Dale Carnegie í samstarf við okkur og að við fengum einnig inn nokkra aðra nýja aðila á námskeiðið. Þar má nefna aðila frá ASÍ og VÍS ásamt því að fá inn á námskeiðið þau Árna Einarsson og dr. Rögnu B. Garðarsdóttur. Þá tók ég einnig upp þær nýjungar að efna til lokaprófs úr námsefninu og að gefa þeim sem að því náðu viðurkenningarskjal á lokadegi námskeiðsins.

Eftirfarandi aðilar kenndu á námskeiðinu:



Agnar Jón Egilsson, leikstjóri, þjálfaði fræðara í framkomu og raddbeitingu ásamt því að þjappa hópnum saman.

Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu tómstundamála hjá ÍTR, fjallaði um unglingamenningu.

Árni Einarsson, uppeldis- og menntunarfræðingur og framkvæmdarstjóri FRÆ, fjallaði um forvarnir.

Ásta Valdimarsdóttir, hláturjógakennari, kenndi okkur hláturjoga og fjallaði um jákvæðni.

Þórunn Halldóra Þórðardóttir og Halla Sif Ólafsdóttir, læknanemar úr Ástráði, fjölluðu kynheilbrigði, sjúkdóma, sambönd og tilfinningar

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, mannfræðingur og MA í kynlífsfræðum, fjallaði um kynhegðun og klám.

Dr. Ragna B. Garðarsdóttir, doktor í félagssálfræði, fjallaði um áhrif neyslumenningar á sjálfsmynd og samfélagið í heild.

Edda Sigfúsdóttir, millistjórnandi Jafningjafræðslunnar, fjallaði um praktísk atriði sem Jafningjafræðarar verða að tileinka sér í fræðslu.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, fjallaði um kynferðisofbeldi

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdarstjóri ASÍ, fjallaði um réttindi ungs fólks á vinnumarkaði.

Haraldur Sigurðsson, lögreglumaður hjá rannsóknarlögreglunni, fjallaði um fíkniefni, dreifingu og hópþrýsting.

Helga Bryndís Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri hjá Vinnuskóla Reykjavíkur, fjallaði um einelti.

Jón Halldórsson, framkvæmdastjóri unglingasviðs hjá Dale Carnegie á Íslandi, tók framkomu fræðaranna í gegn ásamt því að fjalla mikið um jákvætt hugarfar og sjálfstraust.

Jón Heiðar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Jafningjafræðslu, fjallaði almennt um hugmyndafræði Jafningjafræðslunnar og til hvers er ætlast af fræðurum.

Karl Ágúst Úlfsson, leikari, fór með hópinn í trommuhring til að efla samkenndina og reitti af sér viskupunkta um mátt trommunnar í leiðinni.

Sveinbjörn Kristjánsson, Héðinn S. Björnsson og Rafn M. Jónsson, sérfræðingar frá Lýðheilsustöð, fjölluðu um vímuefni og lýðheilsu.

Páll Einarsson, Psychotherapist MSc, fjallaði um kannabis.

Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnafulltrúi VÍS, fjallaði um vímuefni og umferðarmenningu.

Smári og Haukur, jafningjafræðarar frá Samstökunum 78, fjölluðu um ranghugmyndir, fordóma og samkynhneigð.

Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur, frá BUGL, fjallaði um líkamsmynd og heilbrigði.

Trausti Jónsson, pedagog, þjappaði hópnum saman með hópefli í Nauthólsvík.




4.4.1. Mat á námskeiði




Fræðararnir komust allir mjög vel frá þessu námskeiði en það myndaðist virkilega metnaðarfull og uppbyggileg hópastemming allt frá fyrsta degi. Fræðararnir voru allir mjög virkir og nánast allir fyrirlesarar komu til mín og hrósuðu hópnum fyrir hreinskilinn áhuga á viðfangsefninu og dugnað við að spyrja spurninga. Hópurinn var gríðarlega jákvæður í öllu sem hann tók sér fyrir hendur og enginn átti í erfiðleikum með að stökkva út úr sínum þægingdamma í hópeflinu.

Agnar Jón Egilsson hrósaði hópnum sérstaklega fyrir það að enginn „besserwisser“ væri í hópnum og að enginn væri farþegi. Þá komust allir vel frá lokaprófinu. Flestir voru með 2-3 villur fyrir utan Hildi Hjörvar sem var einungis með 1 villu og Anton Birki Sigfússon sem var með eina og hálfa. Ég var sérstaklega ánægður með virkni hópsins á námskeiðinu þar sem allir sýndu sínar bestu hliðar, voru fróðleiksfús og tóku krefjandi áskorunum með bros á vör.


Fyrirlestrarnir komust einnig mjöl vel frá sínu. Þeir voru metnir af jafningjafræðurunum með sérstökum matsblöðum. Við létum fræðaranna þó ekki meta fyrirlestra frá sínum yfirmönnum og það gleymdist að meta hópefli Karls Ágústs Úlfssonar þar sem hún fór fram á lokadegi námskeiðsins. Niðurstaða matsblaða var eftirfarandi :




Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir Unglingamenning




Árni Einarsson Forvarnir




Ásta Valdimarsdóttir Hláturjóra




Dagbjört Ásbjörnsdóttir Kynlíf og klám




Guðrún Jónsdóttir Stígamót




Halldór Gröndal Vinnuréttindi ungs fólks




Haraldur Sigurðsson Fíkniefnalögreglan




Helga Bryndís Kristjánsdóttir Einelti




Jón Halldórsson Dale Carnegie




Páll Einarsson Kannabis




Ragna Garðarsdóttir Neyslusamfélagið




Ragnheiður Davíðsdóttir Vímuefni og umferðarmál




Sigrún Daníelsdóttir Líkamsmynd og heilbrigði




Smári og Haukir Samtökin 78




Sveinbjörn, Héðinn og Rafn Vímuefni og lýðheilsa



Trausti Jónsson Hópefli



Þóra og Halla / Ástráður Kynheilbrigði og tilfinningar



4.5.Teymi



Á lokadegi námskeiðsins var hópnum skipt upp í þrjá hópa. Þessir hópar koma til með að vinna saman í sumar. Ólíkar týpur voru settar saman í teymi til að vega hvort annað upp og einnig til að ná til sem flestra ungmenna í fræðslu.

Hver hópur var ábyrgur fyrir því að taka með sér eftirfarandi hluti í fræðslu: matsblöð, penna, nafnspjöld sem auglýstu Total-ráðgjöf, úrræðablað og topp drykki. Þá fékk hvert teymi einn farsíma frá Vinnuskóla

Reykjavíkur ásamt því að hver og einn fræðari fékk strætókort.

Hóparnir voru eftirfarandi:

- Hópur 1: HAH – hópurinn : Hildur, Anton og Hallfríður.
- Hópur 2: RUT – hópurinn : Reynir, Unnur og Torfi.
- Hópur 3: PÁD – hópurinn: Perla, Árni og Davíð.

4.6. Mat á sumarstarfi



Sumarstarf Jafningjafræðslunnar tókst í heildina séð mjög vel. Gróflega reiknað þá náðum við að fræða um 1700 ungmenni í sumar. Tæplega þúsund ungmenni fengu fræðslu í Vinnuskóla Reykjavíkur, tæplega 500 ungmenni fengu fræðslu í ÍTR hópum og tæplega 200 ungmenni fengu fræðslu í Vinnuskóla Garðabæjar, Vinnuskóla Grindavíkur, Vinnuskóla Seltjarnarnes og í TippTopp starfi Hins Hússins. Vert er að taka fram að við eyðum miklum tíma (heilum eða hálfum degi) með hverjum hóp.


Í ár tókum við upp þá nýbreytni að fræða ungmenni á aldrinum 15-16 ára í Vinnuskóla Reykjavíkur þ.e. þá sem að hafa nýlengið við 10. bekk. Við viljum einbeita okkur af þessum aldurshóp þar sem við teljum hann vera mikinn áhættuhóp fyrir allskonar gylliboð um vímuefnaneyslu og rannsóknir hafa sýnt að margir byrja að drekka á þessum aldri. Aldur ungmenna hefur verið á reiki síðastliðin ár en ég tel æskilegt að Jafningjafræðslan haldi sig við þennan aldur á næstu árum þar sem ég tel að öll ungmenni eigi rétt á að fá jafningjafræðslu a.m.k. einu sinni á unglingsárunum. Með því að halda okkur við sama aldurshóp í Vinnuskóla Reykjavíkur á milli ára þá komum við í veg fyrir að við séum að fræða suma aldurshópa tvisvar og aðra aldrei. Aldurskiptingin í hinum hópunum sem við fræddum í sumar í var á bilinu 13-16 ára. Þá tókum við einn dag í að fræða fatlaða einstaklinga sem eru í TippTopp starfi Hins Hússins. Fræðararnir lýstu yfir mikilli ánægju með þetta samstarf og töldu sig hafa fengið sérstaklega mikið út úr því að fræða fötluð ungmenni.

Það hefði verið skemmtilegt að fara með þennan samrýnda fræðarahóp í ferð út á landsbyggðina í hringferð en því miður var lítil áhugi hjá landsbyggðinni fyrir því að þessu sinni. Kreppan hafði sín áhrif þar enda dró Landsvirkjun að sér hendur og allur kostnaður varðandi bensín og flug hefur hækkað upp úr öllu valdi. Þá fannst ekki fannst nægjanlegur tími til að fara langt út á land þar sem planið fyrir Vinnuskóla Reykjavíkur var mjög þétt skipað. Við ákváðum því að leggja aðaláherslu á starfið hér á höfuðborgarsvæðinu í sumar og stefna frekar á öfluga landsbyggðarferð á næsta ári. Við héldum hinsvegar fræðslu í nágretta-bæjarfélögum og hópurinn hélt góða tjaldútilegu í Grindavík í staðinn. Þá urðum við að fresta sundlaugarveislunni okkar vegna anna hjá Ingó og Veðurguðunum en hún fer fram einhvern tíma á næstu mánuðum í staðinn.


Í heildina séð má segja að sumarstarfið hafi gengið vonum framar enda gerðum við okkur snemma grein fyrir því að hópurinn í ár væri einn sá öflugasti frá upphafi. Fræðslu, uppákomur og allt samstarf gekk mjög vel og ekki komu upp nein erfið vandamál. Þegar farið var yfir matsblöðin sem þiggjendur jafningjafræðslunnar fylltu út má sjá að mikil ánægja ríkti á meðal unglinga sem fengu fræðslu. Jákvætt mat var yfirgnæfandi eða í yfir 93% spurningablaðanna. Hér fyrir neðan má sjá heildar niðurstöður fyrir hvert teymi fyrir sig. Við látum einnig fylgja með nokkur skemmtilegar athugasemdir sem þiggjendur fræðslunnar skrifuðu niður eftir að fræðslu lauk.

4.6.1. Mat frá þiggjendum fræðslu


Mat á Teymi 1 - HAH hópur





Mér fannst fræðslan




Mér fannst fræðararnir








Mér fannst fræðslan




Mér fannst fræðararnir






Mér fannst fræðslan



Mér fannst fræðararnir



4.6. 2. Eftirminnilegar umsagnir



„Svaraði mörgum spurningum, fræðandi og skemmtilegt“

„Mikilvægt að tala um þessi efni hvort við annað!“

„Þetta var bara frábært og geðveikt stuð, og við lærðum helling. Bestu fræðarar ever!!“

„Skemmtileg tilbreyting frá Vinnuskólanum, ekki skemmdi hvað fræðararnir voru ótrúlega skemmtilegir“

„Skemmtilegt þegar það eru menntaskólakrakkar að fræða okkur í staðinn fyrir sálfræðinga eða einhverjir gamlir læknar“

„Mjög fræðandi, notalegt og skemmtilegt“

„Komið fljótt aftur!“

„Þetta var mjög skemmtilegt, án efa skemmtilegasta fræðsla sem ég hef farið í. Hressir og skemmtilegir fræðarar!“

„Mjög hressir krakkar sem nálgust viðfangsefnin á skemmtilegan og lifandi hátt. Flippin sweet.“

„Mjög skemmtilegt, gaman að heyra skoðanir annarra og ræða saman. Mjög jákvætt hvað við náðum að bonda við fræðarana, snilldarfólk og vonandi heldur þetta áfram!!“

„Mér fannst gaman að heyra önnur sjónarhorn á umræðuefnunum. Þessi fræðsla fór út í marga og aðra kima en ég hef heyrt áður og nálgunin á umræðuefnin var virkilega skemmtileg. „

„Ef ég fæ aids þá hef ég samband við ykkur“

4.6.3. Mat frá Vinnuskóla Reykjavíkur

Við fengum þá yfirleiðbeinendur sem við vorum í mestum samskiptum við í sumar (tveir yfirleiðbeinendur sem sjá um 10. bekkjar hópa í Vinnuskóla Reykjavíkur) til að gera skriflega úttekt á starfi Jafningjafræðslunnar í sumar:

- Í sumar var Jafningjafræðsla Hins hússins fengin til fræðslu fyrir nemendur í grænni heimaþjónustu Vinnuskóla Reykjavíkur. Nemendurnir voru að ljúka við 10. bekk og eru því á 16. ári. Það virðist samdóma álit leiðbeinenda í grænni heimaþjónustu að fræðslan hafi heppnast afskaplega vel og hafa nemendur látið vel af fræðslunni. Nemendur nefna að hún hafi verið fræðandi, gagnleg og síðast en ekki síst skemmtileg. Hvað varðar öll skipulagsmál þá voru þeir sem komu að Jafningjafræðslunni fyrir hönd Hins hússins afskaplega þægilegir og samstarfsfúsir í samvinnu og öllu skipulagi í kringum fræðsluna. Það er vonandi að þessu samstarfi verði haldið áfram með jafn ánægjulegum og góðum árangri og náðist í sumar.

Virðingafyllst,

Erlendur Egilsson,

Yfirleiðbeinandi Grænnar heimaþjónustu.

- Jafningjafræðslan virðist hafa tekist vel þegar á heildina er litið. Ég spurði bæði leiðbeinendur og nemendur hvernig þeim fannst þetta hafa tekist og fékk ég oftast nær jákvæð svör. Einstaka nemendum fannst "leiðinlegt" í leikjum eins og við var að búast en flestir virtust skemmta sér vel. Leiðbeinendur nefndu hinsvegar nokkrir að nemendurnir hefðu talað um það að þeir sem voru með fræðsluna hefðu verið með óviðeigandi brandara um "litað" fólk. Daginn eftir fræðsluna hefðu þá nemendur verið að segja sínum leiðbeinendum þessa brandara. Það fór fyrir brjóstið á einhverjum nemendum að svokölluð smokkakennsla hefði farið fram. Ég fór sjálf í nokkur skipti á staðinn og fylgdist með úr fjarlægð. Í þau skipti virtist allt ganga að óskum og nemendur voru virkir í leikjum og umræðum.

Takk fyrir samstarfið og njótið sumarsins!

Bestu kveðjur,

Bjarnfríður Leósdóttir

4.6.4. Mat frá jafningjafræðurum

Ég tel mikilvægt er að taka starfsmannaviðtöl að minnsta kosti einu sinni á hverju sumri til að meta starfið og til fá góða innsýn inn í hópinn. Með þessum hætti er hægt að sjá margt frá fyrstu hendi sem má betur fara í starfseminni. Við lögðum eftirfarandi spurningarlista fyrir hvern og einn fræðara á lokadegi sumarstarfsins:

- Hvernig líður þér í vinnunni?
- Hvað finnst þér ganga vel hjá þér?
- Er eitthvað sem þér finnst ekki hafa gengið nógu vel hjá sjálfum þér, eitthvað sem þú mættri bæta?
- Hvað finnst þér ganga vel í starfi JF?
- Hvað finnst þér ganga illa í starfi JF?
- Finnst þér JF vera að skila tilætluðum árangri? (-af hverju, -af hverju ekki) (-hvað gætum við gert til að laga það?)
- Telurðu starfsemi JF vera mikilvæga?
- Má eitthvað betur fara í samstarfi okkar við vinnuskólann?
- Í heildina séð hvernig voru unglingahóparnir sem að þú heimsóttir?
- Í hvað fór mesti tíminn í fræðslu?
- Hvernig má bæta fræðsluna?
- Hvernig fannst þér ráðningarferlið (kostir/gallar)?
- Hvernig gekk hópastarfið (kostir/gallar)?
- Telurðu alla fræðaranna leggja sig fram og standa sig vil í starfi? (útskýra)
- Hefurðu áhuga á að vera virk/-ur í vetrarstarfinu?
- Hefurðu nýjar hugmyndir fyrir vetrarstarfið?
- Hvað hefur reynsla sumarsins gert fyrir þig persónulega?
- Annað?

Jafningjafræðarar voru beðnir um að svara þessum punktum í samfelldum texta og þau fengu tæpan klukkutíma til að leysa verkefnið. Niðurstöðuna má sjá hér á næstu blaðsíðum þar sem fræðararnir koma fram í stafrófsröð.

Anton Birkir Sigfússon:



Þetta hefur líklegast verið skemmtilegasta sumarið mitt hingað til. Mér hefur liðið frábærlega í vinnunni enda að vinna með heimsklassa fólki og svo er maður líka að kynnst fullt af nýju fólki. Ef við lítum snögglega á það sem gekk vel hjá mér, þá gekk mér hvað best í að tengjast krökkunum og fá þá til að líta ekki hallærislega á okkur. Oft gerði ég þetta með bröndunum og einnig með því að spjalla persónulega við krakkana og detta á þeirra plan. Má segja að ég hafi verið að halda uppi aga, þá á góðan hátt. Þegar eitthvað gengur vel þá finnst mér mjög erfitt að finna veikleika, kannski er það minn veikleiki. En það er þó

alltaf eitthvað sem má bæta eins og að safna sér meiri vitneskju um ýmsa hluti.

Mér fannst persónulega allt ganga vel í sumar fyrir utan kannski einhverja samskiptaörðuleika við vinnuskólann. Fræðarahóparnir voru frábærlega samsettir og leiddi það gott af sér.

Ef við skoðum það hvort JF hafi skilað tilætluðum árangri þá spyr ég hver er þessi tilætlaði árangur? Ég held að við séum búin að gefa fullt af krökkum nýja sýn á lífið, maður gerir það með því að segja þeim eitthvað sem situr eftir í þeim og við gerðum það svo sannarlega.

Samstarfið við vinnuskólann var nokkuð mistækt, það kom upp að leiðbeinendur voru ekki látnir vita og einnig að sömu hóparnir fengu fræðslu aftur. Unglingahóparnir voru frábærir sérstaklega þegar maður náði að kynnst krökkunum aðeins. Ég og Hildur fræddum svo marga Hagskælinga að maður var bara kominn í allt slúðrið þar. Alltaf góð tilhugsun að vakna á morgnanna vitandi að maður sé að fara að kynnst nýju fólki.

Ef við skoðum það sem tók mestan tíma í fræðslu var það líklegast sjálfsmyndin. Ég og Hildur fundum líka nýja leið til að ná til krakkana. Við fækkuðum leikjunum og notuðum í staðinn þann tíma til að spjalla bara við krakkana persónulega um eitthvað óforvarnatengt. Ef það er eitthvað yfir höfuð sem má bæta við fræðslu er það einmitt svona spjall.

Ráðningaferlið var mjög gott. Virkilega skemmtileg starfsviðtöl. Hóparnir í leiklistarviðtalinu hefðu kannski mátt vera minni, svo að hver og einn gæti sannað sig betur. Þið völduð samt mjög góða einstaklinga þannig að þetta hlýtur að hafa staðið fyrir sínu.

Hópastarfið gekk frábærlega, við erum svo ólíkar manneskjur og náðum þar af leiðandi að fullkomna öll hvort annað. Ef ég ætti að lýsa hverjum og einum með einu orði þá væri það Hallfríður = flæði, Hildur = staðreyndir, Anton=agi. Lýsandi fyrir hversu vel þetta gekk er þegar ég og Hildur fræddum 45 manna hóp sem gekk bara stórvel.

Ef við förum út í fræðarana þá var engin eitthvað að slugsa. Ég fékk því miður ekki að fræða með ölum. En allir þeir sem ég fræddi með voru í heimsklassa. Hildur algjörlega fullkomin fræðari frá toppi til táar, Hallfríður brýtur gjörsamlega orkulögmál Julie, og svo Edda sem er hokin af reynslu eftir 10 ár í Jafningjafraðslunni, hef ekki tölu á þeim sögum sem ég stal frá henni.

Ég hef mjög mikinn áhuga á að taka eitthvað að mér í vetur enda eru það störf sem tengjast samskiptum, það sem ég elska. Varðandi hugmyndir þá ætti Hitt Húsið að efla samstarf við Menntaskólana enda eru Menntaskólanemar markhópur Hins Hússins.

Persónulega hefur reynsla sumarsins gefið mér nýja sýn á margt í lífinu. Maður er farin að hugsa allt öðruvísi og hefur öðlast nýjar skoðanir á hlutunum. Einnig hefur maður bara kynnst helling af fólki sem er það besta af öllu. Þetta sumar á eftir að sitja eftir í manna alla tíð þangað til að ég fæ Alzheimer. Maður hefur lært að forgangsraða og að setja sjálfsmyndina ofarlega.

Svona til að enda þetta þá hefur þetta sumar bara verið frábært. Fáránlega góðir samstarfsmenn og yfirmennirnir í hæsta gæðaflokki. Ótrúlega opinn og skemmtilegur hópur. Maður er eflaust búinn að eignast helling af góðum vinum fyrir framtíðina. Kom aldrei slakur dagur þar sem maður nennti ekki að fara í vinnuna.

TAKK FYRIR MIG!

Árni Kristjánsson



Mér hefur alltaf liðið mjög vel í vinnunni. Ég átti auðvelt með að tjá mig og ná til hópsins.

Ég kom skilaboðunum oft frá mér á svipaðan hátt í hverri fræðslu og hefði mátt reyna að nálgast efnið öðruvísi. Annars virkaði þessi leið býsna vel.

Samstarfið í JF er frábært. Það ná allir vel saman og engir erfiðleikar áttu sér stað í gegnum ferlið. Starfið var mjög gott en við hefðum sjálf getað nýtt tímann (vinnustundirnar) í Hinu Húsinu

betur.

Mér finnst við hafa náð okkar markmiði því við erum að fá krakkana til þess að hugsa dýpra um þessi málefni. Við erum að láta þau uppgötva mismunandi hliðar og alvörunni á bakvið allt þetta og því verða þau meðvitaðri um þær ákvarðanir sem þau taka. Við getum ekki ráðið hvaða ákvarðanir þau taka en við getum stuðlað að skynsamari ákvörðunum.

Ég tel JF vera nauðsynlega. Forvarnarstarfsemi er nauðsynleg yfir höfuð og JF er að mínu mati besta leiðin til þess að nálgast krakkana.

Leiðbeinendur vinnuhópanna mættu hafa aðeins lengur kveikt á vinnusímunum sínum svo hægt er að hringja í þau eftir vinnu og láta þau vita að við komum daginn eftir. Jafnvel hafa hlekk á planinu sem sýndi nákvæmlega hvar staðurinn er (www.ja.is) samt alls ekki nauðsynlegt.

Í flestum tilvikum voru þetta frekar saklausir krakkar en inn á milli voru krakkar sem höfðu meira á fræðslunni að halda. Þeir krakkar voru samt mjög góðir inn við beinið en þurftu kannski smá hvatningu (of jafnvel ást frá foreldrum) til þess fara ekki á neinar villigötur. Þeir voru misopin og mistilbúin í að fara smá útfyrir sinn þægindahring (sbr. Leikirnir sem við fórum í). Í heildina séð er þetta fínasti árgangur krakka.

Mesti tíminn fór í þrjú viðfangsefni: sjálfsmynd, kynlíf og vímuefni.

Besta fræðslan eru þegar við höfum heilan dag fyrir hvern hóp og því mætti reyna að komast hjá því að skipta deginum í tvennt.

Ég get ekki kvartað;) Nei annars á ég erfitt með að segja til um það. Mér fannst fyrsta "viðtalið" mjög skrítið allavega. Hefði ég verið þriðji aðili, eins og þið (fyrir utan hópinn), og séð hvernig allir voru að haga sér þá hefði ég kannski skilið það betur. Annars fannst mér parturinn í lokinn þar sem við stóðum fyrir framan allan hópinn og sögðum frá því af hverju við vildum vera í jafningjafræðslunni vera mjög mikilvægur partur. Þar sá maður oft hverjir eru tilbúnir í það (ekki með því að lýsa yfir ofurmikilli ást á jafningjafræðslunni heldur að geta tjáð sig á almannafæri og vera maður sjálfur). Seinna viðtalið var líka mjög gott. Í heildina skammtilegt ferli en fyrsti tíminn var svolítið skríttinn.

Hópurinn okkar náði rosalega vel saman og áttum auðvelt með að vinna saman. Ég er ekki að segja að okkar samstarf hafi verið alveg „perfect“ en ég sé enga galla hvað það varðar. Við áttum margt sameiginlegt og áttum auðvelt með að „bonda“ saman. Við vorum frekar fljót að koma upp með ákveðna rútinu og vorum byrjuð að læra af hvorum öðrum. Einn stór kostur sem við höfðum að mínu

mati er þegar eitthvað fór í taugarnar okkar eða við vildum koma með einhverja athugasemd varðandi eitthvað sem við vorum að fræða þá sögðum við það strax og reyndum að leysa það svo allir yrðu ánægðir í stað þess að bíða með vandamálið þar til það verður mikið stærra og svo springur bólan.

Við deildum verkefnunum með okkur nánast frá upphafi og var það því ekkert vandamál. Perla sá um allt ritefnið (blöð, pennar, kort) fyrir fræðsluna. Ég og Davíð sáum um að hringja í leiðbeinendurna og ég var á bíl og sá um Berg Toppána. Í fræðslunni voru allir alveg jafn virkir. Mér fannst verkefnaskiptingin verst þegar við vorum öll að vinna saman eins og á Götuhátíðinni okkar. Þá voru sumir sem keyrðu vinnuna í gang og fundu sér alltaf eitthvað að gera á meðan aðrir voru alltaf að bíða eftir skipun eða reyndu alltaf að komast upp með að sleppa við vinnu eða gera það allra léttasta. Ekkert slæmt en þar tók ég mest eftir misjafnri vinnuskiptingu af okkar hálfu.

Ég hef áhuga en ekki víst að ég hafi tíma í það þar sem það verður nóg að gera hjá mér í skólanum og félagslífinu þar.

Þvílíkt mikið. Það hefur gert mig mjög meðvitaðan um það sem er að gerast í kring um mig. Mér finnst ég hafi komist meira að því hver ég er sem manneskja og hvernig manneskja ég er. Þetta hefur þroskað mig mikið. Ég hef eignast góða vini og góðar minningar.

Takk fyrir mig.

Davíð Már Stefánsson



Mér hefur liðið frekar vel í vinnunni í sumar. Við fræðararnir höfum verið ágætir vinir og andrúmsloftið hefur verið gott. Það kom reyndar tímabil þar sem það tók svolítið á að vera að tala endalaust um sömu hlutina aftur og aftur en það leið hjá.

Mér gekk frekar vel að skila mínu hlutverki í fræðum. Auðvitað komu tímar sem maður varð þreyttur eða hefði getað gert betur en í heildina fannst mér þetta ganga mjög vel.

Þegar við vorum að fræða með öðrum hópum og vorum með stærri fræðslu þá átti ég það svolítið til að sökkva inn í sjálfan mig og slaka á einfaldlega vegna þess að ég fékk tækifæri til þess. Hugsanlega hef ég á einhverjum tímapunkti sagt óviðeigandi orð eða of grófa brandara.

Fræðararnir náðu vel til krakkana og þeim þótti gaman í fræðslu. Þar af leiðandi komust skilaboðin vel til skila. Götuhátíðin heppnaðist líka með eindæmum mjög vel. Undir lok sumars vorum við kannski farin að hljóma svolítið eins og vélmenni og minni metnaður lagður í fræðslunnar.

Að sumu leyti Já. Þeir krakkar sem við erum að tala við hlusta á okkur og verða fyrir áhrifum. Hinsvegar eru þeir krakkar sem þurfa mest á þessari fræðslu að halda einhverstaða langt frá okkar fræðslu. Þeir eru ekki endilega þátttakendur í skipulögðu starfi s.s. vinnuskólanum. Það væri hægt að virkja fræðsluna á fleiri stöðum t.d. í íþróttafélögum, skólum, félagsmiðstöðvum og í kringum allskonar atburði t.d. Samfés.

Það er nauðsynlegt að hafa einhverja forvarnastarfsemi í gangi og allir unglingar ættu að eiga rétt á að fá að hlýða á a.m.k. eina svona fræðslu.

Mér fannst samstarf okkar við vinnuskólann ganga mjög vel. Aðeins smáatriði voru eitthvað til vandræða s.s. vegna leiðbeininga og slíkt. Ekkert alvarlegt.

Mjög góðir, þeir voru allstaðar einn eða tveir spaðar er þeir réðu aldrei öllum hópnum og því gekk fræðslan alltaf mjög vel. Það var góð tilbreyting að fá að koma inn í hópinn með sérstöku krökkunum í TippTopp starfi Hins Hússins og þótti mér það einna áhugaverðast.

Mestur tími hefur farið í að tala um vímuefni (áfengi og kannabis) og kynlíf. Sjálfsmynd fylgir þessu fast á eftir. Krakkarnir virtust hafa mestan áhuga á þessum viðfangsefnum.

Fræðslan hefði mátt vera einbeittari og skipulagðri á tímabili en hinsvegar tel ég að það þurfi að hafa fræðsluna svolítið „chillaða“ til að krakkarnir fíli sig sem best í henni. Það má hinsvegar eins og áður kom fram, fjölga fræðslustöðum og mér þætti kannski sniðugt ef fræðsluhópar tækju 4. og 3. flokk í t.d. fótbolta og fræddu þá um ýmis málefni, skaðsemi munntóbaks og háttvísi og um að líta jákvætt á hlutina, í stað þess að skamma og hrósa þá frekar.

Mér fannst það mjög sniðugt. Það var hægt að lesa einstaklinga frekar vel út frá þessu ráðningaferli. Bæði hvernig við komum fram fyrir framan hóp og einnig hvernig við vorum maður á mann, eða maður á mann og konu í mínu tilfelli. Takk fyrir mig.

Hildur Hjörvar



Mér líður frábærlega í vinnunni. Virkilega, frábærlega. Þetta er skemmtilegasta starf sem ég hef nokkru sinni verið í og ég er orðin klökk yfir því að þurfa að hætta. Það hefur virkilega ekki komið upp sú staða að ég vakna á morgnanna og kvíði því að fara í vinnuna – ekki einu sinni! Vinnuandinn er frábær – allir fræðararnir virðast mér vera svo sáttir með að hafa fengið þessa vinnu að engum dettur annað í hug en að vera í sólskinsskapi alla daga. Ég tel mig hafa náð miklum persónulegum framförum í að koma fram, tala og tjá mig fyrir framan hóp fólks.

Mín sterkasta hlið held ég að séu staðreyndir – í tveggja manna teyminu virkaði það dálítið þannig að ég droppaði staðreynd og Anton vann úr henni, dæmi: “20-30% Íslendinga smitast af herpes” – “sem þýðir að 2-3 hérna inni fá herpes – þælið í því!”. Svoleiðis kerfi – sem virkaði bara mjög fínt! Ég held að minn helsti veiki blettur hafi verið hvernig á að díla við klið – ég átti það til að verða svolítið leiðinleg við krakka sem voru eitthvað að hvísla og blaðra, oftast með svona “Nonni minn, viltu deila einhverju með okkur?” en það kom nú svo sjaldan upp á að það var ekki mikið vandamál.

Það sem helst hefur gengið illa er skipulag, þá aðallega í samstarfi við Vinnuskólann – eins og dagarnir þar sem óvart eru kannski 45 manns í fræðslu og aðrir dagar þar sem óvart eru kannski bara þrír – svoleiðis uppákomur verða mjög leiðinlegar til lengdar, en auðvitað er erfitt að halda skipulagi á svona rosalega mörgum vinnuhópum – ég held bara að það væri hægt að gera það mun betur. Svo er líka leiðinlegt – þó HA hafi sjaldan lent í því – þegar fræðslunnar eru fyrir utan bæinn og þá í skúrum, umhverfið er þá svo dautt og drepur svolítið andann í fræðslu – oft mjög lélegar aðstæður með of fáum stólum og biluðum hitara: öllum kalt og illt í rassinum... Annars held ég að Jafningjafræðslan sé ein mikilvægasta fræðsla sem krakkarnir fá – það er auðvitað mismunandi eftir hópum og einstaklingum en maður sér hvað maður er að veita sumum krökkum algjörlega nýja sýn á lífið og þau efni sem við erum að tala um – gott dæmi er strákur sem var hjá mér, Perlu og Árna í fræðslu í Grindavík sem fór að tala um það í hléinu, þegar við vorum nýbúin að tala um galla áfengisneyslu að hann hefði aldrei þælt í því að það væri eitthvað slæmt við áfengi annað en þynnka og peningaeyðslan, þetta var alveg nýtt fyrir honum!

Ég hafði ofboðslega gaman af því að kynnast öllum krökkunum og í heildina voru hóparnir virkilega skemmtilegir, sérstaklega skemmtilegt þegar maður lenti í hóp sem var virkilega til í að spjalla og ræða um efnið, og það var ekki lítið af hópum! Í fræðslu fór það algjörlega eftir hópum hvað tók mestan tíma, en oftast fór mestur partur fyrir hádegi í að kynnast, koma okkur að efninu og tala um sjálfsmyndina, photoshop, lýtaaðgerðir, átraskanir og þunglyndi í framhaldi af því. Í sambandi við að bæta fræðslunnar dettur mér afskaplega fátt í hug – helst bara það að hafa þetta betur skipulagt hjá Vinnuskólanum. Svo kom það einnig tvisvar upp á að einn eða fleiri krakkar töluðu ekki íslensku og gátu þess vegna ekkert tekið þátt í fræðslu og stundum er einhver erfiður einstaklingur í hópnum, t.d. einn með Asperger-heilkenni, sem við myndum vilja vita af fyrirfram til að geta undirbúið okkur í stað þess að koma af fjöllum þegar komið er í fræðslu. Auðvitað hefðum við átt að fá að heyra þetta þegar við hringjum í leiðbeinendurna daginn áður en í um helmingi tilfella var ekki hægt að ná í þá, sem er auðvitað mjög slæmt.

Mér fannst ráðningarferlið hálfurðulegt, a.m.k. fyrri prufan, ég átti bágð með að skilja hvernig valið var úr í henni, fannst þetta allt frekar „random“ og var hálfhvumsa þegar ég fékk boð í næstu prufu. Seinni prufan fannst mér svo „lógískari“ og eðlilegri og mjög fínt viðtal bara. Ég var dálítið hissa á hópunum í byrjun en sá eftir á hvað við þössuðum vel saman og vógum hvort annað upp, fannst það ganga mjög vel. Mér finnst langlangflest ganga mjög vel hjá Jafningjafræðslunni, mér sýnist allir fræðararnir leggja sig alla fram og hafa mikinn áhuga á því sem þeir gera – sem gerir fræðslunnar auðvitað betri.

Ég hef mikinn áhuga á að vera virk í vetrarstarfinu - myndi elska það! Ég veit reyndar ekki svo mikið hvernig það gengur fyrir sig, skilst að það fari að hluta til fram í menntaskólum, sem ég held að væri frábærlega skemmtilegt, það var a.m.k. mjög áhugavert að fræða '90-'92 módelin í Grindavík, krefjandi og skemmtilegt. Þessir krakkar hafa kannski meiri hugmynd um það sem við erum að tala um og ég held að þær fræðslur gætu tekið á sig meira umræðuform en aðrar, þar sem fólk hefur lært betur að tjá sig og ræða saman eftir að komið er í menntaskóla. Ég finn mikið fyrir því persónulega hvað ég hef þroskast á því að starfa hjá Jafningjafræðslunni, ég er mun öruggari með mig og þori að prófa eitthvað nýtt.

Ég held að þessi reynsla muni halda áfram að nýtast mér í mörg, mörg ár og ég er ótrúlega ánægð með að hafa starfað hjá Jafningjafræðslunni í sumar. Takk kærlega fyrir frábært sumar!

Perla Magnúsdóttir



Mér hefur liðið virkilega vel í vinnunni þetta sumar og segja mætti að starfið hafi verið ótrúlega uppbyggjandi fyrir sjálfa mig. Það hefur margt gengið vel hjá mér í starfinu en það helsta er ef til vill hve vel ég næ með samstarfsmönnum mínum, og hve jákvæð ég er í garð vinnunnar.

Einnig hef ég reynt að vera hvetjandi og drífandi og það hefur tekist nokkuð vel held ég bara. Ef ég spái í því hvað ég mætti laga hjá mér þá væri það helst það að undir lokin á sumrinu var ég orðin tiltölulega þreytt á umfjöllunarefnum okkar og

var ef til vill ekki jafn spennt fyrir fræðslu og ég hefði getað verið. Einnig hefði ég getað náð betur til krakkanna í nestis- og frítímum með spjalli.

Í starfi JF er ótrúlega margt sem hefur gengið vel. Samstarfið er klárlega það besta sem ég hef nokkurn tíma átt í og ýtir það undir það að vinnan er skemmtilegri og áhugasamari. Maður hlakkar til að takast á við verkefni dagsins og maður getur alltaf leitað ráða til hinna fræðaranna og ykkar Eddu.

Fræðslunnar sjálfar hafa líka langflestar gengið mjög vel. Krakkarnir taka þátt í umræðunum og virðast taka viðfangsefnin til sín, a.m.k. mörg hver og held ég að það stafi að stórum hluta vegna þess að við leggjum mikið upp úr því að mæta þeim á jafningjagrundvelli. Fræðslunnar eru líka skemmtilegar og „upppeppandi“ fyrir krakkana (vá mörg P!!). Mér finnst hafa gengið vel að koma af stað nýjum verkefnum og andrúmsloftið er mjög jákvætt, enda snilldarfólk að vinna í JF.

Það sem mér hefur fundist ganga illa í starfinu er mun minna en það sem gekk vel, og verður það að teljast mikill kostur :) Ef til vill hefðum við mátt nýta sérhverja fræðslu betur til þess að skila meiri fræðslu af okkur. Stundum finnst manni líka að við hefðum mátt reyna að ná betur til krakkanna og fá þá til að tjá sig meira um málefnið (það getur verið mjög snúið!) Ef til vill hefðum við getað verið duglegri að auglýsa JF með greinum í blöðin og almennri umfjöllun og upptækum.

Ég er alveg viss um að JF hafi verið að skila af sér miklum árangri í sumar. Hóparnir sem við mættum voru langflestir mjög jákvæðir í garð okkar, og við tölum um svo mörg umfjöllunarefni í hverri fræðslu að það hlýtur að vera að hver og einn einstaklingur finni eitthvað í fræðslunni sem talar til hans sjálfs.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að við reynum að ná til krakkanna til hins ýtrasta í gegnum jafningjagrundvöllinn, en þó bara upp að vissu marki. Við erum heldur ekkert að reyna að verða þeirra bestu vinir. En samt verðum við að vera meðvituð um að nýta okkur það að þetta eru krakkar aðeins yngri en við og þess vegna náum við líklega mun betur til þeirra heldur en kennarar og aðrir fræðimenn. Mjög gott þegar við náum upp spjalli okkar á milli í fræðslu, náum að „bonda“ með þeim. Það er þá þegar þau fara að tjá sig einna mest.

Ég tel starfsemi JF vera mjög mikilvæga, t.d. hefur það stundum gerst í sumar að e-r bíll kallar í átt að hópnum "Farið þið nú að vinna krakkar og hættið þessu hangsi", og þá hugsa ég alltaf "Váá, þessi gæi áttar sig ekki á því að einmitt þessi vinna krakkana í dag nær líklega að þroska þau meira en öll hin vinna sumarsins". Mér finnst mjög gott að ná til krakkana áður en þau fara í menntaskólann því á þessum aldri eru þau frekar meðtækileg og á mjög miklum tímamótum í lífi sínu. Þau eru mörg hver rétt að byrja að fíkta við áfengi og önnur vímuefni, og því er mikilvægt að ná til þeirra meðan þau eru

enn á þeim aldri. Og það sama gildir um sjálfsmyndina og lífsviðhorfin. Það sem þau venja sig á, á þessum árum, er það veganesti sem þau eru að fara að byggja framtíð sína á að miklu leyti.

Varðandi samstarf okkar við vinnuskólann dettur mér fátt í hug sem mætti bæta. Ef til vill gæti verið e-s konar dýpra námskeið fyrir leiðbeinendurnar í vinnuskólanum, svo þau gætu fengið að e-u leyti sömu vitneskju og við fræðararnir höfum, því þau eru að umgangast ungmennin á hverjum degi og geta því haft mikil áhrif á þau, og verið fyrirmyndir þeirra.

Unglingahóparnir sem ég fræddi voru auðvitað mjög misjafnir. En þrátt fyrir það voru langflestir af þeim mjög meðtækilegir og skemmtilegir. Auðvitað fundust þó alltaf krakkar inn á milli sem var mjög erfitt að ná til. Í heildina lítið voru þau áhugasöm, mörg hver þó mjög feimin. Í rauninni verð ég að viðurkenna að þau voru miklu "betri" en ég bjóst við í byrjun sumars. Ef til vill voru skoðanir mínar of litaðar af þeirri staðalímynd að krakkar í dag séu bara spilltir og latir.

Mesti tími fræðsla fór í almenna fræðslu frá okkur, oft náðist því miður ekki nógu mikil umræða í hópunum. Ég er þó viss um að það hafi frekar staðið af feimni en ekki áhugaleysi hjá krökkunum. Við eyddum yfirleitt mesta tímanum okkar í sjálfsmyndina, kynlíf&klám og alls konar vímuefni (þá er ég líka að tala um tóbak og áfengi).

Til þess að bæta fræðsluna væri gott að reyna eftir fremsta megni að ná meira út úr krökkunum, því á þann hátt verður fræðslan skilvirkust. Eftir fremsta megni er nauðsynlegt að forðast það að fræðslan fari að líkjast einhverskonar fyrirlestrarformi. Til að ná til krakkanna er gott að spyrja mikið og tala til þeirra eins og til hverja aðra félaga sinna. (Þó að passa upp á sín mörk!)

Ráðningarferlið fannst mér frekar gallalítið, a.m.k. ekkert sem mér dettur í hug. Mér fannst fyrsti tíminn með Agga mjög góður þar sem maður þurfti að koma fram fyrir hópinn og tjá sig um ýmisleg málefni, með því var hægt að sigta út krakka sem hafa lítið sjálfstraust og eru feimin, því flest þeirra eru ekki efni í góða jafningjafræðara að mínu mati. Einnig fannst mér viðtölin mjög ýtarleg og góð. Ef til vill svolítið stressandi vegna þess hve nákvæm þau voru.

Hópastarfið gekk frábærlega!! Ég, Davíð og Árni náðum virkilega vel saman, og ég gæti í rauninni ekki hugsað mér betri samstarfsfélaga. Við bættum upp veikleika hvors annars. Ég með skipulagi, Árni með yfirsýn og báða fætur á jörðinni og Davíð með einlægum áhuga.

Fræðararnir eru allir að leggja sig mikið fram að mínu mati. Við erum auðvitað öll mjög misjöfn og hver hefur sína styrkleika og veikleika.

Hvað vetrarstarfið varðar þá hef ég mikinn áhuga á að fá að vera partur af því! Mér er búið að finnast virkilega gaman í sumar, og það er frábært að vakna á morgnanna vitandi það að maður sé að gera gagn í vinnunni sinni, og sá litlum fráum út um alla borg. Í vetur sé ég fram á að stofna til meira sambands við félagsmiðstöðvarnar, og jafnvel stofna einnig tengsl við íþróttafélög. Þar er mikið hægt að tala um hópþrýsting og jákvætt hugarfar t.d.

Ég hugsa að sjaldan hafi ég náð jafn miklum þroska á eins stuttum tíma og núna í sumar, þá sérstaklega á fyrstu 2 vikum sumarsins þegar fræðslan fyrir okkur fræðarana fór fram. Ég hef styrkt sjálfsmynd mína, stækkað þægindahring minn töluvert, ég kann betur að halda uppi samræðum (félagsleg færni hefur snarhækkað), ég veit fullt af staðreyndum um ýmisleg málefni sem er mjög gott

að vita. Skoðanir mínar gagnvart áfengi, tóbaki og t.d. klámi hafa breyst mikið, og ég er orðin meðvitaðri um það hvaða ákvarðanir ég tek í lífinu.

Takk fyrir ógleymanlegt sumar, ég er mjög þakklát fyrir að hafa mátt tekið þátt í þessu og lagt mitt að mörkum :)

Þú og Edda hafið líka verið virkilega góðir yfirmenn.

GÓ JAFNINGJAFRÆÐSLAN!!

Reynir Hans Reynisson



Í vinnunni líður mér mjög vel. Það er mikil jákvæðni og hvatning í kringum mig og enginn dagur er eins. Það sem hefur gengið vel er hvernig ég hef náð að kynnast og tengjast krökkunum í hópnum, einnig unglínunum sem við erum að fræða, hvernig ég hef náð að tileinka mér það sem ég hef lært í sumar (jákvæðni, betri sjálfsmynd o.s.frv.) og hvernig ég hef náð að hafa áhrif á fólk í kringum mig. Ég var spurður af því í einni fræðslunni, Reynir hvernig ferðu af því að vera svona alltaf brosandí? Þetta sýnir þann árangur sem ég hef náð í JF.

Að ná að koma reynslu minni saman í einn pakka og leyfa öðrum að njóta. Ég hef sjaldan unnið í jafn þéttum hóp og það hefur hjálpaði mikið í sumar. Einnig fann ég að ég átti auðvelt með að „bonda“ með krökkunum og það gerði fræðsluna enn betri. Það sem hefði mátt fara betur er að ég var dálítið hlédrægur í byrjun í fræðslu, það er samt örugglega vegna þess að maður var enn kaldur. Vélin að fara að stað. Það gerðist nokkrum sinnum að við töluðum of lengi um eitt umræðuefnið en of stutt um önnur. Við fórum oft eftir ákveðinni formúlu, vana sem við höfðum mótað okkur. Það sem ég hefði viljað ganga betur væri að læra fleiri staðreyndir utan að og koma þeim til skila, fá meiri drifkraft í meðfræðarana og hvetja þau áfram.

Það sem gekk mjög vel í sumar var að við áttum auðvelt með að stjórna hópnum. Við gáfum þeim skýr skilaboð um að við værum komin til að gefa þeim glaðan dag, einnig að við værum komin til að leiðbeina ekki skipa þeim fyrir. Einnig fannst mér að ég ætti auðvelt með að koma efninu til skila, vekja hjá krökkunum athygli og skapa umræður. Við vorum oft spurð af því hvort að við gætum komið aftur, en það sýnir hve áhrifarík fræðslan sem við veitum ungmennum er, þau vilja meira. Það sem hefði mátt fara betur væri tímastjórnun, við vorum ekki alltaf á réttum tíma og áttum það til að missa okkur frekar í einu umfangefni. En það hefur líka góðar hliðar, því oftast voru þetta mikilvægustu umfangsefnin, það er vímuefni og kynlíf.

Það sem mér fannst óþægilegast var að stundum kom það upp að við vorum ósammála um staðreyndir og hvað skal gera. Einn fræðarinn kemur með tillögum um leik en henni er neitað af öðrum fræðara. Það kom fyrir að það gekk illa að halda athygli í hópnum, en það gerðist þó nokkrum sinnum. Það hafði áhrif á gang fræðslunnar. Yfir heildina litið þá gengu bræðslur í sumar einkar vel, þær voru misjafnar eins og þær voru margar.

JF hefur nánast skilað tilætluðum árangri. Vegna þess að JF veitir unglingum marktækari fræðslu þar sem ungur fræðir ungan og maður sér það að krakkarnir taki meira mark á manni. Krakkarnir horfa og hlusta á mann, en ég er ekki viss um að allt það sem ég segi við þau munu þau geyma með sér það sem eftir er. Þess finnst mér mikilvægt að Jafningjafræðslan sé gerð að stærra batteríi svo auðveldara sé fyrir JF að koma boðskapnum oftar til skila. En það sem ég er að meina er að JF hefur náð sínum markmiðum, það er að við höfum haft mikil áhrif á marga krakka í sumar. Þau hafa tekið orð okkar gild og geyma þau hjá sér. En eins og mamma segir oft að vísa er sjaldan of oft kveðin. Þess vegna trúir ég að JF gæti náð stærri árangri ef starfsemi hennar er gerð stærri, umfangsmeiri svo hægt sé að fræða krakka oftar en einu sinni.

Starfsemi JF er virkilega mikilvæg, hún gefur okkur unglingum tækifæri til að fá fræðslu frá jafnöldrum, krökkum sem eru á sama stað í lífinu, hafa svipuð áhugamál og eru að upplifa svipaða hluti. Með þessu að vopni ná unglingar að tengja fræðsluna inn í sitt eigið líf sem eykur líkurnar á því að þau taki mark á henni. Starfsemi JF veitir unglingum nýja sín á lífið, hvetur þá til að hugsa jákvætt og bæta sjálfsmynd sína. Því að góð sjálfsmynd er lykill að góðu lífi. Þess vegna er ég á þeirri skoðun að starfsemi JF er virkilega mikilvæg fyrir unglinga á Íslandi, sérstaklega núna þegar ástandið í samfélaginu er eins og við þekkjum.

Það sem hefði mátt fara betur með Vinnuskólann að oft kom það fyrir að maður náði ekki í leiðbeinanda. Við vorum oft að fræða til hálf fjögur, fjögur og eftir hana var gengið frá. Þegar maður ætlaði að hringja í leiðbeinanda sem sér um hóp næsta dag kom það oft fyrir að slökkt var á símanum og þar af leiðandi vissi maður ekki 100% hvert maður átti að mæta daginn eftir eða hverju maður máttu búast. Þetta olli smá óöryggi sem reddaðist þó alltaf. Aftur má móti var samvinnan við Vinnuskólann virkilega góð og til fyrirmyndar. Allir leiðbeinendurnir tóku vel á móti manni og vildu gera allt fyrir mann. Þau voru okkur innan handar ef eitthvað kæmi uppá.

Það kom mér á óvart hversu góðir unglingahóparnir voru sem ég heimsótti í sumar. Flestir af þessum hópum vildi maður helst vilja vera partur af og fá að vinna með í sumar. Til dæmis krakkarnir í Miðbergi sem voru með Kaffihúsið, krakkarnir við Rauðvatn og í Grindavík. Auðvitað voru hóparnir misjafnir eins og þeir eru margir, en yfir heildina er ég virkilega sáttur og þakklátur fyrir að fá tækifæri til að kynnast þeim.

Mesti tíminn fór í fræðsluna sjálfa. Tímabrekustu umræðuefnin voru oftast nær sjálfsmynd, kynlíf og vímuefni.

Fræðslan er virkilega vel upp sett eins og hún er en alltaf má skafa meira af beinunum. Til dæmis mætti viðhalda og bæta þekkingu fræðarana enn betur með því að láta þá þreyta próf oftár yfir sumarið. Það myndi hafa hvetjandi áhrif fyrir þá að lesa sig um efnið og koma tvíefldir til leiks.

Ég hef farið í gegnum 3 ráðningarferli í JF (2007, 2008 og 2009) og séð það góða og slæma. Ráðningarferlið í ár fannst mér sanngjarnt og leyfa öllum þeim sem vildu að sýna hvað í þeim býr. Til dæmis voru þrúfurnar þannig háttaðar að fólki var hrint út úr þægindahringnum og athugað hvernig það bergst undir ýmsum aðstæðum. En það sem mér fannst mikilvægast var að fá tækifæri til að standa fyrir framan hópinn og fá að lýsa sinni einlægri löngun á starfinu. Viðtalið var krefjandi og fékk mann til að hugsa dýpra um starfið. Það kastaði manni enn lengra út úr þægindahringnum þar sem maður var spurður spjörunum úr og látin færa rök fyrir máli sínu. Ég er mjög þakklátur fyrir ráðningaferlið í ár og finnst mér að það hafi verið eins sanngjarnt og hægt er.

Hópastarfið í JF gekk mjög vel, eiginlega miklu betur en mér hafði geta hugsað mér. Ég hef sjaldan lent í hóp sem hefur á jafn stuttum tíma orðið eins þéttur í JF 2009. Kostirnir við hópastarfið voru allir þeir misjöfnu þrautir sem hópurninn var látinn ganga í gegnum í undirbúningsferlinu. Þeir urðu til þess að hópurninn varð enn þéttari og enn meiri jákvæðni ríkir innan hans. Þetta verð til þess að auðveldara var að vinna með hópnum í sumar sem gerði þetta sumar að einu af því skemmtilegra í mínu lífi.

Ég tel að allir fræðarar hafi lagt sig 100% fram í starfi sínu, þeir sýndu það í þeim áhuga sem þeir hafa á starfinu, lífsgleði í leik og starfi, og þeim samhug sem þeir sýndi í hópnum. Ég starfaði mest með Unni og Torfa og veit ekki 100% hvernig hinir stöfuðu eða hvernig. En mín reynsla á samstarfi mínu

með Unni og Torfa er glæsileg. Oft lendir maður í hópi þar sem maður verður þreyttur á einstaklingi til lengdar en það gerðist ekki í þessum hóp. Unnur er lífsglöð og ljúf stelpa sem var ávallt með allt sitt á hreinu, gott er að vera í kringum hana og með brosi sínu hvetur hún mann áfram. Torfi er ákveðinn og hress strákur með mikinn drifkraft og nærveru. Þægilegt er að starfa í kringum hann því að hann drífur mann áfram. Ég hefði varla getað starfað með betri krökkum í sumar.

Ég hef mikinn áhuga á að starfa í JF í vetur, það væri sannur heiður. Til dæmis gæti JF haldið stutta fræðslu í hádegishléum í Menntaskólum og náð þannig til fleira fólks á styttri tíma. Einnig gæti JF haldið fleiri uppákomur innan mennta og grunnskólanna, farið á opið hús í félagsmiðstöðvum, sundlaugarpartý, böll og samkomur.

Reynsla sumarsins hefur verið mér rosalega dýrmæt. Ég finn að ég er enn þá lífsglaðari og öruggari með sjálfan mig. Þetta gerir það að verkum að ég er sjálfstæðri og sterki einstaklingur. Ég er orðinn öruggari í tjáningu við annað fólk, mér finnst þægilegra að kynnast ókunnugum og nálgast fólk. Ég er orðinn ákveðnari að setja mig markmið og ná þeim. Einn af mikilvægustu eiginleikum er sú þekking sem ég hef hlotið í sumar, hún mun nýtast mér og öðrum í framtíðinni.

TAKK FYRIR MIG :D

Torfi Bryn­geirsson



Síðan ég byrjaði að vinna í Jafningjafræðslunni þá hefur mér alltaf liðið mjög vel. Mér finnst hópurinn vera ólíkur og fjölbreyttur en samt er eitt sem við eigum sameiginlegt, virðing. Það er þessi virðing sem lætur mig líða vel og langa til þess að mæta í vinnuna. Allt sumarið er búið að ganga ótrúlega vel hjá mér. Mér finnst ég vera orðinn sterkari í mannlegum samskiptum og mér finnst ég orðinn meira gagnrýninn á hluti sem ég hafði áður aldrei haft skoðun á.

Það sem hefur kannski ekki gengið vel hjá mér eru greinaskrifin. Ég valdi umræðuefni sem var um stærra en ég gerði mér grein fyrir, en hún er þó komin langt og er að verða tilbúin. Starf JF hefur gengið mjög vel, ég held að við fengum aldrei matsblöð um okkur eftir fræðslu þar sem fram kom að fræðslan hefði ekki verið skemmtileg og fræðandi. Svo ef við lítum á það sem við höfum gert fyrir utan fræðslu, götuhátíðin t.d. þá gekk hún líka mjög vel. Í raun og veru finn ég ekkert sem hefur gengið illa, nema jú við náðum ekki að halda sundlaugarpartýið á tilteknum tíma er erum þó að fara að halda það sem sýnir að við náum að gera það sem við stefndum að (fyrir utan hringferðina okkar kannski). Mér finnst við hafa náð okkar markmiðum 100%. Við fræddum alla þá hópa sem við ætluðum að fræða en mér finnst að JF ætti ekki bara að vera yfir sumartímamann heldur vetur, haust og vortímamann líka, því starfsemi JF er ótrúlega mikilvæg fyrir krakka sem eru að fara inn í lífið.

Samstarf okkar við vinnuskólana var fínt, planið var samt oft að breytast og mér fannst leiðbeinendurnir vera oftar með slökkt á vinnusímanum heldur en kveikt, það þarf að laga það. Unglingahóparnir voru allir mjög svipaðir, sumir sterkari en aðrir þó. Það sem einkenndi þá að þau voru flest öll lærdómsfús og tilbúin til að hlusta. Annað sem einkenndi hópana var að mesti tíminn fór oftast í að tala um sjálfsmyndina, auglýsingaheiminn og svo „sprengjuna“ en umræðan um áfengi og vímuefni fékk það nafn hjá okkur. Ég er ekki viss um hvað ætti að bæta því við erum komin til þess að spjalla á jafningjanótum en ekki að vera eins og kennarar, þannig að mér finnst hver og ein fræðsla vera ólík innbyrðis og því er erfitt að segja hvað má bæta, en auðvitað verður maður að passa að missa ekki fræðsluna í fíflaskap.

Ráðningarferlið fannst mér sniðugt til þess að spotta út hverjir væru hressir, opnir, taka frumkvæðið og snjallir. Í ráðningaferlinu sýndi maður hvernig maður var fyrir framan (og í kringum) mikið af fólki og líka í kringjum minni hóp í atvinnuviðtalinu. Gallarnir eru kannski þeir að fólk fékk ekki alveg að sýna hvað í þeim bjó því það voru svo margir í inntökuprófinu, en annars fannst mér það mjög sanngjarnt og sniðugt.

Ég var í hópi með Reyni Hans og Unni. Við náðum öll að tengjast vel og samstarfið var mjög gott og góður andi ríkti í hópnum og fólk náði að tjá sig innan hans. Stundum leið mér eins og „pabbanum eða stóra bróðurnum“ í hópnum því oft fór umræðan út í einhverja aðra sálma sem er í sjálfu sér stundum gott en ekki ef það er í of miklu magni. En annars er ég ótrúlega sáttur með hópinn minn og við vorum öll með ákveðnar stöður innan hópsins og allir fræðararnir stóðu sig vel. Mér fannst Unnur taka af sér það hlutverk að tala mikið um kynlíf og þess háttar, Reynir var sterkur í sjálfsmyndinni og var með allar staðreyndirnar á hreinu þar og sjálfum mér fannst ég taka það hlutverk að tala um áfengi og vímuefna ásamt tóbaki. Þrátt fyrir að mér fannst við öll eiga ákveðin „óskráð hlutverk“

innan hópsins voru allir fræðararnir vel á nótunum í öllum málefnum. Við vorum vel skipulögð um hvaða málefni átti að koma næst á eftir öðru og myndaðist sterk „rútína“ hjá okkur í fræðslu.

Fræðararnir stóðu sig mjög vel og má segja að við höfum eiginlega ekki geta verið án hvort annars eins og Reynir vissi alltaf allar staðsetningar á stöðunum sem við vorum að fara á, ég hafði vöðvana til að bera toppana (haha) og Unnur var alltaf morgunhress og kom okkur strax í gírinn fyrir fræðslu.

Varðandi vetrarstarfið þá finnst mér ótrúlega mikilvægt að halda því áfram því svona hlutir lærast ekki á einum degi. Þetta er eins og að sparka með veikari löppinni í fótbolta, það þarf að gera það oft. Því hef ég mikinn áhuga á að vera virkur í vetur. Ekki bara að ég fræði krakkana heldur líka sjálfan mig. Hugmyndir sem ég er með eru t.d. að fræða ekki bara nýnema heldur nánast alla aldurshópa því það eru margir sem hafa ekki fengið fræðslu áður. Annars finnst mér svona hugmyndavinna virka best þ.e. þegar hópurinn kemur saman og „brainstormar“. En annars finnst mér það mjög mikilvægt að halda áfram að fræða.

En þegar á botninn er hvolft, þá er ég búinn að læra ótrúlega mikið. Ekki bara um öll umræðuefnin sem við erum búin að vera að tala um heldur bara að hugsa jákvætt og það er búin að vera ótrúlega mikil hugarfarsbreyting hjá mér og vill ég þakka ykkur fyrir að hafa veitt mér ekki bara þessa vinnu heldur svör við mörgum spurningum sem ég mun örugglega þurfa að spyrja sjálfan mig að í framtíðinni.

Takk fyrir samstarfið og sumarið

Unnur Eggertsdóttir



Í sumar fékk ég þann heiður að vinna í Jafningjafræðslunni. Þessi reynsla hefur verið einstök og ótrúlega fræðandi. Það kom ekki einn dagur þar sem mér leið illa í vinnunni heldur var alltaf gaman og jákvætt andrúmsloft. Ég tel að stór þáttur í velgengni sumarsins felist í því hversu náinn hópurinn minn, RUT, var. Við náðum óvenju vel saman sem varð til þess að okkur gekk alltaf ótrúlega vel að fræða og vorum við fljót komin með ákveðna rútínu sem við fórum eftir. Það var alltaf mjög gott flæði sem við vorum þó dugleg að brjóta upp af og til með leikjum o.fl.

Eini gallinn sem ég tók eftir í RUT var að við vorum stundum að grípa mikið frammí fyrir hvoru öðru. Þá var bara mikilvægt að draga sig aðeins til hlés. Þetta gerðist þó bara út af því að við vorum með svo mikið af góðum staðreyndum og okkur langaði öllum að koma þeim vel og örugglega til skila. Það sem mér fannst líka mjög skemmtilegt var þegar hóparnir voru að vinna á sama stað því það braut aðeins upp hléin hjá okkur og það var mjög gaman að sameina hópana í leikjunum. Mér finnst fræðarahópurinn í heild sinni frábær og finnst merkilegt hversu vel við náðum öll 10 (að Eddu meðtöldri) vel saman. Allir í hópnum eru með gríðarlegan metnað fyrir þessari starfsemi og allir lögðu sig allan fram í að gera fræðsluna eins fjölbreyttar og skemmtilegar eins og hægt er.

Fræðslunnar sjálfar voru oft eintóm gleði. Í heildina séð voru langflestir í unglingavinnuhóparnir mjög skemmtilegir og hressir krakkar sem voru mjög áhugasamir og fannst gaman og lærdómsríkt í fræðslunni. Það voru einstaka hópar sem voru mjög erfiðir eða voru með nokkra erfiða einstaklinga. Ég tel að við höfum lært langmest þá daga þar sem það tók miklu meira á og við lærðum alltaf eitthvað nýtt og öðluðumst reynslu á því hvernig við ættum að takast á við þannig aðstæður.

Ég held að meiri hlutinn af tímanum í fræðslunni hafi farið í almennar umræður. Við vorum oft dugleg að fá krakkana til að segja sínar skoðanir og koma með þeirra álit á viðfangsefninu því oft voru þau með mikið af ranghugmyndum sem er mjög mikilvægt að leiðrétta um leið. Einnig fengum við þó nokkrar reynslusögur, t.d. frá stelpum sem hefðu orðið fyrir kynferðislegu áreitni. Þá fannst mér mjög mikilvægt að tala persónulega við þá stelpu eftir fræðslu og hrósa henni fyrir að opna sig og ræða þá um Stígamót og undirstrika að þetta var að sjálfsögðu ekki henni að kenna.

Mér fannst fræðslunnar alltaf ganga mjög vel fyrir sig en þó voru við stundum lengi að keyra hópinn af stað því flestir voru svo rosalega þreyttir um morguninn og ekki viljugir að fara í leiki. Þá var mikilvægt að reyna að vinna þau á sitt band sem fyrst til að fá þau til að vera aðeins meira samvinnuþýð.

Persónulega fannst mér ég standa mig ágætlega í að höfða til krakkanna, enda bara einu ári eldri en þau. Stundum fannst mér þó eins og þau tækju minna mark á mér vegna þess hversu ung ég er en það voru aðallega töffararnir. Reynir og Torfi voru þó mjög duglegir að höfða til þeirra en þá náði ég betur til hinna. Í lok dagsins var þetta oftast orðið mjög jafnt og hópurinn mjög móttækilegur. Við í RUT vorum frekar fljót að koma hálfgerðri hlutverkaskipan á okkur og var ég kannski "hjúkkan" í hópnum. Ég talaði mest um sjálfsmyndina, kynlíf og getnaðarvarnir og félagslegu þættina í sambandi

við vímuefni. Strákarnir voru meira í því að koma með prósentur og staðreyndir um skaðsemi og fannst mér þetta pússlast mjög vel saman.

Mér finnst starfsemi JF gríðarlega mikilvæg. Þetta er svo sniðug starfsemi, að jafningjafræðarar fræði ungt fólk. Það er tekið mikið mark á okkur og þau fá svör við spurningum sem þau mundu annars ekki þora að spyrja. Við fengum góð viðbrögð sem endurspeglast í matsblöðunum og krakkarnir kvarta undan því að fá ekki svona fræðslu oftari. Það var sérstaklega gefandi þegar krakkar voru ósammála einhverju sem við vorum að segja en skipti svo strax um skoðun þegar við vorum búin að koma með staðreyndir sem þau höfðu ekki heyrt um.

Eina sem mér fannst ganga illa í starfsemi JF er hversu óþekkt þetta er. Ég þarf oft að útskýra fyrir fólki hvað JF er. Því ætti JF að vera duglegri að auglýsa sig eins og þegar við héldum snilldar Götuhátíðina í sumar. Samstarfið við Vinnuskólann hefði getað gengið betur. Við vissum oft ekkert hvert við ættum að mæta. T.d. þegar við áttum að mæta í Öskjuhlíð, sem varð til þess að við mættum of seint í fræðslu og það bitnaði á krökkunum. Betra væri að fá kort með staðsetningum og vita með betri fyrirvara hvort farið yrði í rútu eða ekki.

Viðtalið sem við fórum í var mjög stressandi. Ferlið var mjög skemmtilegt og reyndi verulega á “þægindahringinn”. Ég skemmti mér mjög vel í spunaæfingunum og fannst gaman að vinna með fólki sem ég þekkti ekki. Það reyndi mikið á samvinnuhæfileika. Í viðtalinu sem fylgdi eftir því var mikið spurt um mig og aðstæður mínar sem var mjög gott. Ég fékk að segja mínar skoðanir á ýmsum málefnum en stundum var ég algjörlega óundirbúin. T.d. þegar ég var spurð um lögleiðingu Kannabis og aldur í sambandi við kynlíf hafði ég ekki hugmynd um hvað ég ætti að segja því ég bjóst alls ekki við að fá þannig spurningar.

Ég hef mjög mikinn áhuga á að fá að vera með í vetrarstarfinu. Mér finnst þetta ótrúlega skemmtilegt starf og hef lært svo mikið og vonast til að geta haldið áfram að læra meira og meira. Ég held að vetrarstarfsemin sé líka sniðug og held það gæti verið sniðugt að hafa kannski myndir til að sýna krökkunum, t.d. af kynsjúkdómum og mynd af heila sem er í neyslu.

Þessi reynsla sem ég fékk í JF í sumar er sú dýrmætasta. Ég hef aldrei verið í jafn skemmtilegu starfi með jafn skemmtilegu fólki. Sjálfsmyndin mín er búin að bætast verulega því maður er daglega að hamra á mikilvægi þess. Það endurspeglast í ýmsum hlutum. Frá því að vera almennt jákvæðari í bara að vera miklu fúsari til þess að sleppa því að mála mig (eins óspennandi og það hljómar). Einnig hafa “leiðtogahæfileikar” okkar allra aukist mjög.

Ég vil bara þakka kærlega fyrir skemmtilegasta sumar sem ég hef upplifað. Trausti Jónsson á líka stórt hrós skilið fyrir fyrsta daginn okkar þar sem við vorum í Nauthólsvík. Hann náði að koma hópnum mjög vel saman og lærðum við fullt af skemmtilegum leikjum. Svo var námskeiðið sem við fengum algjör snilld, skemmtilegir fyrirlestrar og þá sérstaklega frá Dale Carnegie og Agga. Ég veit að þótt við séum búin að vinna í sumar þá er þetta starf sem við fylgjum eftir alla ævi og höldum áfram að miðla þekkingu okkar!

Takk fyrir mig.

4.7. Svót greining



og svo mætti lengi telja.

Svót-greining er afar einfalt tæki sem oft er beitt á fyrirtæki. Greiningin felst í því að kortleggja hverjir eru helstu styrkleikar fyrirtækisins, hverjir veikleikarnir, hvaða ógnanir steðja að því og hvaða sóknarfæri það hefur.

Í sinni einföldustu mynd felst greiningin í því að búa til lista með þessum fjórum þáttum fyrir tiltekið fyrirtæki. Hægt er að beita svót-greiningu á fleira en fyrirtæki, til dæmis landsvæði, tungumál, stýrikerfi tölva, sjálfan sig

Ég fékk hvert jafningjafræðara-teymi fyrir sig til að fylla út slíka svót greiningu á starfsemi Jafningjafræðslunnar. Edda Sigfúsdóttir millistjórnandi fyllti einnig út slíkt mat. Niðurstöðuna má sjá á næstu blaðsíðum.

4.7.1. Teymi 1: HAH-hópur



Styrkleikar: Styrkleikar Jafningjafræðslunnar liggja einna helst í því formi sem forvarnarstarfið tekur. Með því að láta ungmenni fræða önnur ungmenni kemst boðskapurinn betur til skila því ungmennin nenna frekar að hlusta á jafningja sína en eldra fólk - jafningjarnir verða ungmennunum fyrirmyndir. Með því að fræða krakkana þegar þeir eru á leið í menntaskóla er hægt að kynna þau fyrir menntaskólalífinu frá sjónarhorni menntskælings – frekar en frá kennara eða starfsmanni. Þegar krakkarnir eru svo á leið í sama skóla og

jafningjarnir veita þeim þeim ákveðna öryggistilfinningu gegn stressinu sem fylgir því að skipta um skóla – þeim þykir þægilegt að þekkja eldri nema og sá getur einnig verið þeim fyrirmynd gegnum fyrstu árin af menntaskóla. Styrkleikar JF felast einnig í þeim góðu áhrifum sem þetta hefur á fræðarana og hvernig þau áhrif halda áfram að gefa af sér eftir að sumarvinnunni er lokið. Með því að gera nokkra meðlimi ungu kynslóðarinnar vel útlærða í forvarnarmálum halda þau áfram að deila boðskapnum með því fólki sem þau hitta á lífsleiðinni. Fræðararnir læra að vinna með öðrum – bæði gegnum skipulagða viðburði og svo fræðslunnar sjálfar. Jafningjafræðslan hefur gott orðspor og getur þannig sankað að sér stuðningi fyrir starf sitt. Fáránlega gott.

Veikleikar: En svo við dettum aðeins í veikleika Jafningjafræðslunnar þá vega þeir afskaplega lítið gegn styrkleikunum. Sá helsti væri kannski sá að auðvitað er erfitt að uppfæra fræðarana af öllum þeim forvarnarfróðleik sem þau gætu mögulega þurft á að halda á þessum tveggja vikna kúrs svo einstaka sinnum koma upp spurningar sem fræðararnir vita ekki svörin við – en þá vita þeir hvert á að beina spurningunum. Annar veikleiki væri svo sá að erfitt er að ná að tala við heilan árgang, þar sem fræðslunnar fara fram gegnum Vinnuskólann eru einhverjir krakkar sem aldrei fá fræðslu – og svo auðvitað skorturinn á fræðslu utan höfuðborgarinnar.

Ógnanir: Jafningjafræðslunni stendur ógn frá tveimur máláðilum. Annars vegar þeim aðilum sem eru á móti fíkniefnaboðskapnum, t.d. fylgjendum lögleiðingar kannabis, og hins vegar þeim krökkum sem hafa heyrt þeirra rökfærslur, trúá þeim og bera þær með sér í fræðslu. Mikilvægasta vopnið gegn þessum rökfærslum, sem geta skemmt boðskap heilu daganna, er að fara ekki að rífast við krakkana heldur taka vel í rökfærslur þeirra en skjóta þær niður á góðlátlegan hátt með „massífum“ mótrökum. Annað sem ógnar Jafningjafræðslunni er helst skortur á fjármagni og sú hætta að starfið geti ekki haldið áfram sökum fjárskorts.

Tækifæri: Vegna þess góða orðspors sem Jafningjafræðslan hefur á hún auðvelt með að safna stuðningi vegna viðburða á hennar vegum – sem dreifir boðskapnum enn víðar en bara í Vinnuskólann. Auðvitað á öll starfsemi undir högg að sækja á krepputímum en það sýndi sig að önnur sveitarfélög en Reykjavíkurborg höfðu áhuga – allt þar til P-orðið var dregið upp. Því teljum við að innan áratugar, þegar kreppan er liðin og orðspor Jafningjafræðslunnar hefur dreifst enn víðar, verði komið upp fræðsluteymum um allt land, svo ná megi til fleiri en bara höfuðborgarbúa. Starfið er nú þegar öflugt þar sem það er, en getur vaxið um allt land.

4.7.2. Teymi 2: PÁD-hópur



Styrkleikar: Einn helsti styrkleikur Jafningjafræðslunnar er jákvætt andrúmsloft. Það stuðlar að betri líðan í vinnunni og hvetur mann meira til þess að vinna heldur en að þvinga mann til þess. Starfsfólkið er allt mjög hvetjandi og hugmyndaríkt sem og opið fyrir nýjum áskorunum. Hugmyndafræðin, jafningi fræðir jafningja, er að okkar mati frábær leið til þess að ná til krakkanna. Við hittum krakkana á þeirra vinnutíma og það hjálpar við það að fá sem mest út úr þeim, þau fá borgað fyrir að tala um þetta og það er m.a. þeirra hvatning. Það sem

hjálpur okkur mikið við fræðslu er að við fáum að fræða nýjan hóp á hverjum degi, við fáum hvítt blað hvern einasta dag til þess að teikna okkar fallegustu mynd. Fræðararnir hafa mikinn áhuga á umfjöllunarefnunum og því leggja þau meira í vinnuna sína en ella. Einnig eru fræðararnir vel fræddir og því enginn vafi á vankunnáttu þeirra. Jafningjafræðslan tilheyrir Reykjavíkurborg sem gerir það að verkum að JF hefur frábært tengslanet. Þetta tengslanet getur verið nýtt til allskyns verkefna sem hægt er að koma fram skilaboðum.

Veikleikar: Við getum ekki mætt öllum þeim kröfum sem krakkarnir hafa. Við erum ekki sérfræðingar og því getum við ekki svarað öllum spurningum. Við verðum þreytt á því að tala um sömu hlutina aftur og aftur og því geta síðustu fræðslunnar stundum verið að einhverju leyti metnaðarlausar. Við getum ekki alltaf talað um allt sem okkur langar því við höfum takmarkaðan tíma á hvern hóp. Því miður „fokkaðist“ allt efnahagslíf upp í október og því höfum við ekki nægilegt fjármagn og við myndum vilja til þess að fræða breiðari hóp sem og landsbyggðina. Í fræðslu hefur það komið upp að við höfum þurft að ljúga svolítið um sjálf okkur og getum ekki verið fullkomlega hreinskilin t.d. hvenær við byrjuðum að drekka og hvort við höfum prófað gras. Það getur verið erfitt að ná til krakkana sem þurfa mest á fræðslunni að halda vegna þess að þau eru oft ekki í skipulagðri starfsemi svo sem íþróttum, skóla, vinnu o.fl. Tíminn í Hinu Húsinu hefði mátt nýta betur.

Ógnanir: Það getur verið ógnun vitandi það að ef maður setur fram röng skilaboð gæti maður vísað þeim á ranga braut. Við sjálf erum ekki fullkomin og getum því ekki alltaf verið góð fyrirmynd t.d. drekka sum okkar o.s.frv. Sú staða getur komið upp að krakkarnir eru fróðari en við um þau málefni sem koma upp og það getur verið ógnandi. Það getur einnig verið ógnandi þegar krakkarnir taka ekki mark á okkur og finnst við vera hallærisleg. Fræðslunnar geta stundum hljómað eins og klisjur.

Tækifæri: Við fáum tækifæri til þess að beina krökkum á rétta braut í lífinu með því að styrkja sjálfsmynd þess. Við vekjum meðvitund krakkanna og víkkum sjóndeildarhring þeirra. JF gæti verið verkefni sem mætti stækka enn meira svipað og gert var með Ölveus-verkefnið. Það mætti virkja betur starf JF með skóla, íþróttafélögum, landsbyggðinni, félagsmiðstöðvum. Hægt væri að samtvinnna JF við svipaðar stofnanir erlendis.- Hver og einn hefur rétt á því að fá JF-fræðslu einu sinni á sínu lífsskeiði.

4.7.3. Teymi 3: RUT-hópur



Styrkleikar: Styrkleikar Jafningjafræðslunnar eru mjög margir og víðþættir. Þeir skara á vítt svið í persónulegum málum ungs fólks. Til dæmis minnkar hún líkur á því að unglingur tileinkar sér óæskilega áhættuhegðun (eiturlyf, drykkja, átröskun o.s.frv.) sem getur haft alvarlegar afleiðingar á líf hans. Jafningjafræðslan ýtir undir jákvæðni og góða sjálfsmynd sem er grundvöllur fyrir hamingju- og árangursríkt líf. Hún bætir vonandi lífsviðhorf þeirra sem fá fræðslu sem endurspeglar í bættri kynslóð. Jafningjafræðslan gefur englinum

ákveðið veganesti og verkfæri sem þau geta nýtt sér þegar á reynir. Til að mynda hvað skal gera í erfiðum aðstæðum (hópþrýstingur, hugsað gagnrýnið á samfélagið, vera sjálfstæð o.s.frv.).

Einn mikilvægast þáttur Jafningjafræðslunnar er að hún er marktækari þar sem fræðarar eru á sama og svipuðum aldri og unglingarnir sem fá fræðslu. Þetta eykur líkurnar á að unglingar hlusti, sýni áhuga og taki mark á staðreyndum. Ef fræðslan er framkvæmd rétt eru líkur á að unglingur sem er að detta af réttri braut átti sig á aðstæðum sínum og rétti sig af, og síðar miðli þekkingu sinni áfram. Jafningjafræðslan er sérstaklega mikilvægt á þessum tíma, neikvæðni og mótlæti er ríkjandi þáttur í samfélaginu okkar. Þess vegna aukast líkur á að unglingar leiti sér styttri leiða til að láta sér líða vel og láti mótlætið yfirbuga sig. Í fræðslu er farið í mikið af leikjum og þátttakendur þurfa oft að gera hluti sem þeim finnst óþægilegir sem hvetur þá til að stækka þægindasvið þeirra. Þetta hefur jákvæð áhrif á hópefli innan hópsins.

Það sem Jafningjafræðslan gerir einnig er að hún fræðir ekki bara unglingana heldur fræðarana, sem tileinka sér boðskapinn og heilbrigðari lífstíl. Þeir munu lifa á starfi Jafningjafræðslunnar allt sitt líf.

Veikleikar : Ef fræðslan er framkvæmd á réttan hátt, þ.e.a.s. fræðarar koma fram sem jafningjar en ekki kennarar, þá hefur hún fáa veikleika. Fræðarar fengu mjög innihaldsríkt og lærdómsmikið námskeið sem kom beint frá fagaðilum. Þetta gerði það að verkum að allar staðreyndir í fræðslu voru marktækar.

Það má segja að einn veikleiki Jafningjafræðslunnar sé hversu sjaldan hver unglingavinnuhópur fær fræðslu. Því oftast sem fræðsla yrði því meira myndu allar staðreyndir síast inn og vera aðgengilegri.

Ógnanir: Það er þunn lína milli veikleika og ógnana en við teljum ógnanir Jafningjafræðslunnar vera meira fólgin í fræðslunni sjálfri, þ.e.a.s. ef fræðarar koma upplýsingunum til skila á rangan hátt. Sem dæmi má nefna að fræðsla getur vakið forvitni á viðfangsefninu (drykkju, eiturlyf, átraskanir) og hvatt til áhættuhegðunar.

Svo getur fræðsla líka vakið hræðslu og vonleysi hjá einhverjum sem er mögulega byrjaður að stunda hegðunina og fær því efasemdir um framtíð sína. Því er mikilvægt að hvetja til betri og jákvæðri lífstíll í staðinn fyrir að einblína aðeins á neikvæðu hliðarnar. Það getur einnig haft öfug áhrif, því sjálfsmynd einstaklingsins getur verið í hættu.

Tækifæri : Eins og við nefndum í styrkleikunum þá eru gríðarleg tækifæri sem fylgja því að fá fræðslu. Einstaklingur sem er byrjaður að stunda áhættuhegðun fær tækifæri til að snúa blaðinu við með

aukni vitneskju frá Jafningjafræðslunni. Krakkarnir fá tækifæri til að sjá fyrirmyndir í fræðurunum sem eru búin að tileinka sér heilbrigðum lífstíl. Þetta vekur löngun hjá unglingum til að forðast neikvæða hegðun. Krakkarnir sem fá fræðslu eru ekki einu sem fá aukin tækifæri heldur einnig fræðararnir. Þeir læra að tileinka sér jákvæðum og heilbrigðum hugsunarhætti og þar sem þau eru að vinna með þessi viðfangsefni á hverjum degi í starfi sínu verður þetta að vana í þeirra daglega lífi.

4.7.4. Edda Sigfúsdóttir



Styrkleikar: Styrkleikar Jafningjafræðslunnar eru t.d. þeir að Jafningjafræðslan er að vinna mjög gott starf og eru flestir mjög sammála um það. Það hefur líka sýnt sig undanfarin ár að fræðslan er að skila sér og við erum að hafa áhrif á þau ungmenni sem við fræðum. Matsblöðin úr fræðslunum sýna okkur mjög almenna ánægju með fræðslunnar. Við náum ekki bara að koma einhverjum fróðleik inn í krakkana heldur erum við líka að skilja eftir skemmtilegan dag sem situr þeim fast í minni. Í ár var mjög góður hópur sem styrkir enn meira stöðu Jafningjafræðslunnar. Í hópnum voru einstaklingar sem eru líklegir til að viðhalda því að vera fyrirmyndir þó að þau séu ekki enn starfandi í Jafningjafræðslunni. Þau tóku starfi sínu og því sem fylgir því alvarlega. Í sumar hefur starfið styrkst til muna, m.a. vegna Götuhátíðarinnar sem vakti gríðarlega athygli og vegna góðra samninga við fyrirtæki eins og VÍS, ASÍ og Vífilfell. Þetta voru samningar sem við bjuggumst ekki endilega við þar sem við vorum með kreppuna efst í huga. Vilji VÍS fyrir áframhaldandi samstarfi næsta sumar setur okkur í góða stöðu.

Veikleikar: Það eru t.d. þeir að Hitt húsið er sífellt að berjast fyrir því að þetta starf verði áfram starfandi. Lítið fjármagn er sett í þessa starfsemi og eru launin fyrir neðan allar hellur. Lægri greiðsla en atvinnuleysisbætur fyrir mikilvægt og krefjandi starf sem þetta er engan veginn ásættanlegt. Aðrir veikleikar eru t.d. þeir að þó svo að við séum alltaf að vekja meiri og meiri athygli á okkur að þá er ennþá langt í land að þeim stað sem við viljum vera á hvað það varðar.

Ógnanir: Eru t.d. þær að á endanum verði ekki nægjanlegt fjármagn sem haldi þessu starfi uppi. Hinsvegar finnst mér það vera mjög mikil svartsýni, og óþarfi að hafa áhyggjur af því eins og staðan er í dag. Önnur ógn er sú að Vinnuskólin hefur ekki getað borgað okkur fyrir fræðslu sem við höfum verið með fyrir þau í sumar sem er verra fyrir okkur vegna þess hve lítið fjármagn við höfum. Aðrar ógnir eru að sjálfsögðu að alltaf eru einhverjir sem setja sig upp á móti þeim málstað sem við tökum. Það verða alltaf til einstaklingar sem eru með lögleiðingu fíkniefna og það er okkar hlutverk að leiðrétta þá glansímynd sem ríkir á þessu efni.

Tækifæri: Mjög gott tækifæri til þess að ná til ungu kynslóðarinnar og miðla til þeirra þeim upplýsingum sem er nauðsynlegt fyrir þau að fá. Þetta er tækifæri til þess að ná til krakkanna á annan hátt en oft áður. Þarna eru fyrirmyndir á ferð sem nálgast krakkana sem jafningjar og eru tiltölulega nýbúin að ganga í gegnum sama aldursskeið. Á sumrin er tækifæri fyrir okkur að ná til krakka í Vinnuskóla Reykjavíkur og vonandi aukast tækifæri okkar til þess að fara út á land. Á veturna höfum við tækifæri til þess að fara í Félagsmiðstöðvar og Framhaldsskóla ásamt því sem Davíð jafningjafræðari kom með þá frábæru hugmynd að setja okkur í samstarf við HSÍ og KSÍ og reyna ná til krakka í yngri flokkum í íþróttum. Einnig höfum við tækifæri til þess að gera ýmsa skemmtilega hluti eins og með Götuhátíðina núna í sumar. Við höfum tækifæri til þess að láta okkur detta ýmsa hluti í hug og láta að því verða. Það er hægt að gera ýmislegt þó lítið fjármagn sé til staðar!

4.8. Götuhátíð



Við Edda tókum meðvitaða ákvörðun um að hafa götuhátíð Jafningjafræðslunnar mun veglegri heldur en síðustu ár. Við töldum þetta vera ráðlegt þar sem okkur fannst vanta mikið upp á markaðssetningu á Jafningjafræðslunni. Einnig áttum við bæði góðar æskuminningar frá Götuhátíð Jafningjafræðslunnar fyrir mörgum árum. Sú staðreynd að slík minning skuli lifa með okkur í öll þessi ár hlýtur að segja mikið um það mikla kynningargildi sem að slík hátíð getur haft. Við lögðum gríðarlega mikla vinnu í undirbúning


götuhátíðarinnar en við sáum alfarið um alla skipulagningu og framkvæmd á hátíðinni.

Götuhátíðin fór fram á Austurvelli 10. júlí frá kl. 15-19 en á sama tíma fór fram þingfundur í alþingishúsinu þar sem Icesave-deilan var til umræðu. Mótmælendur sem voru fyrir framan alþingishúsið sýndu okkur þó skilning og tóku okkur fagnandi. Það var einstaklega ánægjulegt hvað veðurguðirnir voru góðir við okkur en við fengum einn fallegasta og heitasta sumardag ársins. Eins og við var að búast í slíku blíðskaparveðri þá lét mætingin ekki á sér standa. Austurvöllur var stútfullur af fólki og mikil þjóðhátíðarstemming ríkti hjá ungum jafnt sem öldnum.

Við fengum öll tilskilin leyfi frá Lögreglu og Reykjavíkurborg og sáum sjálf um alla uppsetningu og hreinsun á svæðinu. Við fengum sviðsvagn ÍTR til að mæta á sviðið og notuðum hljóðkerfi frá Hinu Húsinu. Arnar Gauti Markússon sá um tæknilegu hliðina og var í hlutverki hljóðmanns á tónleikunum. Eftirfarandi hljómsveitir spiluðu á hátíðinni: Anna Hlín, Bermuda, BMV, Haffi Haff, Bróðir Svartúlfs, Jón Ragnar Jónsson, Íris Hólm, Oddur Júlíusson, Ramses, Kicks, We went to space og Sing for me Sandra. Vert er að taka fram að allar hljómsveitir spiluðu í sjálfboðavinnu.

Fyrir utan þessa mögnuðu tónlistarveislu þá buðum við gestum upp á grillaðar pylsur, bergtopp, fanta, nammi, candy floss og smokka. Við stilltum einnig upp leiktækjum frá ÍTR s.s. mini-golfi, stultum og fleira ásamt því að vera með uppblásin hoppukastala fyrir yngstu kynslóðina. Við settum einnig upp svokallaða „gisk-stöð“ þar sem gestum gafst kostur á að vinna sér inn vinninga með því að giska rétt svar við allskonar þrautum og spurningum s.s. hversu margar cocoa-puffs kúlur eru inn í glerbúri? Hversu margar appelsínur eru inn í bleiku ferðatöskunni? Hversu mörg prósent ungmenna í 10. bekk á Íslandi reykja sigarettur? Hversu mörg prósent 10.bekkinga á Íslandi drekka áfengi? Ef giskað var á rétt svar við einhverja staðhæfingu vann viðkomandi sér inn matarúttektir frá Serrano, fótbolta frá Goða og/eða hárvörur frá Loga og Bjögga. Þá var Wally götulistamaður einnig á svæðinu og skemmti fólki af sinni alkunnu snilld og hópar frá tveimur stærstu símafyrirtækjum landsins mættu á svæðið í karnival-búningum og gáfu fólki alls kyns glaðninga s.s. útileguteppi og frisbee-diska. Allt ofangreint var gestum og gangandi algjörlega að kostnaðarlausu.

Hátíðin tókst í einu orði sagt frábærlega og framar okkar björtustu vonum. Allt fór vel fram og mætingin var í einu orði sagt ótrúleg. Við teljum götuhátíðina hafa skilað tilætluðum árangri og vel það. Við fengum gríðarlega góða kynningu og náðum án efa að festa nafn Jafningjafræðslunnar í hugum margra. Þá gerðu fjölmiðlar hátíðinni einnig gríðarlega góð skil en nánar verður fjallað um það í næsta kafla. Á næstu blaðsíðum má sjá nokkrar vel valdar ljósmyndir frá hátíðinni.







4.9. Fjölmiðlaumfjöllun sumarstarfs

Í upphafi sumars settum við okkur það markmið að lyfta grettistaki í kynningarmálum Jafningjafræðslunnar. Við teljum okkur hafa náð þessu markmiði með glæsibrag enda höfum við fengið hrós fyrir það úr ýmsum áttum. Við fengum virkilega góða fjölmiðlaumfjöllun yfir sumartímann í öllum helstu miðlum (í netheimum, sjónvarpi, blöðum og útvarpi). Við fengum góða athygli í upphafi sumars eftir að við sendum út fréttatilkynningu um að „500 ungmenni hafi sótt um aðeins 9 lausar stöður í Jafningjafræðslunni“ og svo fengum við einnig mikla fjölmiðla athygli í kringum götuhátíðina. Þá kem ég til með að senda inn greinar um hin ýmsu forvarnamál eftir Jafningjafræðara í morgunblaðið og monitor á næstu misserum en hver og einn fræðari skilaði inn tveimur greinum í sumar.

Allir helstu miðlar landsins kynntu og fjölluðu um götuhátíðina okkar. Þar á meðal má nefna: stöð 2, rúv, mbl.is, vísir.is, fm957, X-ið, flash-fm, eyjan.is, pressan.is o.fl. Við viljum virkilega hrósa fréttamönnum Stöðvar 2 og vefsjónvarpsfréttum mbl.is fyrir langar og greinagóðar sjónvarpsfréttir um hátíðina þrátt fyrir að stórbruni hafi verið á Þingvöllum sama dag. Það er einnig virkilega gaman að segja frá því að Árni og Perla fluttu frumsamið lag í nafni Jafningjafræðslunnar í fjölmörgum útvarpsviðtölum sem fóru fram seinustu dagana fyrir hátíðina. Nánar er fjallað um lagið í kafla 4.11.

Hér fyrir neðan má sjá örstutt sýnishorn af þeirri fjölmiðlaumfjöllun sem við fengum í netheimum sumar.

www.mbl.is:

Forsiða

Viðskipti

Fólkið

Íþróttir

Enski boltinn

Bloggið

Morgunblaðið

Erlent • Tækni og vísindi • News in English • Sjónvarp • Veður • ESB og Ísland • **SHADÖR**

teignir

ur & vín

ðavefur

juhúsnæði

áauglýsingar

óna

inasafn

dasafn

rifrarvefur

rgunblaðið

da inn efni

myndakeppni

Canon

9

in!

þátt!

Innlent | mbl.is | 5.6.2009 | 14:25

500 sóttu um 9 lausar stöður

Um 500 ungmenni sóttu um 9 lausar störf hjá Jafningjafræðslunni í ár en vanalega sækja um 100-150 ungmenni um þessi störf. „Þetta er gríðarlega mikil aukning frá síðastu árum en það hafa aldrei áður jafn margir sótt um laus störf hjá okkur“ segir Jón Heiðar Gunnarsson framkvæmdarstjóri Jafningjafræðslunnar, í tilkynningu.

Hann segir að það hafi ekki verið auðvelt val að velja aðeins 9 ungmenni úr 500 manna hóp en það hafi þó tekist eftir langt og strangt ráðningarferli. Hann bætir við að þetta sé í fyrsta skiptið sem

Senda frétt

Upplestur á frétt

Deila

Blogga um frétt

Bloggað um fréttina

Skorðal

Jafningjafræðslan - Já?

Hugmyndin á bakvið fræðsluna er sú að ungt fólk fræði annað ungt fólk á jafningjagrundvelli.

að strákar séu í meirihluta í hópnum.

Jafningjafræðslan sinnir uppbyggilegu forvarnarstarfi fyrir ungt fólk.

Nánari upplýsingar hér.

73

ForsíðaFréttirViðskiptiÍþróttirKaffistofanVeröld Mörtu MariuPressupennarGulapressuúttektirAðsent efniTjörupressanFréttir af öðrum miðlumPólitík

10. júl. 2009 - 21:10

Jafningjafræðsla Hins Hússins sló í gegn með götuhátíð á troðfullum Austurvelli

Jafningjafræðsla Hins Hússins sló í gegn með götuhátíð á Austurvelli seinni part dagsins í dag ef marka má fullyrðingar Davíðs Más Stefánssonar, eins fræðara í spjalli við Pressuna í kvöld.

„Þetta gekk rosalega vel. Það var geðveikt veður, rétt eins og einhver hefði lagt inn pöntun fyrir því,“ segir Davíð. „Allur Austurvöllur var lagður undir götuhátíðina og það má segja að hann hafi verið alveg troðfullur frá fólki á aldrinum 0 ára... og uppúr!“

Það er Jafningjafræðsla Hins Hússins sem stóð að undirbúningi hátíðarinnar undanfarna daga, en fjöldi skemmtilegheita, tónlistaratriða, leiktækja og þrauta var á svæðinu. „Eg tók sérstaklega eftir því að margir krakkanna, sem Jafningjafræðslan hefur verið að tala við að undanförunu mætti,“ segir Davíð hress og kátur að vonum.



Jón var hvergi nærri einn á Austurvelli í dag.
Getty Images

Fréttir af VIS 16.7.2009

VÍS – fremst meðal jafningja



Nýlega var gengið frá samningi á milli jafningjafræðslunnar og VIS.

Jafningjafræðslan er á vegum Hins hússins og gengur hugmyndafræði þeirra út á að jafningjar fræði jafningja um fíkniefnaforvarnir. VÍS hefur áður átt samstarf við Jafningjafræðslu framhaldsskólanna með góðum árangri. Það voru þau Jón Heiðar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Jafningjafræðslunnar, og Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnafulltrúi há VÍS, sem undirrituðu samninginn. Hægt er að kynna sér starfsemi Jafningjafræðslunnar á www.jafningjafraedslan.is



ERTU MEÐ SPURNINGU?

SENDU FYRIRSPURN



FÁÐU RÁÐGJÖF OG
TILBOÐ Í TRYGGINGARNAR
ÞÍNAR

Tekið úr fréttablaðinu (þar sem við fengum einnig forsíðumynd)



GÓÐUR HÓPUR Jón Heiðar fyrir miðju hópsins sem starfar hjá Jafningjafræðslu Hins hússins í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JAFNINGJAFRÆÐSLA HINS HÚSSINS: HLEYPUR AUKNUM KRAFTI Í GÖTUHÁTÍÐ

Mikið húllumhæ niðri í bæ

Mikið verður um að vera í miðbæ Reykjavíkur á morgun en þá stendur Jafningjafræðsla Hins hússins fyrir umfangsmikilli götuhátíð á Austurvelli milli klukkan 15 og 19. „Þarna kemur fram fjöldi tónlistarmanna; Haffi Haff, Kicks, Sing for Me Sandra, Ramses og fleiri. Auk þess verða ýmsar uppákomur, leiktæki, minigolf og grillmatar og gos, sem við ætlum að gefa ásamt kandiflossi og smokkum. Þetta verður allsherjar húllumhæ,“ segir Jón Heiðar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Jafningjafræðslu Hins hússins.

Að hans sögn er götuhátíðin, sem verður með stærra sniði en áður, liður í að hleypa krafti í og vekja athygli á starfsemi Jafningjafræðslunnar, sem hefur verið starfrækt með hléum frá árinu 1996. „Frá upphafi hefur starfsemin verið fólgin í forvarnastarfi

sem byggir á þeirri hugmyndafræði að ungir fræði unga. Á upphafsárunum réðum við til okkar fyrrum fíkla til að deila reynslu sinni með krökkunum en nú ráðum við eingöngu til okkar ungt og frambærilegt fólk á aldrinum 16 til 21 ára, sem er góðar fyrirmyndir.“

Hjá Jafningjafræðslunni starfa auk Jóns einn millistjórnandi og níu fræðslufulltrúar á sumrin þegar mest er að gera, en alls sóttu um 500 manns um störf í ár sem er metaðsókn. Spurður hvort ekki hafi verið hægt að nýta þessa krafta segir Jón að þarna hafi sannarlega verið nægilegur efniviður í nokkra góða hópa en því miður hafi Jafningjafræðslan eingöngu fjármagn til að halda úti níu manna fræðsluhópi á launum. Hann bendir á að vilji menn leggja fræðslunni lið sem sjálfboðaliðar sé því tekið fagnandi.

En hvers vegna er þörf á að hleypa krafti í starfið nú? „Alls staðar er verið að skera rosalega niður í forvarnaverkefnum. Þegar kreppa skall á í Finnlandi var einmitt gripið til svipaðra aðgerða og þeir eru enn að glíma við þau félagslegu vandamál sem sköpuðust, sem sýnir hversu slæmt er ef forvarnafræðsla lendir í kreppuhnífnun.“

Talið berst þá aftur að hátíðinni, sem Jón segir líka haldna til að sýna að ungmennti geti skemmt sér án þess að hafa áfengi um hönd. „Það þarf ekki að vera hluti af pakkanum.“ Hann segist reikna með ágættri þátttöku þótt erfitt sé að spá fyrir um endanlega tölu. „Það fer eftir veðri og vindum og svo vonum við að mótmæli verði ekki á sama tíma,“ segir hann, þakklátur öllum sem leggja Jafningjafræðslunni lið á morgun.

roald@frettabladid.is

4.10. Fésbók



Við tókum virkan þátt í nýjustu samskipta-tækniþyngingu samtímans og stofnuðum „facebook“- síðu fyrir Jafningjafræðsluna. Við nýttum síðuna óspart til að kynna okkur og okkar starfsemi. Við eignuðumst fullt af facebook vinum ásamt því að dæla inn fullt af myndum og myndböndum úr starfinu.

Vert er að benda á að hlutverk jafningjafræðaranna sem fyrirmyndir er veigameira nú heldur en nokkurn tíma áður með tilkomu samskiptavefsins „Facebook“. Ástæðan er sú að jafningjafræðararnir eru merkt inn á myndir á „facebook“-síðu

Jafningjafræðslunnar. Með þessari nýju tækni er þannig hætt að fylgjast mun betur með hverjum einstakling heldur en áður og því er mun meiri pressa á þeim að standa sig og lifa eftir því sem þau eru að predika, alltaf. Miðað við frammistöðu þeirra í sumar þá efast ég ekki um að þau eigi eftir að halda sínu striki sem fyrirmyndir á næstu árum þar sem hópurinn tók boðskap verkefnisins til sín persónulega. Þau endurskoðuðu lífstíl sinn í samræmi við áherslur og markmið Jafningjafræðslunnar eins og sést á viðtölum við þau.

Fésbók-tæknin er ódýr og áhrifarík leið sem kemur pottþétt til með að nýtast okkur vel til að ná til ungs fólks í framtíðinni.

4.11. Lag Jafningjafræðslunnar



Jafningjafræðararnir Árni, Davíð og Perla tóku sig til og sömdu Jafningjafræðslulagið árið 2009. Lagið ber titilinn „Óður til ljótra katta“ og er bæði létt og skemmtilegt. Árni leikur á gítar í laginu og Perla syngur. Megin-inntakið í laginu er það að útlitið skiptir ekki öllu máli en þessi boðskapur er settur fram á mjög fyndinn og skemmtilegan hátt. Krakkarnir tóku sig til og sungu lagið í öllum þeim útvarpsviðtölum sem þau fóru í fyrir Götuhátíðina og þetta framtak vakti að vonum athygli og kátínu hlustenda.

Arnar Gauti Markússon lagið upp og hljóðblandaði það niður í Hinu Húsi. Undirritaður tók sig til og klippti myndband við lagið og smelti því inn á heimasíðu Jafningjafræðslunnar og Hins Hússins ásamt því að smella því inn á Fésbókina. Þetta tel ég vera lífleg og skemmtileg hefð sem ég vona að verði árleg hér eftir ☺

4.12. Samstarfsaðilar

Við lögðum á okkur mikla vinnu við að koma Jafningjafræðsluna á framfæri við hin ýmsu fyrirtæki með þá von í brjósti að fá inn styrktaraðila. Mjög margir aðilar neituðu okkur undir þeim formerkjum að þeir stæðu svo illa í kreppunni að þeir gætu ekki lagt okkur lið og lítið þýddi að leita til íslenskra banka þar sem nýlega er búið að ríkisvæða þá alla. Það er hinsvegar virkilega gaman að segja frá því að okkur tókst þó að krækja í nokkra nýja styrktaraðila þrátt fyrir slæmt ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar og við erum mjög stolt af þeim árangri.

Reykjavíkurborg/ÍTR

Reykjavíkurborg/ÍTR er aðal rekstraraðili Jafningjafræðslunnar og starfið gæti aldrei gengið upp í núverandi mynd án stuðnings frá Reykjavíkurborg. Ómar Einarsson, framkvæmdarstjóri ÍTR, kom okkur til bjargar þegar að í ljós kom að Vinnuskóli Reykjavíkur gæti ekki greitt fyrir Jafningjafræðslu að þessu sinni með því að leggja út fjárhagslegan styrk að andvirði 1.000.000 kr. sem brúaði bilið. Þá fræddum við einnig fjöldann allan af hópum frá ÍTR í sumar með góðum árangri.

Lýðheilsustöð

Í ár hlaut Jafningjafræðslan styrk úr Forvarnasjóði Lýðheilsustöðvar líkt og síðustu ár. Úthlutun úr sjóðnum fór fram 15. Júní í Austurbæjarbíói - Húsi unga fólksins. Það var heilbrigðisráðherra, Ögmundur Jónasson, sem úthlutaði styrkjum úr sjóðnum til 45 mismunandi verkefna og sem betur fer var Jafningjafræðslan þar á meðal. Styrkurinn var fjárstyrkur að upphæð 800.000 kr. og vert er að taka fram að Jafningjafræðslan gæti varla lifað af án þess að treysta á slíkan styrk frá Lýðheilsustöð.

Vinnuskóli Reykjavíkur

Samstarf við Vinnuskóla Reykjavíkur var mjög gott í sumar. Vinnuskólinn útvegaði okkur 3 síma og strætókort en sá sér ekki fært að greiða fyrir fræðsluna að þessu sinni. Við vorum í mestum samskiptum við yfirleiðbeinendurna Bjarnfríði Leósdóttir og Erlend Egilsson (sjá þeirra mat á sumrinu hér fyrir ofan í kafla 4.6.3.). Allt samstarf við þau var til fyrirmyndar og þau eiga hrós skilið fyrir velvilja og skemmtilegt samstarf. Allir leiðbeinendur höfðu skilning á því að þeir ættu ekki að vera með í fræðslu og engin stórvægileg vandamál komu upp. Þá er vert að taka fram að Landnemahópur Vinnuskólans lagði á sig ómælda vinnu á Götuhátíðinni okkar og án þeirra hefði hún aldrei gengið jafn vel og raunin varð.

Eina sem hægt er að setja út á samstarfið við Vinnuskólann er að það hefði verið betra að fá fræðsluplanið örlítið fyrr frá þeim. Hinsvegar urðu miklar breytingar á starfsliði Vinnuskólans á síðustu stundu og því var ekki verið mögulegt að láta okkur fá þetta plan fyrr. Við höfum að sjálfsögðu fullan skilning á því enda gekk þetta allt saman upp fyrir rest. Helsta kvörtunatriðið frá jafningjafræðurunum var að leiðbeinendur vinnuskólans væru of oft með slökkt á vinnusímum sínum. Þar bar að áréttu að fræðararnir eru þar að tala um leiðbeinendur en ekki yfirleiðbeinendur. Eins og

sjá má þá eru þessi vandamál aðeins smávægileg og því má í heildina segja að samstarfið við Vinnuskólann hafi tekist virkilega vel upp. Ég vil því þakka vinnuskólanum kærlega fyrir gott samstarf og ég vil einnig þakka heimasíðu vinnuskólans fyrir að auglýsa götuhátíðina okkar. Vonandi verður samstarfið aftur jafn gott á næsta ári.

Vífilfell



Við skrifuðum formlega undir samning við Vífilfell 23. júní þar sem Rannveig H. Brink var tengiliður okkar inn í fyrirtækið. Samningurinn var í raun og veru beint framhald af samstarfi síðustu ára þar sem Vífilfell veitir okkur fjárstyrk að upphæð 100.000 kr. ásamt því að gefa okkur bergtopp sem við útteilum í fræðslu sumarsins. Þar fyrir utan fengum við mikið magn af drykkjum til að gefa á Götuhátíð okkar. Við fáum væntanlega einnig drykki frá þeim til að gefa gestum í væntanlegri sundlaugarveislu sem fer fram á næstunni. Allt samstarf

við Vífilfell gekk mjög vel og velvild Rannveigar í okkar garð er til fyrirmyndar. Þá útvegaði Vífilfell okkur einnig stórt grill (grillkerru) gegn vægu gjaldi, sem við nýttum okkur til að grilla ofan í mannskapinn á Götuhátíðinni. Hægt er að sjá samninginn í heild sinni í kafla 4.14.

Þetta samstarf er okkur gríðarlega mikilvægt þar sem ungmennum finnst spennandi að fá gefins drykki í fræðslu og þetta auðveldar okkur mikið vinnu þegar við skipuleggjum vímulausar uppákomur.

VÍS

Jafningjafræðslan skrifaði formlega undir samstarfssamning við VÍS 16. júlí 2009 en Vís studdi Jafningjafræðsluna síðast fyrir nokkrum árum síðan. Forsagan af þessu máli er sú að við settum okkur í samband við Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnafulltrúi hjá VÍS, sem er mjög jákvæð í garð jafningjafræðslunnar. Eftir nokkra fundi ákvað Vís svo að styrkja okkur fjárhagslega upp á 250.000 kr. gegn því að VÍS var sett á lista yfir velunnara okkar á heimasíðunni og að peningurinn yrði notaður til að halda tvær vímulausar uppákomur í sumar. Við áttum einnig að fræða ungmanni um hætturarnar sem fylgja því að aka undir áhrifum vímuefna í fræðslu hjá okkur. Ragnheiður Davíðsdóttir hélt í framhaldinu fróðlegan fyrirlestur um umferðarmál og vímuefni á undirbúningsnámskeiðinu okkar. Hægt er að sjá samninginn í heild sinni í kafla 4.14.

Sú staðreynd að jafn öflugt fyrirtæki og VÍS er tilbúið leggja okkur lið er frábær viðurkenning á okkar starfi og við kunnum VÍS að sjálfsgöðu bestu þakkir fyrir stuðninginn.

ASÍ

Jafningjafræðslan skrifaði formlega undir samstarfssamning við ASÍ 19. Júní 2009 en þetta er í fyrsta skipti sem að slíkt samstarf er sett af stað. Forsagan af þessu er sú að ég ákvað að leita til ASÍ þar sem mér hefði verið bent á að verkalýðsfélögin væru ávallt að reyna að kynna réttindamál sín fyrir ungu fólki. Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningarmála ASÍ tók heimsókn minni afar vel og vildi endilega koma á samstarfi.

Niðurstaðan varð sú að ASÍ ákvað að styrkja okkur fjárhagslega um 200.000 kr. Við bættum ASÍ við á lista yfir velunnara okkar á heimasíðu Jafningjafræðslunnar og við ákváðum að fræða ungmenntu um réttindi sín á vinnumarkaði í fræðslu hjá okkur í sumar. Til að fræða Jafningjafræðaranna um réttindamál þá hélt Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdarstjóri ASÍ, kynningu á undirbúningsnámskeiðinu. Hægt er að sjá samninginn í heild sinni í kafla 4.14.

Vonandi tekst okkur að tryggja okkur áframhaldandi samstarf við ASÍ á næsta ári þar sem slíkur stuðningur skiptir okkur miklu máli. Þá tel ég einnig vera mikla þörf fyrir slíka fræðslu þar sem mikið er um að atvinnurekendur séu að traðka á réttindum ungs fólks á vinnumarkaði í kreppuástandinu.

Aðrir vinnuskólar, ÍTR hópar og TippTopp



Allt samstarf við Vinnuskóla

Grindavíkur, Vinnuskóla Seltjarnarnes og Vinnuskóla Garðabæjar gekk virkilega vel. Við óskuðum einnig eftir því að fá að halda fræðslu í Vinnuskóla Kópavogs en þeir bökkðu út á seinustu stundu. Ég tel mikilvægt að ná til þeirra á næsta ári þar sem ég tel að allir unglingar eigi rétt á að fá slíka fræðslu a.m.k. einu sinni á lífsleiðinni.

Samstarf við ÍTR hópa gekk einnig í heildina séð mjög vel þrátt fyrir að 2 hópar kvörtuðu yfir óstundvísi hjá jafningjafræðurum. Við höldum einnig fræðslu fyrir TippTopp, félagsstarf fyrir fatlaða einstaklinga, í Hinu Húsinu. Þetta samstarf gekk mjög vel og fræðurum fannst þetta vera gefandi og skemmtilegt.

10-11

Þrátt fyrir að flest fyrirtæki hafi neitað okkur hratt og örugglega í ljósi kreppuástands þá tók 10-11 virkilega vel á móti okkur. Eftir virkilega vel heppnaðan fund hjá undirrituðum með Sigurði Karlssyni rekstrarstjóra 10-11 kom í ljós að 10-11 væri tilbúið til að leggja okkur lið. Þeir áttu þó erfitt með að veita okkur beinan fjárhagslegan styrk en buðu okkur að taka út vörur hjá þeim þegar að okkur hentar. Við nýttum þetta tilboð þeirra óspart í kringum götuhátíðina okkar og tókum út allskonar vörur sem nýttust okkur þar s.s. pylsumedlæti, cocoa-puffs og appelsínur.

Sú staðreynd að jafn öflugt fyrirtæki og 10-11 er tilbúið leggja okkur lið er frábær viðurkenning á okkar starfi og við kunnum þeim að sjálfsögðu bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Aðrir styrktaraðilar fyrir Götuhátíð

Við fengum fjölmarga aðila til liðs við okkur er við skipulögðum Götuhátíðina. Það var virkilega ánægjulegt að sjá hvað fólk tók vel í það að styrkja okkur og án þessara styrktaraðila hefði götuhátíðin aldrei orðið jafn glæsilega og raunin varð. Styrktaraðilar fyrir götuhátíð Jafningjafræðslunnar árið 2009 voru eftirfarandi:

- Byko
- Fiskimarkaður Íslands
- Goði
- Gunnar Majones
- Götusirkus
- Hexa
- Íslenska Gámafélagið
- Landnemahópur Vinnuskóla Reykjavíkur
- Logi og Björggi
- LYNG ljósritunarstofa
- Myllan
- Nói Siríus
- Pipar auglýsingarstofa
- Serrano
- Smokkur.is
- Sprell.is
- Stafræna prentsmiðjan

4.13. Bókhald sumarstarfs

Kostnaður við Götuhatíð:	
JF borði/segil	48.909
Candy Floss vél og hráefni	15000
Grill frá Vífilfelli	5000
Pylsur frá Norðlenska	6711
Hönnun/prentun á auglýsingu- Stafræna prentsm.	25.912
Götulistamaðurinn Wally	3000
Kennaratyggjó og tape	1.218
Sendibílakostnaður	92.860
Samtals	198.610

Kostnaður við undirbúnings-námskeið:	
Árni Forvarnir	7.500
Ásta Hláturjoga	10.000
Ástráður Kynsjúkdómar o.fl.	20.000
Trausti hópefli	25.000
Kalli trommuhringur	30.000
Sigrún Líkamsmynd	30.000
Jón Dale Carnegie	30000
Páll Einarsson Kannabis	30000
Aggi framkoma	125.000
Matvara	17.657
Samtals	325.157

Launakostnaður fyrir sumarstarf:			
Nafn	Laun	Ltgj.	Samtals:
Framkvæmdastjóri			
Útborgun 1.06.09	263.068	55.930	318.998
Útborgun 1.07.09	263.068	55.930	318.998
Útborgun 1.08.09	263.068	60.821	323.889
Útborgun 1.09.09	263.068	60.820	323.889
	1.052.272	233.501	1.285.774
Millistjórnandi			
Útborgun 1.07.09	214.207	42.330	256.537
Útborgun 1.08.09	208.224	45.020	253.244
	422.431	87.350	509.781
Fræðarar með millistjórnanda	3.433.667	713.849	4.147.516
Fræðarar án millistjórnanda	3.011.236	626.499	<u>3.637.735</u>
Heildarlaun:	4.485.939	947.350	5.433.290

Annar kostnaður	
Hýsing á heimasíðu (1.maí-1.sept.)	6.000
Prentun á JF lokaskýrslu	50.000
Prentun á JF atvinnuauglýsingu	<u>23.536</u>
Samtals	79.536

Innkoma	
Vífilfell	100.000
ASÍ	200.000
VÍS	250.000
Lýðheilsustöð	800.000
Alcan	100.000
Vinnuskóli Grindavíkur	200.000
Vinnuskóli Seltjarnarness	60.000
Vinnuskóli Garðabæjar	50.000
Reykjavíkurborg/ÍTR	<u>1.000.000</u>
Samtals	2.760.000

Heildarkostnaður sumarstarfs : 6.036.593 kr.

Heildarinnkoma sumarstarfs: 2.760.000 kr.

Heildaruppgjör/lokatala : - 3.276.593 kr.

Það sést á ofangreindum tölum að nauðsynlegt er fá inn meira fjármagn fyrir sumarstarfið til að láta það standa undir sér. Hitt Húsið lagði út fyrir þeim kostnaði sem bar á milli.

Vert er að taka fram að allir fyrirlesarar voru sanngjarnir í launakröfum sínum til að styrkja gott málefni og nokkrir fyrirlesarar gáfu vinnu sína alfarið. Einnig er vert að taka fram að allir tónlistarmennirnir sem komu fram á Götuhátíðinni gáfu vinnu sína. Við kunnum öllum þessum aðilum ásamt styrktaraðilum að sjálfsögðu bestu þakkir fyrir hjálpina og velvildina.

4.14. Gögn frá sumarstarfi

Á næstu blaðsíðum má finna eftirfarandi gögn í eftirfarandi röð: dagskrá námskeiðs, viðurkenningarskjal, lokapróf, dagskrá sumarsins, úrræðablað, matsblöð fyrir námskeið annarsvegar og fræðslu hinsvegar, verksvið fræðara, hvernig fer fræðsla fram, áherslur og hvað ber að varast í fræðslu, hugmyndir fyrir fræðslu, hópeflisleikir, samstarfssamningar, auglýsing fyrir götuhátíð og hönnun á bolum.

Dagskrá námskeiðs

Þriðjudagur 2. Júní	Miðvikudagur 3. júní	Fimmtudagur 4. Júní	Föstudagur 5. Júní
9-13 Jón Heiðar og Rósa Almennur undirbúningur og hugmyndafræði	9-10:30 Dale Carnegie Sjálfsmynd og styrking 10:45 - 12 Jón almennt	9-11 Ástráður Kynheilbrigði, sjúkdómar sambönd, tilfinningar	9-12 Dagbjört Ásbjörns. M.A. í kynlífsfræðum Kynhegðun og klám
HLÉ	HLÉ	HLÉ	HLÉ
13-17 Trausti Jónsson Hópeflisleikir/grill Nauthólsvík	13-16 Lýðheilsustöð Vímuefni og Lýðheilsa 16-17 Ragnheiður frá VÍS	14-17 Páll Einarsson Sálfræðingur fjallar um kannabis og tölvufíkn	13-16 Sigrún frá BUGL Líkamsmynd og heilbrigði 16-17 Vinnustund

Mánudagur 8. júní	Þriðjudagur 9. Júní	Miðvikudagur 10. Júní	Fimmtudagur 11. júní
8-12 Agnar Jón Egilsson Leikstjóri Framkoma, tjáning	9-10 Vinnustund 10-12 Stígamót heimsókn Hverfisgata 115, 105 Rvk	9-10 Halldór Gr. Frá ASÍ 10-12 Samtökin 78 Almenn fræðsla frá þeim	9-10 Vinnustund 10-12 Dr. Ragna B. Garðars. Áhrif neyslumeningar
HLÉ	HLÉ	HLÉ	HLÉ
13-16 Haraldur Sigurðs. Rannsóknarlögreglan Fíkniefni, dreifing og hópþrýstingur	13-15 Helga Bryndís Einelti 15:30-17:00 Ásta Valdimars Hláturjoga og jákvæðni	13-14:30 Dale Carnegie Sjálfsmynd og styrking 15-17 Árni Einarsson Forvarnir	13-14 Edda Sigfúsdóttir Jafningjafræðslu tækni 14-17 Arnfríður Sólrún Unglingamenning

Föstudagur 12. júní
9-12 Hópaskipting/Próf Undirbúningsvinna Teymishópa
HLÉ
13-14 Fundur Vinnuskóli 14 :30-15:30 Karl Ágúst Trommuhringur 16-17 Vinnustund Lokahátíð: grill

Hér með vottast að

**HEFUR LOKIÐ NÁMSKEIÐI
JAFNINGJAFRÆÐSLUNNAR
ÁRIÐ 2009**

**OFANGREINDUR AÐILI MÁ NÚ KALLA SIG JAFNINGJAFRÆÐARA Í NAFNI
JAFNINGJAFRÆÐSLUNNAR OG HINS HÚSSINS**

Fyrir hönd Jafningjafræðslunnar



Jón Heiðar Gunnarsson

Framkvæmdastjóri Jafningjafræðslu

Fyrir hönd Hins Hússins

Markús Guðmundsson

Forstöðumaður Hins Hússins

Lokapróf

1. Samkvæmt tvíþáttakenningu um kauparáttu skýra eftirfarandi tveir þættir í sameiningu óhófleg kaup:

¶ Mikil efnishyggja og góð sjálfsmynd

¶ Lítil efnishyggja og góð sjálfsmynd

¶ Mikil efnishyggja og léleg sjálfsmynd

¶ Lítil efnishyggja og léleg sjálfsmynd

2. Sambandi þyngdar og heilsu má lýsa þannig að:

¶ mikilvægt er að halda kjörþyngd til þess að hámarka lífslíkur

¶ þyngdin ein og sér ákvarðar ekki heilsufar - lífsvenjur skipta máli

¶ við getum stjórnað þyngd okkar með réttu mataræði og hreyfingu

¶ það er ekki hægt að vera heilbrigður ef maður er yfir kjörþyngd

3. Besta leiðin til að draga úr átröskunum er að:

¶ koma með öflugra fræðslu um átraskanir inn í grunnskólana

¶ gæta þess að börn og unglingar fái holla næringu og hreyfingu

¶ vinna gegn fordómum og efla virðingu fyrir fjölbreyttum líkamsvexti

¶ heyra lífsreynslusögur frá fyrrum átröskunarsjúklingum

4. Hvaða áhrif hefur kannabisneysla á fóstur kvenna ?

5. Hvað telur þú vera helstu ástæður þess að vara við neyslu kannabisreykinga ?
(3 punktar eru nóg)

6. Hvers vegna er ekki æskilegt að unglingar séu að horfa á klám ? (3 punktar eru nóg)

7. Eiga unglingar í helgarvinnu öll sömu réttindi og venjulegt starfsfólk að teknu tilliti til starfstíma:

☐ Já
☐ Nei

8. Af hverju eru verktakasamningar varasamir? Nefnið þrjú atriði.

9. Hvað heitir indverski gúrúinn sem uppgötvaði hláturjoga?

- ☐ Madden kradder
- ☐ Iron Maiden
- ☐ Madan Kataria
- ☐ Mohandas Karamchand Gandhi

10. Hvaða áhrif hefur hláturjoga:

- ☐ Fjölgar streituhormónum
- ☐ Bætir vellíðan og eykur gleði
- ☐ Eykur líkamslykt
- ☐ Eykur pirring

11. Það er til grundvallar í TTM-módelinu frá Lýðheilsustöð að hegðunarbreytingar þurfa ...

- ☐ Fræðslu.
- ☐ Tíma.
- ☐ Hræðslu.
- ☐ Að ríma.

12. Hvað hefur neikvæðustu áhrifin á heilsu Íslendinga (í sambandi við glötuð góð æviár)?

- ☐ Tóbak.
- ☐ Áfengi.
- ☐ Ólögleg vímuefni.
- ☐ Íþróttameiðsli.

13. Hversu hátt hlutfall, af þeim sem leituðu til Stigamóta vegna kynferðisofbeldis árið 2008, ákváðu að kæra verknaðinn:

- ☐ 90%
- ☐ 63.3%
- ☐ 52.8%
- ☐ 14.2%

14. Hver er ein algengasta ranghugmyndin í samfélaginu varðandi umfjöllun um nauðganir?

15. Nefnið 3 skilgreinda flokka átraskana:

16. Nefnið helstu málaflokkana sem við ætlum að fjalla um í fræðslu í sumar:

17. Hvaða líkamlegu afleiðingar skapar neysla áfengis? (örfáir punktar)

18. Hversu mög banaslys (í prósentum) má rekja til ölvunar á Íslandi árið 2007? _____

19. Þriðjungur sjálfsvíga í Evrópu tengist áfengisneyslu. Rétt eða Rangt? _____

20. Hvernig undirbý ég mig undir fræðslu og þá sérstaklega sálfræðilega?

21. Hvað get ég gert til að halda stjórn í fræðslu án þess að missa jafningjagrundvöllinn.

Telur þú þig vera tilbúin/n til að takast á við starf Jafningjafræðslunnar eftir þetta undirbúningsnámskeið? Af hverju/af hverju ekki? ATH. AÐ ÞESSI SPURNING HEFUR ENGIN ÁHRIF Á NIÐURSTÖÐU PRÓFSINS 😊

22. Telur þú að þú komir til með að breyta eigin hegðun varðandi áfengisneyslu eftir þetta námskeið? Af hverju/ Af hverju ekki? ATH. AÐ ÞESSI SPURNING HEFUR ENGIN ÁHRIF Á NIÐURSTÖÐU PRÓFSINS 😊

23. ATHUGASEMDIR:

SVÖR: 1-C., 2-B, 3-c., 4: Svar: börnin hættir til að fæðast með mun viðkvæmara ofnæmiskerfi en önnur börn og mun léttari. 5 : hættari við geðröskunum, greind minnkari til mikilla muna + tilfinningagreind, sljóleiki, minni verður mjög gloppótt, mikið kæruleysi, metnaður minnkar, hæfileikinn til að vinna úr vandamálum minnkar mikið, ávanabindandi, hætta á ófrjósemi, hættir að þekkja tilfinninga sínar, viðbragðsflýtir minnkar mikið, hæfileiki til að ná árangri í vinnu eða námi snarminnkar. Það er nóg að þau komi með 3 atriði til að fá rétt fyrir þessa spurningu. 6:Segir sig sjálf. 7:Já, 8: einhver eftirtalinna atriða:, Laun samkvæmt kjarasamningi ekki tryggð, Greiðslur þurfa að vera 50 – 70 % hærri til að dekkja það sem launþegar fá með kjarasamningum, Ekki veikindaréttur, Ekki réttur til orlofs, Ekki tryggð gegn vinnuslysum, Ekki uppsagnarréttur, Slík samningar eru flóknir og margs að varast. 9-C, 10-B, 11-b, 12-A, 13-d, 14: að einbeita sér að fórnarlambinu, 15: Sjálfsvelti (Anorexia Nervosa). Lotugræði (Bulimia Nervosa). Óskilgreind átröskun (Eating Disorder Not Otherwise Specified). 16:sjálfsmýnd, vímuefni, kynlíf, áfengi o.s.frv., 17.:Áfengir er flokkað sem slakandi vímuefni sem hægir á starfsemi heila og taugakerfis. Það berst með blóðrásinni um allan líkamann, til allra líffæra kerfa og skaðar þau. , 18: 20%, 19: rétt.

Dagskrá Jafningjafræðslu sumar 2009

Dags.	HAH Hópur	RUT hópur	PÁD hópur
18.jún	Seljaskóli	Við Rauðavatnsskúrana	Við Rauðavatnsskúrana
19.jún	Langholtsskóli	Nónhæð	Nónhæð
20.jún			
21.jún			
22.jún	Grandaskóli	Miðbær	Árbæjarsafn
23.jún	Grandaskóli	Nesjavallavegur	Nesjavallavegur
24.jún	Grandaskóli	Við Fákshemilið	Við Fákshemilið
25.jún	Grandaskóli	Heiðmörk	Heiðmörk
26.jún	Grandaskóli	Heiðmörk	Heiðmörk
27.jún			
28.jún			
29.jún	Tónabær ath. fjöldi 24	Gufunesbær Egilshöll	ToPP starf - Hitt Húsið
30.jún	Frostaskjól, fjöldi ca. 20	Miðberg F.H.* Hitt Húsið E.H.	Hólmasel ath. fjöldi 24 stk.
1.júl	Kampur, Hitt Hús fjöldi 21	Miðberg	Austurbæjarskóli F.H.* Hitt Húsið E.H.
2.júl	Hitt Húsið F.H.* Siglunes E.H.*	Hitt Húsið F.H. Þróttheimar E.H.	Gufunes
3.júl	Norðlingaholt F.H. Hitt Hús E.H.	Árbær Tían	Laugalækjaskóli bakvið
4.júl			
5.júl			
6.júl	Grandaskóli	Borgarskóli/Víkurskóli	Skúlagarður/Skúlagata
7.júl	Breiðagerðisskóli, ath. extra fjölda	Ellidaárdalur	Ellidaárdalur
8.júl	Langholtsskóli F.H. HH e.h.	Breiðholtshvarf F.H. HH e.h.	Breiðholtshvarf F.H. HH e.h.
9.júl	Hitt Húsið	Öskjuhlíð	Öskjuhlíð
10.júl	GÖTUHÁTÍÐ	GÖTUHÁTÍÐ	GÖTUHÁTÍÐ
11.júl			
12.júl			
13.júl	Hitt Húsið vinnustund	Hitt Húsið vinnustund	Hitt Húsið vinnustund
14.júl	Langholtsskóli	Miðmundadalur	Nónhæð
15.júl	Grandaskóli	Við Rauðavatnsskúrana	Nesjavallavegur
16.júl	Grandaskóli	Við Fákshemilið	Ellidaárdalur
17.júl	Seljaskóli	Hitt Húsið	Heiðmörk
18.júl			
19.júl			
20.júl	Grandaskóli	Breiðagerðisskóli	Breiðagerðisskóli
21.júl	Garðabær, Garðaskóli	Garðabær	Garðabær
22.júl	Hitt Húsið vinnustund	Hitt Húsið, vinnustund	Seltjarnarnes, viti
23.júl	Grindavík fræðsla+tjaldútilega	Grindavík fræðsla+tjaldútilega	Grindavík fræðsla+tjaldútilega
24.júl	Grindavík F.H.	Grindavík F.H.	Grindavík F.H.
25.júl			
26.júl			
27.júl	Hitt Húsið LOKADAGUR	Hitt Húsið LOKADAGUR	Hitt Húsið LOKADAGUR

*F.H. = Fyrir hádegi

*E.H. = Eftir hádegi

Inn á þetta plan vantar sundlaugarveisluna sem fer fram í Laugardalssundlaug í lok ágúst.

Úrræðablað

Allt mögulegt

Þjónustumiðstöðvarnar en þar eru t.d unglingaráðgjafar, hægt að fá greiningu og hjálp. Hringja í 411-1111 til að fá að vita hver er þjónustumiðstöð þín er. Sjá www.rvk.is

Kynferðisofbeldi

Stígamót, Hverfisgata 15, s. 562-6868 / 800-6868
Neyðarmóttakan, Landsspítalanum Fossvogi, s. 463-0800

Kynsjúkdómar

Húð og Kyn, Þverholt 18, s. 543-6050
Heilsugæslustöðvar/unglingamóttakan: www.heilsugaeslan.is

Eiturlyf og Áfengi:

- **SÁA:** Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann www.saa.is
- **Ný Leið ráðgjöf:** meðferð og ráðgjöf fyrir ungt fólk með hegðunar- og / eða fíkniefnavanda, nyleid@nyleid.is
- **Foreldrahús:** Ráðgjöf við áfengis og vímuefnavanda, s:511-6161, www.vimulaus.is
Fyrir alkahólista www.aa.is og fyrir aðstandendur alkahólista www.alanon.is

Kynhneigðir

Samtökin '78, Laugavegi 3, s. 552-7878, www.samtokin78.is
FSS: félag samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og kynskiptra stúdenta, s. 520-4664

Heimilisofbeldi

Lögreglan, s. 112, Kvennaathvarfið, s. 561-1205, Heilsugæslustöðvar,
Styrkur, www.styrkur.net

ATH. Hægt er að leita ráða við öllum ofangreindum vandamálum og kynlífsvandamálum hjá Tótalráðgjöf á www.totalradgjof.is

-

Prisma, þverfagleg miðstöð um átraskanir, s. 692 2299

Landspítalinn s. 543-1000

-

Fjölskyldumiðstöðin s: 511 1599 , www.barnivanda.is
Þjónustumiðstöðvar s: 411 1111 (biðja um samband)

Átraskanir

BUGL, Barna- og Unglingageðdeild Landsspítalans, s. 543-4300

Matsblað fyrir undirbúningsnámskeið:

Efni fyrirlesturs _____

Fyrirlesari _____

Fræðslan var áhugaverð

☐ Mjög sammála

☐ Frekar sammála

☐ Hlutlaus

☐ Frekar ósammála

☐ Ósammála

Ég tel að þessi fræðsla nýtist mér við að fræða aðra

☐ Mjög sammála

☐ Frekar sammála

☐ Hlutlaus

☐ Frekar ósammála

☐ Ósammála

Fræðslan var skemmtileg

☐ Mjög sammála

☐ Frekar sammála

☐ Hlutlaus

☐ Frekar ósammála

Í Ósammála

Fræðslan var hæfilega löng

Í Mjög sammála

Í Frekar sammála

Í Hlutlaus

Í Frekar ósammála

Í Ósammála

Ég lærði eitthvað nýtt

Í Mjög sammála

Í Frekar sammála

Í Hlutlaus

Í Frekar ósammála

Í Ósammála

Ég fékk hugmyndir um hvernig ég get notað þetta efni í fræðslu

Í Mjög sammála

Í Frekar sammála

Í Hlutlaus

Í Frekar ósammála

Í Ósammála

Fyrirlesarinn var góður

┆ Mjög sammála

┆ Frekar sammála

┆ Hlutlaus

┆ Frekar ósammála

┆ Ósammála

Athugasemdir

Hvað er jákvætt við að sleppa viðkomandi hegðun fyrir unglinga?

Hvað er neikvætt við að stunda slíka hegðun fyrir unglinga?

Eftirminnilegir punktar/staðreyndir:

Matsblað fyrir fræðara eftir fræðslu

Fræðarahópur _____

Hvernig gekk fræðslan?

Fjöldi?

Hlustuðu krakkarnir á virkan hátt?

Hvað tóku margir þátt í umræðunum (hversu mikið hlutfall af hópnum)?

Hversu margar nafnlausar fyrirspurnir fengu þið?

Virtust þau áhugasöm?

Voru þau hress í leikjunum?

Hvað gekk vel?

Hvað hefði mátt betur fara?

Auglýstuð þið heimasíðuna?

Gáfuð þið leiðbeinanda úrræðablað?

Hvaða umræða var vinsælust? Út í hvað leiddi umræðan?

Matsblað fyrir þiggjendur Jafningjafræðslu

Dagsetning:

Nöfn á fræðurum:

Hvernig fannst þér fræðslan?

- ☐ Skemmtileg
- ☐ Frekar skemmtileg
- ☐ Hlutlaus
- ☐ Frekar leiðinleg

Ég lærði eitthvað af fræðslunni

- ☐ Mjög sammála
- ☐ Frekar sammála
- ☐ Hlutlaus
- ☐ Frekar ósammála
- ☐ Mjög ósammála

Mér fannst fræðslan

- ☐ Of löng
- ☐ Hæfilega löng
- ☐ Hlutlaus
- ☐ Of stutt

Mér fannst fræðararnir

- ☐ Skemmtilegir
- ☐ Leiðinlegir
- ☐ Hlutlaus
- ☐ Góð með sig
- ☐ Hallærisleg

JÁKVÆÐAR OG/EÐA NEIKVÆÐAR ATHUGASEMDIR:

Verksvið fræðara:

- 1) Búa til góða fræðslu
- 2) Vera stundvís
- 3) Fylla út blað í lok dags varðandi hvernig fræðslan gekk og halda utan um þau
- 4) Standa fyrir uppákomu
- 5) Skrifa a.m.k. 2 greinar fyrir heimasíðu
- 6) Vera góð fyrirmynd út á við, alltaf.
- 7) Vera sýnileg

Hvernig fer fræðsla fram (texti Ösp Árnadóttir):

- Við förum á vettvang til þeirra, á þeirra vinnusvæði.
- Reyna eftir fremsta megni að láta fræðsluna fara fram úti, ef það er gott innisvæði og veðrið er ekkert mjög gott að þá bara endilega vera inni.
- Byrja á að setjast niður með þeim og kynna ykkur og segja smá frá sjálfum ykkur.
- Gott að taka sjálfsmyndarumræðuna fyrst og láta krakkana segja 2 kosti og 1 galla, góð leið til að byrja.
- Taka leiki þegar þið finnið að krakkarnir þurfa að standa upp, gott að byrja á leikjum áður en fræðslan hefst almennilega, bara eftir kynningu.
- Ef einhver er ótrúlega feitur eða eitthvað í þá áttina, passa að fara í leiki sem krefjast þess ekki mikið að geta hlaupið hratt.
- Margir leikir sem hægt er að labba í (t.d. labbi-eltingaleikur, má bara labba).
- Hvernig skiptingin er á fræðslu / topicunum
- 3 fræðarar í hverjum hópi
- Þið endið með að koma á einhverri rútínu ósjálfrátt
- Best að geta öll frætt um allt, ekki skipta algjörlega niður topicum ykkar á milli.

Hvernig taka krakkarnir á móti okkur?

- Yfirleitt allir jákvæðir og til í eitthvað annað en að vinna.
- Krakkarnir eru eins mismunandi eins og þeir eru margir.
- Laða hverja fræðslu að hverjum hópi fyrir sig.

Hvernig á að bregðast við krökkum sem eru öðruvísi?

- Taka öllum vel.
- Bjóða alla velkomna í hópinn.
- Láta öllum líða eins og þau hafi tækifæri á að spyrja.

Hvað virkar best á æsta strákahópa?

- Tala ekki á of fræðilegum nótum
- Tala um eitthvað sem er vitað mál að þeim á eftir að finnast áhugavert, byrja á því allavega.
- Vera skemmtilegur, setja sig inn í þeirra mál.
- Spyrja mikið, til að halda athygli
- Passa að gleyma stelpunum samt ekki og þeim sem virkilega vilja fá að vita allt um þau málefni sem þið takið fyrir.

Hvað hefur góður fræðari?

- Hann setur sig á algjörlega sama plan og krakkarnir
- Virkar oft vel að fara þínu inná persónulegar nótur (án þess þó að fara inn á eitthvað mjög persónulegt)
- Tekur öllum spurningum vel
- Sýnir mikinn áhuga þegar krakkarnir tala og hlustar vel á þá

- Þar af leiðandi sýnir þeim að það sé gott að spyrja, og ýtir undir að þau séu óhrædd við það.
- Segir skemmtilega frá.
- Heldur góðu augnsambandi við krakkana.
- Sama hversu „basic“ ykkur finnst hlutirnir vera, talið eins og þau viti ekki neitt um það sem þið eruð að segja, af því að það er alveg líklegt að þau viti það alls ekki.
- Tengja saman hvernig ykkur leið á þessu tímabili og nýta það í fræðslu, ef þið getið.
- Góður fræðari veit hvar mörkin liggja, hvað má segja og hvað ekki.
- Ef þið ætlið að vera kaldhæðin, passið þá að leiðrétta það svo það sé augljóst.

Áherslur og hvað ber að varast í fræðslu (texti Ösp Árnadóttir) :

Forvarnarfræðsla er gríðarlega erfitt fyrirbæri. Fræðsla getur auðveldlega snúist í höndunum á fólki og hreinlega orðið hvarfing á hegðunina sem reynt er að koma í veg fyrir. Fyrir tveimur árum síðan sagði einstaklingur mér að hann hefði fengið Jafningjafræðslu á sínum unglingsárum og í upphafi fræðslunnar hafi fræðarar kastað fram eftirfarandi fullyrðingu: „við vitum að þið eruð öll farin að drekka og þess vegna ætlum við að segja ykkur frá hvað áfengi er slæmt“. Umræddur einstaklingur var þá unglingur og ekki farinn að drekka og hugsaði með sér eftir þetta að hann væri líkast til óeðlilegur og þyrfti því að fara að drífa sig í því að hefja áfengisdrykkju. Bara þessa eina setning þó vel meinandi varð því að hvarfingu. Eins hafa rannsóknir sýnt að notkun á óvirkum fíklum í forvörnum skilar einungis neikvæðum árangri, þeir hafa náð sér á strik og eru nógu flottir til að geta haldið fræðslu og það ýtir undir þá hugmynd að eiturfjaneysla sé ekkert mál. Það stendur þá fyrir boðskapinn að þegar fólk vill hætta þá hætta þá bara og svo geti þá meira að segja komið með skammtilegt „djóbb“ við að fræða og tala við unglunga. Það eru því margir hlutir sem þarf að kynna sér og vera vel á varðbergi fyrir í forvarnarfræðslu. Þess vegna er mikilvægt að það sé gott flæði á milli framkvæmdarstjóra og fræðara ef upp koma spurningar og einnig ef einhver fræðari er ekki ánægður með hvað samstarfsfélagar sínir eru að segja í fræðslu. Mikilvægt er að ýkja ekki reynslusögur sínar og annarra og það er einnig gríðarlega mikilvægt að fara með rétt mál. Það þarf einnig að vera meðvitað um hvað gæti orkað tvímælis og setja alla hluti skýrt fram og á þann hátt að ekki sé hægt að misskilja það sem sagt er. Hér fyrir neðan eru nokkrar leiðsagnarreglur fyrir fræðara.

Hvað ber að leggja áherslu á og hvað ber að varast í fræðslu:

Fyrst og fremst á aldrei að fá fólk til að gefa upp persónulegar upplýsingar um sig eða þvinga fólk á trúnað. Rætt er almennt um stöðuna hjá ungu fólki og hvað þeirra kynslóð sé mikið að glíma við eins og lélega sjálfsmynd, átraskanir, áfengi og vímuefni, tölvufíkn, gildi heilbrigðs lífsstíls og jákvæðni o.s.frv. Tala ber um að nú sé tíminn þar sem margir upplifi pressu á sig að byrja að drekka en að þess þurfi alls ekki. Það sé t.d. ekki skilyrði fyrir því að taka þátt í félagslífi framhaldsskólanna að vera fullur. Tala á jákvætt frekar en neikvætt og einbeita sér að því að skapa jákvætt andrúmsloft með fókusi á hvað jákvætt viðhorf til sjálfs síns og lífsins skili miklu. Mikilvægt er að vera með viðeigandi leiki sem passa við hvern hóp, láta ekki dagsformið hafa áhrif á gæði fræðslunnar og viðhalda jákvæðu viðhorfi. Fræðarar þurfa einnig að vera vel upplýstir svo þeir geti svarað þeim spurningum sem kunna að vakna hjá ungmennum sem þiggja fræðsluna.

Einnig þurfa fræðarar að vera vel meðvitaðir um að þeir þurfa að hlýða tilkynningarskyldu. Það sem felst í tilkynningarskyldu er að ef einhver tjáir sig um tilkynningarskyld mál í fræðslu hjá ykkur, svo sem um nauðganir eða aðra misnotkun, þá ber okkur skylda til að tilkynna það mál. Einnig eiga jafningjafræðarar ekki að vera með fókusi á sig og persónulegum reynslusögum. Mikilvægt er að hvetja unglungana til að taka þátt í samræðum og að fá þá til að hlusta á það sem er verið að ræða. Það er einnig gríðarlega mikilvægt að vera í góðu sambandi við flokkstjóra ef um t.d. erfiða einstaklinga er að ræða. Fræðarar þurfa líka að vera

meðvitaðir um hlutverk sitt sem fyrirmyndir og að hegðun þeirra utan fræðslu hefur alveg jafnmikið vægi og það sem þau segja í fræðslu sbr. eftirfarandi quote af bloggsíðu mbl.is: „Jafnaldræðslan, þar sem ungt fólk, örlítið eldra en ég, kom og sagði frá sinni reynslu. Nokkra þekkti ég sem komu í þeim tilgangi, fólk sem ég hafði verið með á djamminu helgina áður. Ég horfði á þessa einstaklinga, bæði með virðingu og vanþóknun, þar sem þeir voru að segja okkur að gera ekki það sem þeir sjálfir voru að gera. Ég hætti að hlusta á þetta forvarnarbull, hvaðan sem það kom, enda fannst mér það ekki vera að höfða til mín á neinn hátt. Til hvers að hlusta þegar ekki er sagt rétt frá, eða þeir sem eru að tala fara ekki eftir eigin ráðum? “ Dólgslæti í miðbænum að nóttu til um helgar eru því brottrekstrarsök úr Jafningjafræðslunni. Eitt af því allra mikilvægasta til að Jafningjafræðslan haldi trúverðugleika er að fræðarar „practice what they preach“. Í textanum hér á eftir verður tekin fyrir aðalmálefnið sem Jafningjafræðslan tekur fyrir og rætt er um hvernig ber að tækla þau ásamt því hvað beri að varast.

Hvað ber að leggja áherslu á og hvað ber að varast í kynfræðslu:

Skal tala um hversu margir eru ekki farnir að stunda kynlíf og að það sé alls ekkert feimnismál eða til að skammast sín fyrir, þvert á móti. Sé fólk innan hóps sem rætt er við, í miklum meirihluta, farið að stunda kynlíf þá má ræða um að smokkurinn sé eina vörnin gegn kynsjúkdómum. Einnig um að setja sér og öðrum mörk. Mynda sér skoðun fyrirfram á hvað fólk vill gera og hvað fólk vill ekki gera. Standa á sínu og láta ekki þína sig út í einhverja kynlífshegðun sem það ekki vill. Tala um óraunhæfar fyrirmyndir sem eru víða t.á.m. í klámi en 60% ungra karlmannna fá sína fyrstu kynfræðslu í gegnum klám. Það er einnig mikilvægt að vekja athygli á því að hægt er að smitast af kynsjúkdómum með rangri notkun á smokknum ef hann er t.d. fyrst settur vitlaust og síðan snúið við. **Það ber að varast** að nomalísera einhverja kynhegðun eins og til dæmis með því að ganga út frá því að allir stundi t.d. endaparmsmök eða að öllum þyki í lagi að veita kynferðislegan greiða til að komast inn í party eða eitthvað slíkt. Gangi ekki út frá því að allir sem rætt er við séu farnir að stunda kynlíf. Ef svo er þá gæti fólk haldið að það sé eitthvað skrítið og þá gæti það farið að flýta sér út í eitthvað sem það er kannski ekki tilbúið í.

Hvað ber að leggja áherslu á og hvað ber að varast í kynferðisofbeldisfræðslu:

Tala um nauðgun sé aldrei fórnarlambinu að kenna og aflétta almennum ranghugmyndum um nauðgun. Tala um líðan fórnarlamba en leggja samt áherslu á að það sé gerandinn sem að fremur glæpinn. Mikilvægt er að benda á hvar sé hægt að leita s'r hjálpar og hversu mikilvægt það sé að leita sér hjálpar. Hugmyndafræðin þarf að vera sett skýrt fram svo að fólk misskilji ekki eða haldi að konur bjóði yfirleitt upp á nauðgun.

Hvað ber að leggja áherslu á og hvað ber að varast í vímuefnafræðslu:

Aflétta helstu mýtum tengdum eiturfjögnum. T.d. kannabisefnum að það sé nánast skaðlaus, betri en vín því engir timburmenn séu o.s.frv. Ræða um að ekkert fíkniefni sé áhrifalaust, þau hafi öll mikil áhrif á geðslag, persónuleika og þroska. Passa sig að gera fíkniefni ekki töff heldur tala frekar eins og þau séu ekki töff. Koma með mótrök gagnvart algengum

ranghugmyndum svo ungmennin sjálf geti svarað þeim síðarmeyr eða myndað sér vel upplýsta afstöðu ef kemur að því að þeim verði boðið eiturlyf í framtíðinni. Byggja þarf ungmennin upp til að segja nei og leggja áherslu á að gera vímuefni óspennandi. Tala um sjálfsmynd í því samhengi ásamt hópþrýstingi og sjálfsþrýstingi (sjálfsþrýstingur er þegar fólk gerir eitthvað því það heldur að allir aðrir séu að gera það). Tala ber um að vín eyði upp efni í heilanum sem við notum til að stöðva kvíða og þess vegna líði fólki oft illa daginn eftir drykkju, sé með „bömmur“ eða þungt. Far eftir „ég ætla að bíða“ herferð Lýðheilsustöðvar, sjá hér: <http://www.vvv.is/vvv/augl/>. Tala ber um það hversu gott sé að bíða, það er að um hvert ár sem fólk seinkar því að byrja neyslu þá minnka líkurnar á því að fólk muni eiga í erfiðleikum með áfengi í framtíðinni. Best er að sjálfsögðu að ákveða að drekka aldrei, og við ýtum undir þá hugsjón í fræðslu. Það ber að varast að ýtt sé undir glansmynd fíkniefnaneyslu (nægilega margir aðilar sem sjá um það nú þegar) eða þá hugmynd að það sé töff að neyta þeirra. Það á alls ekki að ganga út frá því að allir séu farnir að drekka og skapa með því pressu.

Hvað ber að leggja áherslu á og hvað ber að varast í líkamsímyndarfræðslu

Tala um áhrif fjölmiðla á hugmyndir okkar um fegurð. Segja frá photoshoppi og það hversu óraunhæft viðmið það skapar sbr. hollywood stjörnur og fyrirsætur. Sjá t.d. eftirfarandi myndband:

http://www.youtube.com/watch?v=fe98c5RTHLg&eurl=http%3A%2F%2Fwww%2Etotalradgiof%2Eis%2Ffjafningjafraedslan%2Findex%2Ephp%3Foption%3Dcom%5Fcontent%26view%3Darticle%26id%3D73%26Itemid%3D16&feature=player_embedded

Tala ber um hversu óholtt og óheilbrigt það sé að svelta sig. Tala um að fegurð sé ekki bara fólgin í mjóum kroppi. Rétt af hugmyndir stráka um stelpur þ.e. að þær verði að vera mjóar til að vera sætar. Byggja stelpur upp – tala um jákvæða sjálfsmynd. Tala um óraunhæfar vöðvaímyndir. Byggja stráka upp – tala um jákvæða sjálfsmynd. Það sem ber að varast er að það má alls ekki kenna átröskunarhegðun! Alls ekki ganga út frá því að einhverjir séu að stunda hana og alls ekki kynna tæknilegar útfærslur hennar fyrir ungum stelpum. Ekki segja þeim að borða bara þetta eða hitt....eða að þær eigi að kasta upp eða nota hitt og þetta. Varast að gefa þá hugmynd að átröskun sé einhver töfralausn og frábær til grenningar og lífshamingju. Varast að láta nokkuð út úr sér sem lætur átröskun virka kúl.

Hugmyndir fyrir fræðslu og hópeflisleiki

Hér er kynnt hugmynd að fræðslu í hálfan dag í Vinnuskólanum. Þetta er grunnhugmynd sem mun vera þróuð áfram með Jafningjafræðurunum sjálfum.

Í fyrstu er hitað upp með hópefli leikjum, t.d leik þar sem ákveðinn einstaklingur stendur í miðju hringi og segir upphátt eitthvað sem hann telur sérstakt við sig. Þeir eiga þetta sérstaka sameiginlegt með einstaklingnum eiga að standa upp og skipta um sæti. Sá sem engu sæti nær verður að nefna eitthvað sérstakt við sig og svo koll af kolli. Eftir að þessum leik er lokið á sá sem stendur í miðjunni að nefna eitthvað sem hann telur að hann sjálfur eigi sameiginlegt með öðru fólki. Þessi leikur er ágætur til að koma blóðinu á hreyfingu og vekja athygli á því að við erum ekki eins ólík og við höldum. Einnig mun vera ákveðinn þjálfunar leikur (assertiveness training) eða leikur sem miðar að því að byggja fólk upp til að segja nei.

Að þessu loknu er fólki skipt niður í litla hópa og hver hópur á að teikna á blaðið mynd af manneskju sem þau telja að standi fyrir heilbrigði og við hlið hennar lista af eiginleikum sem þau telja að einkenni heilbrigðan lífstíl. Þegar þau hafa lokið því fá þau lista af orðum frá leiðbeinendum orðin geta verið syngur, dansar, notar ekki fíkniefni, borðar hollan mat eða eitthvað í þeim dúr. Þau eiga svo að finna hversu mikið af þeirra plakati passar við orðin á listanum. Þegar þau eru að kynna plakatið sitt þá koma Jafningjafræðarar með staðreyndir sem tengjast plakatinu og koma með því umræðum af stað. Staðreyndirnar verða bæði um kosti þess að ástunda heilbrigðan lífstíl og um skaðsemi eiturfylla, reykinga og áfengis. Í heildina verður fræðslan á jákvæðum og hressum nótum.

Þau munu hafa til hliðsjónar ákveðnar staðreyndir sem þau verða að koma til skila í fræðslunni og ef hópurinn er erfiður í gang er hægt að skipta þátttakendum niður í litla hópa og lesa fyrir þau af spjöldum. Þetta er leikur sem kallast tvö rétt og eitt logið. Á spjöldunum eru þrjár sannar staðhæfingar og ein ósönn og eru hóparnir látnir keppa sín á milli í þekkingu. Hið logna getur verið dæmigerð ranghugmynd um eiturfylljanotkun t.d kannabiseftir skaðar ekki heilann og heilastarfsemina.

ATH. Mikilvægt: Í nestispásunni stendur þeim til boða að skrifa spurningar á blöð og eru þær nafnlausar. Í lokin munu svo Jafningjafræðararnir taka spurningarnar fyrir og svara þeim. Þau verða einnig spurð út í þekkingu sína fyrir fræðsluna og svo aftur eftir fræðsluna og beðin um að leggja mat sitt á skemmtanagildi hennar.

Fleiri hópeflisleikir:

Allir leikirnir frá Agga og Trausta (Leikir frá Trausta voru t.d.: boltaleikurinn með nöfnunum, labba hringinn og snúa sér svo við, ath. „haltur leiðir blindan“ og “að ná í skottið“ leikirnir eru skemmtilegir en geta verið hættulegir, þarf að meta hvort að hópurinn ráði við þá.) (Leikir frá Agga: nafnaleikur með öskri og hreyfingu, þrautakóngur, eltingarleikur með nöfnum og einkennum o.fl.)

Nafna- og hreyfingarleikur: Þátttakendur mynda hring, einn byrjar að kynna sig og framkvæmir í leiðinni eina hreyfingu, næsti tekur við, segir nafn þess sem var að tala + hreyfingu og gerir hið sama. Þannig út allan hringinn. eiginlega skemmtilegastur þegar hann var útfærðu þannig að maður segir nafnið sitt og svo eitthvað einkenni eins og t.d. ég heiti Stella og ég er bláeygð.. ,

Spjaldaleikur: Þið getið verið búin að skrifa niður nokkrar staðreyndir sem þið verðið að koma til skila í fræðslunni og ef hópurnir eru erfiðir í gang er hægt að skipta þátttakendum niður í litla hópa og lesa fyrir þau þessar staðreyndir af spjöldum. Þetta er leikur sem kallast tvö rétt og eitt logið. Á spjöldunum eru þrjár sannar staðhæfingar og ein ósönn og eru hóparnir látnir keppa sín á milli í þekkingu. Hið logna getur verið dæmigerð ranghugmynd um eiturfjandrotkun t.d. kannabiseftir skaðar ekki heilann og heilastarfsemina.

Pósthólfaleikur: Hver og einn skrifar jákvæðar staðhæfingar á blöð um hvern og einn í hópnum og laumar í pósthólf viðkomandi.

2 satt og ein lygi: Fólk skrifar á blað þrjár staðhæfingar um sig, tvær eru sannar en ein er lygi. Restin á hópnum á svo að giska á hvaða staðhæfing er röng.

Hver er ég? Allir fá eitthvað nafn límt aftan á bakið á sér, verða svo að reyna að komast að því hver þeir eru með því að spyrja aðra í salnum. Hinir eiga bara svara jótandi eða neitandi.

Dýrahljóð: Bundið er fyrir augun á fólki og hvíslað í eyrað á þeim hvaða dýr það er, hver og einn á svo að labba um og gefa frá sér dýrahljóðið og finna hjörðina sína. Líka hægt að leika eitthvað annað. S.s. tónlistarstefnur? Leikara?

Skóhrúga: Allir segja einn af skónum sínum í hrúgu og svo á hver og einn að taka skó og reyna að finna eiganda skósins.

Leikrit eftir pöntun: skiptu hópnum í hópa með þremur til átta þátttakendum. Gefðu hverjum hópi blað með tíu til fimmtán orðum. Hóparnir verða síðan að búa til leikrit, tvær til þrjár mín, sem inniheldur öll orðin á listanum.

ÁHRIFAVALDAR Í LÍFI MÍNU: Blað límt upp á vegginn, þau eiga að teikna hver á sinn hátt (hvort sem er um að ræða skífurit, teikningar, línurit eða hvað sem er, hverjir hafa verið áhrifavaldar í lífi þeirra. Það er hægt að takmarka þetta við eitthvað tímaskeið sbr. Síðastliðinn 3 ár eða alla ævi. Ýmsar leiðir. Stjórnendur taki þátt í þessu líka. Þegar þessu er lokið er gott að fá þau til að segja okkur aðeins frá því sem kom upp í huga þeirra.

KOSTIR MÍNIR OG GALLAR: sama útfærsla – hengja blað upp, láta þau teikna en ekki skrifa kosti sína og galla. Teikningin sem slík skiptir engu máli, má vera eitt strik. Þau teikna upp a.m.k. 3-4 kosti og galla. Nota bene: gallarnir mega aldrei vera fleiri en kostirnir, hins vegar mega kostirnir vera endalausir. Fá þau til að segja frá einum kosti og einum galla.

Losa hnútinn: Fólk stendur í hring, allir eiga að loka augunum, rétta út hendurnar og labba inn í hringinn. Hver og einn á að finna hendur til að halda í. Þegar allir hafa fundið einhvern til að krækja saman höndum við, eiga allir að opna augun og í samvinnu að losa hnútinn, þ.e. flækjuna sem hefur myndast.

Haltur leiðir blindan: Nemendum er skipt upp í pör (tveir saman). Annar leikur blindan en hinn er leiðsögumaður. Það má ekki tala í leiknum. Einu samskiptin eru snerting lófa þannig að blindinginn leggur lófa hægri handar ofan á hægri lófa leiðsögumannsins. Leiðsögumaðurinn stjórnar ferðum þeirra með ákveðnum hreyfingum: Að ýta lófa upp merkir að nú fari þeir upp, t.d. upp á stól. Að lækka

lófann þýðir að nú fari þeir niður, t.d. skríða. Að draga lófann að sér, þýðir að nú á að fara áfram. Nauðsynlegt er að sýna nem. hvað um er að ræða og brýna fyrir þeim að fara varlega. Nemendur þurfa að þekkjast nokkuð vel áður en farið er í leikinn. Gott er að hafa umræður í lokin um líðan nemenda í leiknum.

Hver er ég? Allir fá eitthvað nafn límt aftan á bakið á sér, verða svo að reyna að komast að því hver þeir eru með því að spyrja aðra í salnum. Hinir eiga bara svara játandi eða neitandi.

Vináttuleikur: Stjórnandinn segir t.d. hvaða orð dettur ykkur í hug sem eru jákvæð annars vegar og neikvæð hins vegar. Stjórnandinn skrifar öll orðin upp á töfluna. Þegar nóg er komið að orðum er hópnum skipt upp í fjóra hópa og hver hópur velur sér 5 jákvæð orð og 5 neikvæð orð og skrifa þau niður. Hóparnir skiptast svo á spjöldum og eiga að skrifa sögu þar sem fram koma öll orðin tíu. Að því loknu er hægt að gera leikþátt út frá sögunni. Þetta verkefni gæti t.d. tengst vináttu.

Pönnukaka með sultu: Þátttakendur stilla sér upp í röð. Sá sem er fremstur er hann og á að binda trefil eða eitthvað álíka fyrir augun á honum þannig að hann sjái ekkert. Þegar allt er tilbúið og allir eru komnir í röð á einn þátttakandi að læðast hljóðlega úr röðinni og að hinum „blinda og segja með skrýttinni rödd „pönnukaka með sultu“ og fara svo aftur á sinn stað í röðina. Gettarinn eða sá sem er hann fjarlægir trefilinn frá augunum og á að finna út hver það var sem hvíslaði að honum. Áður en hann getur upp á hvíslaranum, á hann að segja upphátt hvað viðkomandi á að gera ef hann verður afhjúpaður eins og t.d. að hoppa á einum fæti í hálfa mínútu, gera tíu armbeygjur, syngja lag eða eitthvað álíka. Ef giskarinn getur ekki upp á rétttri manneskju þarf hann sjálfur að uppfylla verkefnið og halda áfram að vera giskarinn í næsta sinn.

20 spurningar: ein persóna hugsar sér eitthvað sem fellur undir dýr staði eða hluti og segir svo hinum leikmönnum hvaða flokk (hluturinn) tilheyrir. Svo spyrja leikmennirnir að spyrja spurninga sem má bara svara með já eða nei. T.d. ef um dýraflokk er að ræða: getur hlutinn flogið?, hefur hann fjóra fætur? Og svo eftir 20 spurningar ef að leikmennirnir hafa ekki getað giskað á réttan hlut þá fá þeir eitt lokatækifæri til þess að giska. Þar á eftir byrjar næsti leikmaður að giska. Það má t.d. velja annað heldur en dýr staði eða hluti. T.d. fræg lög, leikarar og svo frv.

Ræðukeppnin: allir sitja saman í hring og hver og einn dregur upp miðar úr hatti þar sem standa á spurningar. Hver og einn hefur síðan fimm mínútur til að undirbúa mínútu langa ræðu um staðhæfinguna/spurninguna sem þeir fá. Allir halda ræðu í hringnum. Eftir hverja ræðu eru gefnar tvær til þrjár mínútur fyrir athugasemdir og umræðu. Ef eitthvað efni vekur upp heitar samræður, munið eftir þeim og farið til þess efni aftur þegar hringnum lýkur.

Fréttablaðið: skipta hópnum niður í þrjá eða fjóra meðlima hóp. Þeir ræða saman um eitthvað fyrirframákveðið málefni. Síðan eiga hóparnir að búa til forsíðu á dagblaði, með tilbúnum fréttum og

fyrirsögnum sem tengjast málefnum og jafnvel teiknaðri „ljósmynd“. Þegar nægur tími hefur verið gefinn til að ljúka við forsíðuna er komið aftur saman í einn stóran hóp og hóparnir kynna forsíðuna sína. Hægt er að lengja þennan leik, og gera hann markvissari, með því að hópstjórnendurnir hafa ljósmyndir til reiðu sem hægt er að nota.

Búðu til fréttirnar: skiptu hópnum í tvennt. Biddu einn hópinn til að búa til fimm mínútna leikrit sem byggist á einhverjum atburði. Atburðir geta bæði átt sér stað í raunveruleikanum eða vera tilbúnir. Hinn hópinn samanstendur af fréttamönnum. Þegar leikritið er búið, yfirgefa fréttamennirnir herbergið. Þeir fá fimm mínútur til að undirbúa fréttirnar sínar (eins og þeir séu að flytja útvarps/sjónvarpsfrétt. Fréttamennirnir koma síðan inn einn í einu og flytja fréttina um atburðinn sem þeir sáu. Skráðu hverja frétt á sérstakt blað. Þegar fréttamennirnir hafa allir flutt fréttina, límdu blöðin upp á vegg og ræðið saman um hvernig fréttirnar voru mismunandi, af hverju, hvaða áhrif það hafði á atburðinn o.s.frv.

Leikritaleikur: hópnum er skipt upp í litla hópa með fjóra til sex meðlimi í hóp. Þeim er sett það verkefni að koma upp með stutt leikrit sem útskýrir eitthvað þema. Leikritið verður að vera orðlaust. Eftir að hverju leikriti líkur, ræðið í nokkrar mínútur um leikritið, áhorfendur koma með túlkun, og reyn að komast að því hvernig leikritið tengist þemanu. Síðan fær leikhópurinn tækifæri til að koma fram með punkta sem ekki komu upp í umræðunni.

Leikrit eftir pöntun: skiptu hópnum í hópa með þremur til átta þátttakendum. Gefðu hverjum hópnum blað með tíu til fimmtán orðum (t.d. áfengi, ofbeldi, heilbrigði o.s.frv.). Hóparnir verða síðan að búa til leikrit, tvær til þrjár mín, sem inniheldur öll orðin á listanum. Leikritin geta svo verið góð kveikja af góðum umræðum.

Í leit að mismuni: dreifið út blaði með lista sem segir fimm staðhæfingar um einstaklinginn, eins og ég var fædd í ..., trú mín er..., ég hef ofnæmi fyrir..., ég hata..., uppáhaldstónlistin mín er..., dreifið út þessum lista til allra ásamt pennum. Hver og einn á að fylla út listann, og síðan á að reyna að finna einhvern sem hefur sömu svörin við öllu spurningunum, ef ekki er hægt að finna það, reyn að finna einhvern með fjögur eins, eða þrjú eða tvö. Síðan umræður. Hvað fundust margir eins? Hvernig erum við öðruvísi? Hvernig getum við unnið saman þar sem við erum svo öðruvísi?

Dómínó: biddu eina manneskju í hópnum að hugsa upp tvennt sem einkennir þau og segja hópnum t.d. dæmis: á vinstri hlið minn er ég stelpa, á hægri hliðinni hef ég tvo bræður“ Síðan verður einhver í hópnum sem á það sameiginlegt að vera stelpa eða hafa tvo bræður að taka í þá hönd sem við á, og hrópa upp nýtt einkenni. Þessu lýkur þegar allir hafa tilkynnt eitthvað og eru komnir í hring og haldast í hendur. Ef eitthvað einkenni á enginn sameiginlegt með, biðjið viðkomandi að finna nýtt. Það þarf

ekki endilega að takast í hendur. Einnig er hægt að segja þ það veður að taka utan um axlir á viðkomandi, snerta fætur o.s.frv. Þessi leikur verður að ganga hratt fyrir sig, svo hann verður ekki leiðigjarn.

Mannabingó: hópstjórnendur hafa útbúið blað og dreifa til hópsins ásamt penna. Á blaðinu koma fram lýsingar eins og „er nýbúinn að mála húsið sitt, getur leikið á hljóðfæri, finnst gaman í fótbolta, o.s.frv. síðan eiga þátttakendur að ganga um hópinn og reyna að setja eitt nafn við hverja lýsingu, þar til allir reitir eru útfylltir. Ræðið síðan um hvernig leikurinn gekk, hvernig fólk í hópnum er öðruvísi, hæfileikaríkir, eins, hvernig kynjahlutföllin eru o.s.frv.

HVER ER ÉG: skiptið hópnum niður í litla hópa, og hver stjórnandi tekur einn hóp. Hver hópur ræðir saman um hvað við þurfum að vita um manneskja þegar við kynnumst henni fyrst. T.d. nafn, aldur, kyn, þjóðerni, fjölskyldu, trú, kynferði, vinna, tónlist, áhugamál, íþróttir o.s.frv. biddu síðan hópinn um að kynna sig hver fyrir öðrum eins og *þeir væru að hittast í fyrsta sinn. Þegar þessu er lokið, útskýrðu fyrir þeim að þeir ætli að komast að því hve mikið þeir eiga sameiginlegt. Gefðu blað og penna þar sem á er teiknuð stjarna og segðu þeim að núna eigi þeir að teikna sjálfsmyndina. Á hvern arma stjörnunnar skrifar hver og einn orð sem lýsir þeim vel og er mikilvægt fyrir sjálfsmyndina. Biddu síðan hópana að sameinast, og fólk gengur um og ber saman stjörnurnar og þegar þeir finna einhvern sem hefur sama arm á sinni stjörnu, á að skrifa það nafn við hliðina á stjörnunni. Allir koma síðan saman í einn stóran hóp, og tala um hve einstakir þeir voru. Hvað höfum við sameiginlegt, og hvað ekki. Hvernig erum við lík eða ólík í okkar hóp. Loksins, hugsið saman með hópnum tvær mismunandi hliðar af sjálfsmynd. Hvað erum við fædd með og hvað getum við breytt. Skrifid það upp á stórt blað svo allir geta fylgst með. Umræður, o.s.frv. lærðuð þið eitthvað um ykkur sjálf? Var erfitt að skrifa stjörnuna? Kom ykkur hinar stjörnunnar á óvart? Er erfiðara eða auðveldara að vinna með fólki sem er líkt okkur? Var eitthvað á einhverri stjörnunni sem olli miklu umróti og leiddi til þess að aðrir sögðu, ég er ekki“ t.d. ég er ekki fótboltaaðdáandi, ekki kristin! Hve mikið dæmum við fólk af einstaklingseinkennum og hve mikið á hópeinkennum. Erum við frjáls til að velja okkur sjálf.*

VIÐ FYRSTU SÝN: veldu myndir úr tímariti af fólki sem hefur áhugaverð andlit. Klippu út myndirnar og límdu þær efst á blað og skildu eftir nóg pláss fyrir neðan. Það verður að vera eitt blað fyrir hvern þátttakanda. Blöðunum er dreift ásamt penna. Biddu alla um að sitja í hring, líta á myndina, og skrifa það fyrsta sem þeim dettur í hug um manneskjuna NEDST á blaðsíðuna. Segðu manneskjunum að brjóta upp á blaðið svo að næsta manneskja sér ekki hvað þeir hafa skrifað. Haldið þessu áfram þangað til allir eru búnir að segja eitthvað um hvert andlit. Þegar þessu er lokið, berið saman mismunandi túlkanir á myndunum. Átti álit okkar mikið sameiginlegt? Hvað kom okkur á óvart?

ÁHRIFAVALDAR Í LÍFI MÍNU: Blað límt upp á vegginn, þau eiga að teikna hver á sinn hátt (hvort sem er um að ræða skífurit, teikningar, línurit eða hvað sem er, hverjir hafa verið áhrifavaldar í lífi þeirra. Það er hægt að takmarka þetta við eitthvað tímaskeið sbr. Síðastliðinn 3 ár eða alla ævi. Ýmsar leiðir. Stjórnendur taki þátt í þessu líka. Þegar þessu er lokið er gott að fá þau til að segja okkur aðeins frá því sem kom upp í huga þeirra.

KOSTIR MÍNIR OG GALLAR: sama útfærsla – hengja blað upp, láta þau teikna en ekki skrifa kosti sína og galla. Teikningin sem slík skiptir engu máli, má vera eitt strik. Þau teikna upp a.m.k. 3-4 kosti og galla. Nota bene: gallarnir mega aldrei vera fleiri en kostirnir, hins vegar mega kostirnir vera endalausir. Fá þau til að segja frá einum kosti og einum galla.

Mælistikan: Þessi æfing er gulls í gildi sem verkfæri til þess að „taka púlsinn“ á skoðunum hópsins. Hana má nota í ýmsu samhengi, en það er ágætt að spyrja nokkurra sakleysislegra spurninga fyrst til þess að kynna æfinguna fyrir hópnum. Leiðbeinandi biður hópinn um að ímynda sér línu eða nokkurs konar mælistiku sem nær þvert yfir gólfið í stofunni/salnum. Annar endinn á mælistikunni tákna „mjög sammála“ og hinn endinn „alls ekki sammála“. Stjórnandinn varpar nú fram einfaldri spurningu eða staðhæfingu. T.d.: Ég tel kannabis efni vera skaðleg? Hver og einn svarar þá staðhæfingunni með því að taka sér stöðu á samsvarandi stað á línunni/mælistikunni. Sá/sú sem hefur mjög mikinn áhuga á leikhúsi myndi þá t.d. staðsetja sig alveg úti á enda („mjög sammála“), á meðan sá/sú sem hefði bara svolítinn áhuga myndi staðsetja sig einhvers staðar á milli „alls ekki sammála“ og miðjunnar. Ath. allur hópurinn er beðinn að svara samtímis. Þannig verður til nokkurs konar súlurit sem er hægt að lesa úr í sviphendingu. Látið hópinn standa á sínum stað í svolitla stund og ræðið niðurstöðurnar.

Hér á eftir eru nokkrar hugmyndir að staðhæfingum sem mætti nota :

- Útlitið lýsir innri manni.
- Það er of mikil útlitsdýrkun í samfélaginu.
- Það skiptir mig miklu máli að líta vel út.
- Fötin skapa manninn.
- Ég er fordómalaus gagnvart ljótu fólki.
- Lýtaaðgerðir eiga aldrei rétt á sér.
- Ég myndi fara í lýtaaðgerð ef mér væri boðin hún.
- Hversu miklu máli skiptir útlitið í raun og veru?
- Spáið þið einhvern tíma í það hverju það myndi breyta ef þið lituð öðru vísi út?
- Hafið þið einhvern tíma lent í því að uppgötva að einhver hefur allt aðra mynd af ykkur en þið sjálf?

Kynbundin ímynd :– Fáíð hópinn til að teikna hina fullkomnu konu auglýsingaheimsins annarsvegar og hinn fullkomna karl auglýsingarheimsins hinsvegar. Skoðið myndirnar ykkar og ræðið. Eru þessar ímyndir nálægt raunveruleikanum? Eru þetta ímyndir sem þið tengið við eða samsamið ykkur með? Hver og einn teiknar nú mynd af hinni fullkomnu kvenímynd og fullkomnu karlímynd út frá sínum eigin huga. Sýnið hinum hópnum. Hver er munurinn á þessum tveimur klippimyndum? Hvaða munur er mest áberandi? Skriðið nokkur lykilorð sem skilgreina muninn á myndunum tveimur.

SAMNINGUR

Jafningjafræðsla Hins Hússins kt.: 530269-7609 og ASÍ kt: 420169-6209

gera með sér svohljóðandi samning: Jafningjafræðslan uppfræðir ungmenni í Vinnuskóla Reykjavíkur um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði í fræðslu hjá sér sumarið 2009. Á móti styrkir ASÍ Jafningjafræðsluna með fjárframlagi.

1. Jafningjafræðslan mun fjalla um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði í fræðslu hjá sér sumarið 2009
2. Alþýðusamband Íslands styrkir Jafningjafræðsluna um 200.000 kr. og heldur eina fræðslu á undirbúningsnámskeiði Jafningjafræðslunnar.
3. Logó Alþýðusambands Íslands verður auglýst vel á heimasíðu Jafningjafræðslunnar, bæði undir fréttum og undir velunnurum. Logó Alþýðusambands Íslands mun einnig birtast á öllu dreifiefni frá Jafningjafræðslunni, plakötum, bæklingum og slíku. Við munum einnig reyna að koma Alþýðusambandi Íslands að í fjölmiðlaumfjöllun um okkur er tækifæri gefst.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Dagsetning: _____

F.h. Jafningjafræðslunnar

F.h. Alþýðusambands Íslands

SAMNINGUR

Jafningjafræðsla Hins Hússins kt.: 530269-7609 og Vífilfell kt: 470169 – 1419

gera með sér svohljóðandi samning um að Jafningjafræðslan kynni drykkinn Topp fyrir ungmönnum í fræðslu hjá sér sumarið 2009. Einnig liggur fyrir viljrði frá Vífilfelli um að halda áfram slíku samstarfi við okkur þegar kemur að áætlaðri sveitaferð okkar í lok júlí.

1. Jafningjafræðslan mun dreifa Toppí til nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur og í ÍTR hópum í júní-júlí. Jafningjafræðslan mun einnig dreifa Toppí í fræðslu úti á landsbyggðinni verði farið í þær. Heildarfjöldi nemenda í fræðslu árið 2009 (fyrir utan landsbyggðina og einstaka auka fræðslu) er tæplega 1300.
2. Samningur hljóðar upp á 100.000 kr. auk úttekta í formi drykkja. Jafningjafræðsla Hins Hússins mun senda reikning stílaðan á Vífilfell kt: 470169 – 1419 vegna peningastyrks.
3. Toppur mun vera auglýstur í fræðslu og auglýstur vel á heimasíðu Jafningjafræðslunnar. Topp lógó mun birtast á heimasíðunni og á öllu dreifiefni frá Jafningjafræðslunni, plakötum, bæklingum og slíku. Toppur verður nefndur í allri fjölmiðlaumfjöllun og auglýstur er tækifæri gefst.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Dagsetning: _____

F.h. Jafningjafræðslunnar

F.h. Vífilfells

SAMNINGUR

Jafningjafræðsla Hins Hússins kt.: 530269-7609 og VÍS kt: 690689-2009

gera með sér svohljóðandi samning: Jafningjafræðslan uppfræðir ungmenni í Vinnuskóla Reykjavíkur um mikilvægi þess að vera vímulaus í umferðinni og um slæmar afleiðingar aksturs undir áhrifum. Á móti styrkir VÍS Jafningjafræðsluna með fjárframlagi sem verður notað í að halda tvær vímulausar uppákomur fyrir ungt fólk ásamt því að kaupa sérstaka Jafningjafræðslu boli fyrir 10 fræðara.

1. Jafningjafræðslan uppfræðir ungmenni í Vinnuskóla Reykjavíkur um mikilvægi þess að vera vímulaus í umferðinni og um slæmar afleiðingar aksturs undir áhrifum.
2. VÍS styrkir Jafningjafræðsluna um 250.000 kr. og heldur eina fræðslu á undirbúningsnámskeiði Jafningjafræðslunnar. Þessi fjárstyrkur rennur beint upp í kostnað Jafningjafræðslunnar við að halda tvær vímulausar uppákomur fyrir ungt fólk. Þessar uppákomur fara báðar fram í Júlí 2009, önnur verður á Austurvelli hin í Laugardalslaug. Við ætlum einnig að nýta styrkinn í kaup á einkennisbolum fyrir þá 10 fræðara sem eru í vinnu hjá okkur í ár.
3. Logó VÍS verður auglýst vel á heimasíðu Jafningjafræðslunnar, bæði undir fréttum og undir velunnurum. Logó VÍS mun einnig birtast á öllu dreifiefni frá Jafningjafræðslunni, bolum, plakötum, bæklingum og slíku. Við munum einnig reyna að koma VÍS að í fjölmiðlaumfjöllun um okkur er tækifæri gefst. Á umræddum ofangreindum uppákomum verður merki VÍS mjög áberandi svo lengi sem VÍS getur útvegað okkar tilheyrandi auglýsingarefni (t.d. skiltum, fánum o.s.frv.). Logo Vís verður efst og stærst á umræddum jafningjafræðslubolum.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Dagsetning: _____

F.h. Jafningjafræðslunnar

F.h. Vátryggingafélags Íslands

Auglýsing fyrir götuhátíð

Götuhátíð

Jafningjafræðslunnar og VÍS

á Austurvelli

Þóstudaginn 10. júlí kl. 15:00


Tónlistarveisla • Sprell • Wally götulistamaður • Mini golf
Grillaðar pylsur, bergtoppur, nammi, candy floss, smokkar o.fl. í boði á meðan birgðir endast.
Þrautir og leikir þar sem hægt er að vinna sér inn gjafabréf frá Serrano
ásamt hárvörum frá Loga og Bjögga.

Fram koma:

Anna Hlín Bermuda BMV
Haffi Haff Bróðir Svartúlfs
Jón Ragnar Jónsson Iris Hólm
Oddur Júlíusson Ramses Kicks
Sing for me We went to
Sandra Space

Loga og Bjögga
www.jafningjafræðslan.is

Einkennisbolir fyrir götuhátíð



LÓGÓIN ERU Í ÞESSARI RÖÐ:
VIS EFT OG STÆRST
SVO KOMA LITLU :

HITT HÚSIÐ (uppi vinstu megin)
VÍÐUFELL
ASÍ
HEXA

LYDHELSUSTÖÐ (UPPI HÆGRA MEGIN)
ID-11
ALCAN
Reykjavíkurborg

5. LOKAORÐ



Síðustu tólf mánuðir hafa verið einstaklega lærdómsfullur og þroskandi. Í heildina má segja að öll helstu markmið hafi gengið upp. Ég verð einnig að viðurkenna að ég endurskoðaði minn eigin lífstíl eftir að hafa setið undirbúningsnámskeið Jafningjafræðslunnar þrátt fyrir að hafa talið mig lífa mjög heilsusamlegu lífi fram að því. Þetta sýnir ágætlega þau miklu áhrif sem að gott upplýsingaflæði, þekking og umræða getur haft á sjálfsmynd einstaklings og að góð vísa sé sjaldan of oft kveðin.

Fræðslustarfið gekk vonum frammar í ár, við lyftum grettistaki í kynningarvinnu, gerðum nokkrar grundvallarbreytingar á starfinu og áttuðum okkur á hvað betur mætti fara fyrir næsta ár. Það var einnig ánægjulegt að sjá hvað Jafningjafræðslan hefur jákvæða ímynd í hugum margra því flestir eru tilbúnir til að leggja okkur lið með einhverjum hætti í baráttunni. Við erum einnig sérstaklega stolt af þeim árangri að hafa náð að fá inn nýja og öfluga styrktaraðila sem gátu styrkt okkur fjárhagslega þrátt fyrir slæmt efnahagsástand í samfélaginu. Ég tel vera gríðarlega mikla þörf fyrir jafningjafræðslu hjá ungmennum í nútímasamfélagi og ég tel að allir eigi rétt á a.m.k. einni slíkri fræðslu á unglingsárum sínum. Mikil þörf er á að leiðrétta ranghugmyndir um útlitsdýrkun, kannabis og áfengi en við rekum okkur á slíkar ranghugmyndir í hverri einustu fræðslu.

Ég mikla áherslu á fagleg vinnubrögð til að ná fram sem bestum árangri. Það er t.d. mjög gagnlegt að rýna í Svót-greiningu Jafningjafræðslunnar hér fyrir ofan þar sem fram koma frábærar hugmyndir og tækifæri sem blasa við Jafningjafræðslunni. Þar sést að jarðvegurinn fyrir frekari vöxt verkefnisins er til staðar og t.d. má nefna : að hægt er efla innra starf Jafningjafræðslunnar í framhaldsskólum, búa til sjónvarpsauglýsingar og að koma á samstarfi við íþróttahreyfingar landsins. Þarna má sjá að tækifærin blasa við Jafningjafræðslunni sem hefur miklar forsendur til að vaxa og dafna í framtíðinni sé rétt er haldið á spöðunum. Þrátt fyrir að slík endurskoðun á innra starfi og þróun í takt við tíðarandann sé nauðsynleg þá er engu að síður mjög mikilvægt að feta hinn gullna meðalveg þegar kemur að því að gera grundvallarbreytingar á starfi Jafningjafræðslunnar. Gæta verður þess að Jafningjafræðslan tapi aldrei sérstöðu sinni gagnvart ungu fólki, því þar liggur hennar helsti styrkleiki. Helsta sérstaða Jafningjafræðslunnar er að mínu mati bein tengsl hennar við ungt fólk, jákvæð ímynd hennar og sú staðreynd að Jafningjafræðslan virkjar ungt fólk til að hugsa og taka ábyrgð á sjálfum sér og öðrum á uppbyggjandi hátt.

Meginvandi verkefnisins er augljóslega tengdur fjármagni. Tryggt fjármagn er ekki fyrir hendi og því þarf að sækja fjármagn með krókaleiðum með styrkjum hér og þar. Til að verkefnið geti skilað bestum mögulegum árangri og blómstrað þarf að sjálfsögðu að byggja á traustum fjárhagslegum grundvelli vetur jafnt sem sumar. Ljóst er að aðalstyrktaraðili sem gæti stutt við þetta frábæra málefni allt árið um kring myndi breyta miklu í þessu tilliti.

Takk fyrir mig

Jón Heiðar Gunnarsson

Framkvæmdastjóri Jafningjafræðslu



TAKK FYRIR OKKUR!!

Jafningjafræðslan 2009